# FRÉTTABLAÐIÐ

149. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 25. JÚNÍ 2016











FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

## Hildur Þórðardóttir, Davíð Oddsson, Elísabet Kristín Jökulsdóttir, Andri Snær Magnason, Halla Tómasdóttir, Sturla Jónsson, Ástþór Magnússon, Guðrún Margrét Pálsdóttir, Guðni Th. Jóhannesson

# Veldu nú

→22



BREXIT – HVAÐ GERIST NÆST? 6, 8 OG 10 ● BAK VIÐ TJÖLDIN Í FRAKKLANDI 26 ● FORSETAR FYRRI TÍMA 24 ● KOSNINGASTUÐ FORSETAFRAMBJÓÐENDANNA 50 ● PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Í dag viðrar vel til kosninga og almennrar útiveru, en það stefnir í hægan suðlægan vind um allt land og skýjað veður, en að mestu þurrt. Hiti 10 til 20 stig, hlýjast austanlands.

SJÁ SÍÐU 38

# Fleiri utankjörfundaratkvæði en áður



Um 29 þúsund manns á höfuðborgarsvæðinu höfðu greitt atkvæði utankjörfundar klukkan níu í gærkvöldi, en kjörstað var lokað klukkan tíu. Talsvert fleiri höfðu kosið utan kjörfundar en í síðustu forsetakosningum þegar 27 þúsund greiddu atkvæði. Röð myndaðist í gær þegar um 4.300 manns greiddu atkvæði í Perlunni. Hún ku þó hafa gengið nokkuð hratt fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Dæmdur í fimm ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær Rúnar Þór Jóhannsson í fimm ára fangelsi fyrir tilraun til manndráps.

Rúnar Þór stakk vin sinn með hníf fyrir utan stúdentagarðana við Sæmundargötu í mars síðastliðnum. Hnífstungan hæfði fórnarlambið í lifrina og orsakaði lífshættulega slagæðarblæðingu og loftbrjóst.

Fyrir dómi játaði Rúnar Þór verknaðinn. Verjandi hans taldi ekki rétt að sakfella hann fyrir tilraun til manndráps þar sem enginn ásetningur til dráps hafi legið að baki. Rétt hefði verið að sakfella hann fyrir alvarlega líkamsárás.

Í niðurstöðu dómsins segir að það hafi skipt sköpum að skurðteymi var statt á sjúkrahúsinu og aðeins hending að ekki fór verr. Rúnari Þór gæti ekki hafa dulist að líklegast væri að vinur hans hlyti bana af atlögunni. Því var hann sakfelldur fyrir tilraun til manndráps. – sg

## Fréttastofa 365 öflug á kjördag

**FRÉTTIR** Eftir fréttir Stöðvar 2 klukkan 18:30 í kvöld tekur kosningavakt fréttastofu við til 22.30 eða þar til línur eru farnar að skýrast almennilega. „Forsetaframbjóðendur og kosningastjórar þeirra gera upp kosningabaráttuna. Sérfræðingar munu fara yfir tölurnar er þær berast og við verðum í þráðbeinum útsendingum frá kosningaskrifstofunum og kosningapartíum,“ segir Kjartan Hreinn Njálsson, umsjónarmaður kvöldfrétta.

Vísir mun jafnframt standa vaktina og birta nýjustu tölur úr kosningunum um leið og þær berast. – snæ

> Við verðum í þráðbeinum útsendingum frá kosningaskrifstofunum og kosningapartíum.
>
> Kjartan Hreinn Njálsson, umsjónarmaður kvöldfrétta Stöðvar 2

## Einn lést í umferðarslysi á Öxnadalsheiði

**BANASLYS** Einn lést í árekstri þriggja bíla á Öxnadalsheiði í gærmorgun. Einn er alvarlega slasaður en fjórtán aðrir farþegar voru fluttir á sjúkrahús lítið eða ekkert slasaðir.

Það voru fólksbíll, jeppi og smárúta sem rákust á en í rútunni voru alls tólf farþegar.

Slysið varð þegar ein bifreið tók fram úr annarri í þann mund sem smárúta á norðurleið kom á móti bílunum.

Bíllinn sem tók fram úr valt út af veginum og rútan og hinn bíllinn skullu saman. Tveir voru í jeppanum og tveir í fólksbílnum.

Þjóðvegi eitt var lokað í fjórar klukkustundir vegna slyssins. Mikil örtröð og bið myndaðist við Múlagöng vegna þessa en lögregla beindi þeim tilmælum til vegfarenda að aka um Ólafsfjarðarveg til Skagafjarðar. – sks




# Ríkið afsalar sér fimm hundruð milljónum

Sjómenn skrifuðu undir nýjan kjarasamning í gær. Fyrri samningur, sem rann út 2011, var framlengdur með breytingum. Ríkið gefur vilyrði um að hluti fæðispeninga verði skattfrjáls. Vinna á að heildarendurskoðun samninga sjómanna.

**KJARAMÁL** Sjómenn og útgerðarmenn skrifuðu undir nýjan kjarasamning hjá ríkissáttasemjara í gær. Nýr samningur gildir til ársloka 2018. Á samningstímanum á að ráðast í heildarendurskoðun á samningum sjómanna.

Viðræðurnar hafa staðið nær stanslaust með einu hléi frá því í fyrrahaust, en sjómenn hafa verið án samnings frá ársbyrjun 2011.

Samningurinn er framlenging á gildandi samningi með þeim breytingum að kauptrygging sjómanna hækkar frá 1. júní um 23 prósent og verður 288 þúsund krónur. „Í samningslok 31. desember 2018 verður kauptryggingin 310 þúsund krónur. Aðrir kaupliðir hækka um 17,1 prósent á samningstímanum,“ segir á vef sjómanna.

Þá fylgir nýjum kjarasamningi bókun um vilyrði fjármálaráðuneytisins fyrir því að hluti fæðispeninga sjómanna verði skattfrjáls. Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands, segir þá leið ekki hafa verið útfærða að fullu, en fyrir liggi að ríkið afsali sér þar um hálfum milljarði af skattekjum sem í staðinn komi í vasa sjómanna. „Þetta er auka inni í samningnum sem ekki hefur verið áður,“ segir hann.

Meðal þess sem sjómönnum þyki mest virði í nýjum samningi segir Valmundur vera bókun um að farið verði í könnun á hvíldartíma sjómanna og mönnun flotans. „Samgöngustofa hefur forgöngu um könnunina, en hún er gerð til að reyna að ná utan um þetta mikla hagsmunamál sjómanna, um mönnun fiskiskipa, því okkur þykir allt of fáir á sumum tegundum fiskiskipa.“



Hjá ríkissáttasemjara eru bakaðar vöfflur þegar samningar nást. Hér gæða forystumenn sjómanna, Árni Bjarnason formaður Farmanna og fiskimannasambandsins og Valmundur Valmundsson formaður Sjómannasambandsins, sér á veitingunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **23%**
> hækkun verður á kauptryggingu sjómanna frá 1. júní.

> Gerð verður könnun á hvíldartíma sjómanna og mönnun flotans.

Þá skipti máli ákvæði um að ráðist verði í endurgerð kjarasamninga sjómanna undir forystu ríkissáttasemjara á meðan á samningstímanum standi. „Þá vinnu er búið að tímasetja og verður samninganefnd frá öllum aðilum sem fer yfir samninginn og við ætlum að reyna að endurskrifa hann, því að í grunninn til er hann orðinn 25-30 ára gamall.“

Valmundur segir fullan vilja hjá öllum til að ráðast í þetta verkefni og ekki ástæðu til annars en að ætla að það gangi eftir, þótt nokkurn tíma hafi tekið að koma á samningi nú. „Við skilum ákveðnum verkefnum á tíma hjá ríkissáttasemjara, sem heldur utan um verkið.“

olikr@frettabladid.is

HÚSASMIÐJAN
blómaval

60 ÁRA 1956 - 2016
Húsasmiðjan fagnar
60 ára afmæli

**Brjáluð tilboð**
Aðeins brot af úrvalinu

# GARÐA DAGAR

**50% afsláttur**
Birki 70-100 cm
**999 kr**
~~1.990~~

**50% afsláttur**
Birki 40 stk
**2.490 kr**
~~4.990~~

**40% afsláttur**
Margarita
**999 kr**
~~1.690~~

**60% afsláttur**
Sólboði
**499 kr**
~~1.290~~

Claber
**Slönguhjól**
Tekur 60 m af 1/2" slöngu.
5081658
30% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**3.695 kr**
~~5.249 kr~~

25% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**2.621 kr**
~~3.495 kr~~
**Stunguskófla**
Green-It.
5084297

BETRA VERÐ / BETRA VERÐ
**990 kr**
**Strákústur**
40 cm með skafti.
5044450

BETRA VERÐ / BETRA VERÐ
**1.195 kr**
**Slanga græn**
1/2" 15 m.
5087001

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**55.245 kr**
~~64.995 kr~~
15% afsláttur
**Sláttuvél Razor 4680 TR/W með drifi**
B&S mótor, 140 cc, 46 cm sláttubreidd.
5085303

25% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**5.995 kr**
~~7.995 kr~~
Claber
**Garðvagn**
5081642

BETRA VERÐ / BETRA VERÐ
**15.995 kr**
**Keðjusög EKSN-2200W**
40 cm blað.
5083730

30% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**13.295 kr**
~~18.995 kr~~
**Rafmagnshekkklippur GT5050**
500W, 50 cm blað, klippigeta 22 mm.
5083643

25% afsláttur
**Vermireitur svartur**
126x70x29 cm.
604204
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**7.490 kr**
~~9.990 kr~~

JOTUN Treolje
3 ltr
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**1.995 kr**
~~2.385 kr~~
16% afsláttur
**Pallaolía Jotun Treolje**
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg glær, gullbrún, græn og einnig hægt að blanda aðra liti.
7049123-27

OUTBACK
ÞÚ SPARAR: 5.000 kr
**21.900 kr**
~~26.900 kr~~
18% afsláttur
**Gasgrill með gashellu**
Omega 250 gasgrill, 2ja brennara með hliðaborði og gashellu. Grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara.
3000298

**20% afsláttur**
Útipottar og svalaker

Allir garðstólar
**20% afsláttur**
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**9.990 kr**
~~12.900 kr~~
**Garðstóll Kingsbury**
Með stillanlegum örmum.
3899088

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

**TÖLUR VIKUNNAR** 19.06.2016 - 25.06.2016

**72%**
**BARNA**
voru við svo góða tannheilsu í fyrra að ekki þurfti að gera við neina tönn.

**332.529**
var íbúafjöldi Íslands þann 1. janúar síðastliðinn.

**4,5%**
hagvöxtur verður í ár gangi spár eftir.



**3.000**
**ÍSLENDINGAR**
fengu miða á leik Íslands gegn Englendingum í 16 liða úrslitum EM.

**2040**
ætlar Reykjavíkurborg að vera kolefnishlutlaus borg.

**50%**
aukning varð á kortaveltu útlendinga hérlendis í maí, miðað við sama mánuð í fyrra.

**900.000**
**TONNA STOFN**
íslensku sumargotssíldarinnar hefur minnkað um helming vegna áfalla.

## Þrjú í fréttum
### Heimsfrægð, misrétti og vantraust

**Guðmundur Benediktsson**
*íþróttafréttamaður á 365*



er orðinn heimsfrægur eftir að lýsing hans á sigurmarki Íslands á móti Austurríki fór á flug á netinu. Fjöldi stórra sjónvarpsstöðva sýndi sigurmark Arnórs Ingva Traustasonar með lýsingu Gumma Ben og Gummi fór í viðtöl hjá nokkrum þeirra. Gumma fannst athyglin sem hann fékk óþarflega mikil en tók það fram að það væri frábært að vera smá þátttakandi í stund strákanna.

**Þórunn Sveinbjarnardóttir**
*formaður BHM*



sagði niðurstöður kjarakönnunar meðal félagsmanna sýna að umfang kynbundins launamunar væri það mikið að um mannréttindabrot væri að ræða. Kynbundinn launamunur reyndist vera 11,7 prósent í fyrra. Þórunn sagði þetta vanda samfélagsins. Á endanum væri það þannig að ævitekjur kvenna væru lægri en karla vegna misréttisins.

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir**
*fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar*



sagði núverandi formann flokksins, Oddnýju Harðardóttur, hafa brugðist í Landsdómsmálinu. Ingibjörg sagði það hafa verið sér tilfinningalega mjög erfitt að samherjar hefðu viljað ákæra hana. Hún kvaðst ekki treysta því fólki sem greiddi ákærunni atkvæði.

# KSÍ hagnast verulega á EM

**Með góðu gengi íslenska karlalandsliðsins í fótbolta hefur KSÍ nú þegar tryggt sér tæplega 1,5 milljarða króna. 300 milljónir renna til aðildarfélaga KSÍ en ekki liggur frekar fyrir hvernig tekjunum verði ráðstafað.**

Þórdís Valsdóttir
thordis@365.is

**ÍÞRÓTTIR** Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) hefur nú þegar tryggt sér rúmlega 276 milljónir króna af þeim þremur leikjum sem íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu hefur leikið á Evrópumeistaramótinu.

Þar að auki fær KSÍ um 206 milljónir fyrir að liðið komst upp úr riðlinum og í sextán liða úrslit með sigrinum á Austurríkismönnum á miðvikudag. Ekki má gleyma því að KSÍ hafði einnig tryggt sér ríflega milljarð króna með þátttöku landsliðsins á mótinu.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, segir veltu KSÍ tvöfaldast á þessu ári út af mótinu. „Fyrirkomulag UEFA er í stuttu máli þannig að við fáum átta milljónir evra fyrir þátttökuna en við berum allan kostnaðinn sjálfir við hana. Allt sem við gerum hér í Frakklandi er greitt af sambandinu og sá kostnaður er gríðarlegur.“

Ljóst er að til mikils er að vinna og ef gott gengi landsliðsins heldur áfram í næstu leikjum þá er töluvert meira fé í pottinum. Sambandið fær um 344 milljónir ef landsliðið kemst í átta liða úrslit og um 550 milljónir ef það kemst í undanúrslit á mótinu. Þá hljóta Evrópumeistarar í fótbolta um 1.110 milljónir fyrir sigurleikinn og silfurverðlaunahafarnir um 688 milljónir króna.

Geir segir að sú ákvörðun hafi verið tekin áður en út var haldið að 300 milljónir króna rynnu til aðildarfélaga KSÍ. „Ráðgert var að megnið af okkar tekjum af mótinu færi til aðildarfélaganna. Nú erum við hins vegar að fá viðbótartekjur og þeim hefur ekki verið ráðstafað að öðru leyti,“ segir Geir og bætir við að því lengra sem landsliðið fari á mótinu, því meiri verði kostnaðurinn sem KSÍ ber.

### Hagnaður KSÍ til þessa

| | |
|---|---|
| Fyrir þátttöku í EM | 1.100 milljónir |
| **Ísland – Portúgal** Fyrir jafntefli | 69 milljónir |
| **Ísland – Ungverjaland** Fyrir jafntefli | 69 milljónir |
| **Ísland – Austurríki** Fyrir sigur | 138 |
| Fyrir að komast í 16 liða úrslit | 206 milljónir |
| **Samtals** | **1.582 MILLJÓNIR** |

### Til hvers er að vinna?

| | |
|---|---|
| Ef Ísland kemst í **8 liða úrslit** | 344 milljónir |
| Ef Ísland kemst í **undanúrslit** | 550 milljónir |
| Ef Ísland lendir **í öðru sæti** | 688 milljónir |
| Ef Ísland vinnur **úrslitaleikinn** | 1.100 milljónir |
| **Ef Ísland vinnur EM** | **3.576 MILLJÓNIR** |



Að sögn Geirs er KSÍ einnig með afrekskerfi fyrir leikmenn liðsins og þjálfara svo hluti af tekjunum mun fara í það. Hann segir bónusgreiðslur til leikmanna vera trúnaðarmál. „Það er samkomulag á milli KSÍ og leikmannanna,“ segir Geir.

„Ef við náum svo langt að vinna þessa keppni þá hefur það verulega jákvæð áhrif á fjárhag Knattspyrnusambandsins,“ segir Geir glettinn.

> **Ef við náum svo langt að vinna þessa keppni þá hefur það verulega jákvæð áhrif á fjárhag Knattspyrnusambandsins.**
> Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ



> **KSÍ er með afrekskerfi fyrir leikmenn liðsins og þjálfara. Bónusgreiðslur til leikmanna eru samkomulag á milli KSÍ og leikmannanna og eru trúnaðarmál.**




Vegna breytinga á húsnæði í 101 þá er til sölu mikið af vönduðu efni svo sem: glerveggir/kerfisveggir(90m), ofnar(100 st),rúllugluggatjöld(99st), kerfisloft(500fm), ljós(80 st), móttökuborð, eldhúsháfur, raflagnaefni, skápar, viftur, loftræsti-og kælikerfi, ljósavél, hurðir, teppaflísar, WC ofl. Sjá: www.efnisveita.wix.com/0101 eða gsm 868 5007. Allt fæst með 60% afslætti.


# Sakfelldur fyrir að flengja barn

**DÓMSMÁL** Tuttugu og átta ára gamall karlmaður var sakfelldur í Héraðsdómi Norðurlands eystra þann 10. júní síðastliðinn fyrir brot gegn barnaverndarlögum og líkamsárás með því að hafa flengt stjúpson sinn. Það gerði hann í því skyni að aga hann vegna óþekktar og voru afleiðingarnar þær að drengurinn marðist á rassinum. Atvikið átti sér stað í mars síðastliðnum. Maðurinn hlaut fjögurra mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm.

Í dóminum segir að ákærði hafi skýlaust viðurkennt sakargiftir hjá lögreglu og fyrir dómi og hafi ekki neinn sakaferil. Þá segir að það sé metið manninum til refsiþyngingar að verknaðurinn hafi beinst gegn ungu barni á heimili sínu. Fyrir dómi greindi maðurinn frá því að verknaðinn hefði hann framið vegna fávísi og að um hefði verið að ræða uppeldisaðferð sem notuð hefði verið sem neyðarúrræði í hans eigin uppeldi.




Maðurinn var sakfelldur fyrir að flengja stjúpson sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Fordæmi eru til fyrir því að einstaklingar séu sakfelldir fyrir að flengja börn sín en til að mynda var faðir fjögurra ára drengs sakfelldur í Héraðsdómi Reykjaness árið 2015 fyrir að flengja hann. Hann var dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi. **– ngy**

# Horfum til framtíðar

Við þökkum kærlega fyrir ferðalagið og þann mikla velvilja sem okkur hefur verið sýndur.

Við treystum okkur til góðra verka og viljum vinna af heilindum fyrir land og þjóð.

Nýtum kosningaréttinn, horfum til framtíðar og kjósum með hjartanu.

Andri Snær og Margrét Sjöfn





Nigel Farage, formaður UKIP, var einna ánægðastur með niðurstöður kosninganna. NORDICPHOTOS/AFP




Stemningin var súr í höfuðstöðvum Stronger In herferðarinnar sem barðist gegn Brexit þegar niðurstöður voru ljósar. NORDICPHOTOS/AFP

# Höfuð fjúka vegna útgöngu Breta

**Bretar kusu útgöngu úr Evrópusambandinu í fyrradag. Forsætisráðherra Bretlands tilkynnti í gær að hann myndi segja af sér vegna útgöngunnar. Ráðamenn innan Evrópusambandsins segja Breta verða að fara strax. Glundroði ríkti í fjármálaheiminum.**

**Brexit**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is
Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Fimmtíu og eitt komma níu prósent Breta kusu að Bretland yfirgæfi Evrópusambandið, svokallað Brexit. Þetta kom í ljós þegar talið var upp úr kjörkössum í fyrrinótt. Í kjölfarið tilkynnti forsætisráðherrann David Cameron að hann myndi láta af embætti í haust en hann var einarður stuðningsmaður áframhaldandi veru innan sambandsins.

Niðurstöður voru ólíkar milli landshluta. Skotar studdu áframhaldandi veru innan ESB með 62 prósentum atkvæða. Þá kusu Norður-Írar áframhald með 55,8 prósentum atkvæða. Englendingar og Walesverjar voru hlynntir Brexit. 52,5 prósent íbúa Wales kusu Brexit en 53,4 prósent Englendinga. Lundúnabúar voru hins vegar andvígir og kusu um sextíu prósent áframhaldandi veru.

Þeir vegfarendur sem blaðamaður Fréttablaðsins náði tali af í Lundúnum voru í losti og sögðust ekki hafa búist við þessari niðurstöðu. „Ég vaknaði í öðru landi. Ekki í mínu landi," sagði einn vegfarenda á meðan aðrir lýstu yfir töluverðum áhyggjum. Margir hverjir höfðu áhyggjur af fjármálum sínum og innflytjendur vissu ekki hvort þeir væru velkomnir lengur.

Eldra fólk var mun hlynntara Brexit en það yngra og skilaði sér betur á kjörstað. Alls voru 72 prósent Breta á aldrinum átján til 24 ára andvíg á meðan 66 prósent kjósenda yfir 65 ára voru hlynnt. „Hvað hafa foreldrar okkar gert?" spurði einn vegfarenda blaðamann Fréttablaðsins.

„Bretar hafa tekið skýra ákvörðun um að velja aðra leið en mína. Því tel ég þörf á nýjum leiðtoga sem getur stýrt Bretlandi á þeirri leið," sagði Cameron fyrir utan bústað forsætisráðherra í Downingstræti. Cameron hyggst hins vegar stýra Bretlandi næstu mánuði en býst við því að nýr forsætisráðherra taki við í október. Óvíst er hver tekur við af Cameron en fjölmiðlar í Bretlandi spá því að Boris Johnson, fyrrverandi borgarstjóri Lundúna, og Michael Gove dómsmálaráðherra séu líklegir. Þeir börðust báðir fyrir Brexit.

Stöðugleiki var lítill í fjármálaheiminum í gær. FTSE-vísitalan hrapaði um átta prósent þegar markaðir opnuðu. Hún rétti þó lítillega úr kútnum þegar leið á daginn. Hlutabréf í breskum bönkum lækkuðu í verði en hlutabréf í Barclays og RBS lækkuðu um nærri tuttugu prósent. Þá féll gengi pundsins gagnvart Bandaríkjadal um tíu prósent árla morguns og hafði ekki verið jafnlágt frá árinu 1985.

> **Bretar hafa tekið skýra ákvörðun um að velja aðra leið en mína. Því tel ég þörf á nýjum leiðtoga sem getur stýrt Bretlandi á þeirri leið.**
>
> Cameron



> **Við höfum barist gegn alþjóðasinnum og stjórnmálarisum. Gegn lygum, spillingu og svikum og í dag hafa heiðarleiki, góðmennska og trú á Bretlandi unnið sigur.**
>
> Nigel Farage, formaður UKIP



Stærstu fjölmiðlar Bretlands greindu frá því í gær að hluti þingmanna Verkamannaflokksins myndi leggja fram vantrauststillögu á hendur formanni sínum, Jeremy Corbyn. Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir hönd flokksins, sagði framlag hans til kosningabaráttu gegn Brexit lélegt og lítið.

Nigel Farage, formaður Sjálfstæðisflokks Bretlands (UKIP), fagnaði sigrinum hins vegar í gær en hann hafði barist fyrir Brexit í um tvo áratugi. „Nýr dagur rís yfir sjálfstæðu Bretlandi," sagði Farage í sigurræðu sinni. „Við höfum barist gegn alþjóðasinnum og stjórnmálarisum. Gegn lygum, spillingu og svikum og í dag hafa heiðarleiki, góðmennska og trú á Bretlandi unnið sigur."

Leiðtogar Evrópusambandsins voru ekki jafnhrifnir og Farage af ákvörðun Breta. François Hollande, forseti Frakklands, sagði ákvörðunina mikla áskorun fyrir Evrópu og Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði hana högg fyrir Evrópu og einingu innan álfunnar.

Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins, Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar ESB, og Martin Schulz, forseti Evrópuþingsins, sendu frá sér yfirlýsingu í gær þar sem mælst var til þess að Bretar yfirgæfu sambandið sem fyrst til að framlengja ekki ríkjandi óvissuástand.

## Niðurstöður úr kosningum Breta um ESB

| | ÚT | INN |
|---|---|---|
| HEILDARNIÐURSTÖÐUR | 51,9% | 48,1% |
| ENGLAND | 53,4% | 46,6% |
| NORÐUR-ÍRLAND | 44,2% | 55,8% |
| SKOTLAND | 38% | 62% |
| WALES | 52,5% | 47,5% |

# AGS vonast eftir góðum viðræðum

Christine Lagarde, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, var fljót að bregðast við niðurstöðu kosningarinnar og lýsti því yfir í gær að AGS stæði reiðubúið til aðgerða ef þörf væri.

„Breska þjóðin hefur talað og það þarf að bera virðingu fyrir ákvörðun hennar. Það mun líða einhver tími þangað til okkur verður ljóst hvernig framtíðarsamband Bretlands og Evrópusambandsins verður. Fram að því er mikilvægt að það sé skýrleiki í samningaviðræðum og að þær muni ganga eins vel fyrir sig og mögulegt er," sagði hún.

> **Breska þjóðin hefur talað og það þarf að bera virðingu fyrir ákvörðun hennar. Það mun líða einhver tími þangað til okkur verður ljóst hvernig framtíðarsamband Bretlands og Evrópusambandsins verður.**
>
> Christine Lagarde, framkvæmdastjóri AGS



Lagarde sagðist jafnframt fagna aðgerðunum sem Englandsbanki og Evrópubankinn tilkynntu í dag, um að styðja bankakerfið eins og þörf er á og að reyna að koma í veg fyrir of miklar sveiflur. „AGS mun fyrir sitt leyti fylgjast grannt með þróuninni. Við munum vinna ásamt meðlimaríkjum okkar til þess að tryggja viðnámsþrótt alþjóðahagkerfisins á tímunum sem fram undan eru," sagði Lagarde.

AGS hefur áður talað gegn útgöngu og sýnt fram á alvarleg áhrif þess á efnahagslíf Bretlands, meðal annars lægra gengi pundsins og aukið atvinnuleysi. – **sg**

# Afturkalla kosningaloforð

Helstu talsmenn Brexit höfðu í gærmorgun afturkallað þrjú kosningaloforð.

Nigel Farage, leiðtogi breska Sjálfstæðisflokksins, sagði að það væri ekki rétt að eftir útgöngu myndu auka 350 milljónir punda, sextíu milljarðar íslenskra króna, renna vikulega inn í heilbrigðiskerfi ríkisstjórnarinnar. Daniel Hannan, þingmaður Íhaldsflokksins á Evrópuþinginu, sagði svo í viðtali við BBC að Brexit myndi ekki koma í veg fyrir að innflytjendur kæmu til Bretlands. Loks ítrekaði dr. Liam Fox að 50. grein Lissabon-sáttmálans um útgöngu yrði ekki beitt strax. – **sg**



**Nigel Farage, leiðtogi Sjálfstæðisflokks Bretlands.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# ÚTIVISTARFATNAÐUR Á ALLA FJÖLSKYLDUNA










24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Evrópusambandið á krossgötum

**Bretar munu yfirgefa Evrópusambandið. Samningaferli um aðskilnað mun taka tvö ár. Fleiri flokkar innan Evrópusambandsins vilja halda þjóðaratkvæðagreiðslur um aðskilnað í sínum ríkjum. Skotar og Norður-Írar endurhugsa samband sitt við Bretland.**

Brexit



Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

Talsverð óvissa ríkir um framtíð Evrópusambandsins vegna Brexit, ákvörðunar Breta um aðskilnað frá sambandinu. Einnig er óljóst hvað framtíðin ber í skauti sér fyrir Bretland. Þjóðaratkvæðagreiðsla var haldin í fyrradag og í gærmorgun var ljóst að 48,1 prósent atkvæða féll áframhaldandi veru í Evrópusambandinu í skaut en 51,9 prósent kusu Brexit.

**Tveggja ára ferli**
Bretland mun á næstunni hefja samningaferli við Evrópusambandið um skilmála aðskilnaðar og hvernig sambandi Bretlands við Evrópusambandið verður háttað í framhaldinu. Þjóðaratkvæðagreiðslan var ekki lagalega bindandi en stjórnvöld hafa lofað því að virða niðurstöðu hennar. David Cameron forsætisráðherra tilkynnti í gær að hann myndi segja af sér embætti og að nýr forsætisráðherra myndi taka við í haust. Úrslit kosninganna voru ósigur fyrir Cameron sem var og er andvígur Brexit. Hins vegar hafði hann sagt að ef breska þjóðin kysi Brexit myndi hann virkja fimmtugustu grein Lissabonsáttmálans. Greinin kveður á um að hvert og eitt ríki geti ákveðið að skilja sig frá sambandinu.

Aðskilnaðarferlið tekur að lágmarki tvö ár frá því að greinin er virkjuð. Á þeim árum myndu Bretar semja um skilmála aðskilnaðar. Hvernig tollum á milli Bretlands og Evrópusambandsins verður háttað og hvort frjálst flæði vinnuafls verði á milli eru einar stærstu spurningarnar í því samhengi. Á meðan á samningaviðræðum stendur þurftu Bretar enn að fara eftir reglugerðum og lögum Evrópusambandsins en myndu ekki geta haft áhrif á nýja lagasetningu. Eftir að samningum er náð þurftu báðir aðilar að skrifa undir.

**Brexit, Frexit, Nexit, Ixit**
Sjálfstæðisflokkur Bretlands (UKIP) og leiðtogi hans, Nigel Farage, hafa barist fyrir aðskilnaði frá Evrópusambandinu í tvo áratugi og lítur flokkurinn á niðurstöðu kosninganna sem fullnaðarsigur. Sá sigur hefur blásið vindi í segl sams konar flokka víðs vegar um Evrópu. Franska þjóðfylkingin hefur lýst yfir áhuga á að halda þjóðaratkvæðagreiðslu og það hefur Frelsisflokkur Hollands einnig gert. Einnig er áhugi á aðskilnaði á Ítalíu.

Forsvarsmenn Evrópusambandsins hvetja hins vegar aðildarríki til að halda ró sinni. Martin Schulz, forseti Evrópuþingsins, sagði í gær að nú væri rétti tíminn til að vera alvarlegur. Donald Tusk, forseti leiðtogaráðsins, sagði að nú væri ekki rétta stundin fyrir örvæntingarfull viðbrögð.



Mikil gleði ríkti meðal aðskilnaðarsinna þegar niðurstöður lágu fyrir og fagnaði Nigel Farage, formaður UKIP, einna mest. NORDICPHOTOS/AFP

**Eining Bretlands í hættu**
Bæði Skotar og Norður-Írar kusu áframhaldandi veru í Evrópusambandinu en þurfu að lúta í lægra haldi þar sem mun fleiri atkvæði féllu samanlagt í Englandi og Wales, aðskilnaði í vil. Því heyrðust strax í gær raddir um að Skotar og Norður-Írar þyrftu að endurhugsa veru sína innan Bretlands. Nicola Sturgeon, leiðtogi Skoska þjóðarflokksins og forsætisráðherra skosku heimastjórnarinnar, sagði mjög líklegt að Skotar myndu kjósa aftur um sjálfstæði. Skotar felldu tillögu um sjálfstæði frá Bretlandi í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2014 með 55 prósentum atkvæða.

Martin McGuinness, aðstoðarforsætisráðherra heimastjórnar Norður-Írlands, kallaði í gær eftir þjóðaratkvæðagreiðslu í Norður-Írlandi um hvort landið eigi að sameinast Írlandi og skilja sig þá frá Bretlandi.

UPPBYGGING VIÐ ÁRTÚNSHÖFÐA OG ELLIÐAÁRVOG
Opinn kynningarfundur fyrir lóðarhafa í hverfinu

Reykjavíkurborg áformar að hefja vinnu við gerð nýs rammaskipulags fyrir hverfið við Elliðaárvog og Ártúnshöfða. Hverfið verður endurskipulagt með það að markmiði að breyta hverfinu úr iðnaðarhverfi í hverfi með blönduðu íbúða-, þjónustu- og atvinnuhúsnæði. Gert er ráð fyrir að byggingarmagn á svæðinu verði aukið verulega.

Fundurinn verður að Borgartúni 12-14, salnum Vindheimum á 7. hæð, mánudaginn 27. júní kl. 16:30.

Dagskrá fundarins:

- Þétting byggðar og breytt hlutverk hverfisins – Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri.
- Kynning á vinningstillögu í samkeppninni um rammaskipulag Elliðaárvogi/ Ártúnshöfða – Björn Guðbrandsson hjá ARKÍS arkitektum.
- Hugmyndir Reykjavíkurborgar um uppbyggingu og skipulagsferlið – Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi.
- Hlutverk og þýðing nýs samgönguáss sem liggja á um hverfið – Þorsteinn R. Hermannsson, samgöngustjóri.
- Verkefni og samningsmarkmið fyrir sameiginlegt þróunarfélag – Hrólfur Jónsson, skrifstofustjóri skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar.
- Umræður – fyrirspurnir.



## Aðskilnaðarsinnar krefjast aðskilnaðar

**Sigur fyrir frelsið! Eins og ég hef sagt í fjölmörg ár þá verðum við núna að halda eins kosningar í Frakklandi sem og annars staðar í Evrópusambandinu.**



**Marine Le Pen, formaður Frönsku þjóðfylkingarinnar,** greip tækifærið um leið og niðurstöður lágu fyrir, óskaði Bretum til hamingju með niðurstöðuna og krafðist sams konar þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir Frakka.

**Við viljum stýra eigin landi, eigin fjármagni og eigin landamærum. Hollendingar eiga að fá tækifæri til að láta rödd sína heyrast um áframhaldandi aðild sem fyrst.**



**Geert Wilders, formaður Frelsisflokks Hollands,** gerði slíkt hið sama.

**Húrra fyrir hugrekki frjálsra borgara. Hjarta, heili og stolt vann sigur á lygum, hótunum og kúgun. Takk fyrir, Bretland! Nú er komið að okkur.**



**Matteo Salvini, leiðtogi Norðurdeildarinnar á Ítalíu,** flokks sem er andvígur innflytjendum, tók í sama streng.

## Bretland í hættu

**Óljóst er hver framtíð Bretlands er. Úrsögn úr Evrópusambandinu gæti haft mikil áhrif á Bretland.**

### SJÁLFSTÆTT SKOTLAND

**Það segir sig sjálft að möguleikanum á annarri þjóðaratkvæðagreiðslu þarf að halda á lofti. Og honum er haldið á lofti.**



**Nicola Sturgeon, forsætisráðherra skosku heimastjórnarinnar.**

Mun fleiri Skotar kusu með áframhaldandi aðild en gegn henni, sagði Sturgeon.

Hún sagðist einnig ætla að koma því á framfæri við öll aðildarríki Evrópusambandsins að Skotar hefðu kosið með áframhaldandi aðild. Þá ávarpaði hún alla Evrópubúa í Skotlandi og sagði: „Ykkur er enn velkomið að vera hér. Skotland er heimili ykkar og framlag ykkar er mikils metið.“

### SAMEINAÐ ÍRLAND

**Aðskilnaður frá Evrópusambandinu gengur gegn lýðræðislegum vilja írsku þjóðarinnar.**



**Martin McGuinness, leiðtogi Sinn Fein og aðstoðarforsætisráðherra heimastjórnar Norður-Írlands.**

Líkt og í Skotlandi var meirihluti fyrir áframhaldandi veru innan Evrópusambandsins á Norður-Írlandi.

Hann sagði réttast að gefa kjósendum á Norður-Írlandi þann möguleika að kjósa um áframhaldandi veru í Evrópusambandinu með því að sameinast Írlandi.

Brenderup

# KERRUDAGUR TOYOTA KAUPTÚNI

## Í DAG KL. 12-16




HAPPDRÆTTI

Taktu þátt og þú gætir unnið Brenderup 1150 S kerru

HAPPDRÆTTI

## Gerðu frábær kaup á gæðakerrum

Allar kerrur með **10% afslætti** og kerruaukahlutir með **15% afslætti** laugardaginn 25. júní.

Allar stærðir og gerðir: Garðakerrur, tækjavagnar, bílaflutningakerrur, farangurskerrur og alhliða kerrur.

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 80389 06/16









**Toyota Kauptúni**

Kauptúni 6 Garðabæ Sími: 570 5070

# Sannfærð um hagstæða niðurstöðu

**Bretland er eitt mikilvægasta viðskiptaríki Íslendinga. Nítján prósent ferðamanna hér koma frá Bretlandi og 18 prósent útfluttra sjávarafurða fara til Bretlands. Óvíst er hver áhrif þjóðaratkvæðagreiðslunnar verða á Íslendinga en utanríkisráðherra er bjartsýnn.**

Brexit



Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is

Hugsanlegt er að breskum ferðamönnum á Íslandi fækki eitthvað ef pundið verður veikara eftir niðurstöður Brexit-kosninganna. Hins vegar muni þá gengi annarra gjaldmiðla, til dæmis Bandaríkjadals, styrkjast og þá kann að vera að ferðamannastraumur aukist þaðan á móti. Þetta segir Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra um áhrif Brexit-kosninganna á Ísland.

Utanríkisráðuneytið hefur að undanförnu lagst í greiningarvinnu til þess að meta áhrif útgöngu Breta á Ísland. „Við höfum verið að kortleggja möguleika og hvað íslensk stjórnvöld geta gert. Okkar markmið er að tryggja þau allra bestu kjör sem eru í boði og greiningarvinnan hefur gengið út á það og hver séu næstu skref,“ segir Lilja í samtali við Fréttablaðið. Hún segir að Íslendingar muni ræða við EFTA-ríkin og vera í sambandi við Noreg og önnur ríki í svipaðri stöðu og Ísland. Lilja segir stöðuna þó vera óljósa og bresk stjórnvöld séu sjálf að átta sig á stöðunni sem er komin upp. „Forsætisráðherrann er búinn að boða afsögn og núna eru þeir bara að ná andanum eftir það sem gerst hefur,“ segir hún.

Lilja segir fullsnemmt að segja til um hvort Bretar geti, eftir útgöngu úr ESB, myndað ríkjahóp með þeim Evrópuríkjum sem nú þegar standa utan Evrópusambandsins. „Það eru margar mismunandi leiðir í boði og ég er sannfærð um að það muni nást hagfelld lausn á þessu fyrir Ísland og íslenska hagsmuni,“ segir Lilja.

Í minnisblaði Seðlabankans til fjármálaráðuneytisins um niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar segir að Íslendingar hafi flutt út vörur til Bretlands í fyrra fyrir tæplega 73 milljarða króna eða sem nam tæplega 12% af vöruútflutningi ársins. Bretlandsmarkaður er einkum mikilvægur fyrir sjávarútveginn en þangað voru fluttar út sjávarafurðir fyrir um 48,5 milljarða króna í fyrra, eða sem nemur 18,3% af öllum sjávarvöruútflutningi ársins 2015. Þá kemur fram að tæplega einn af hverjum fimm ferðamönnum sem komu til Íslands í fyrra var frá Bretlandi.

„Bretland er okkur afar mikilvægt ríki. Þetta er okkar stærsta útflutningsland og það kemur mikill fjöldi ferðamanna frá Bretlandi þannig að það er algjört lykilatriði fyrir okkur að tryggja okkar hagsmuni,“ segir hún.

Gengi hlutabréfa hér heima og erlendis tók dýfu í gær eftir að niðurstöðurnar urðu ljósar og pundið tók dýfu gagnvart dollar og evru. Lilja segir að stærstu efnahagsríkin hafi mikla þjálfun í því að starfa saman. „Og þau skilja að þetta skiptir þau máli þannig að ég held að allir muni leggja sig ofboðslega mikið fram um það að tryggja hagfellda lausn.“

> **Bretland er okkur afar mikilvægt ríki. Þetta er okkar stærsta útflutningsland og það kemur mikill fjöldi ferðamanna frá Bretlandi þannig að það er algjört lykilatriði fyrir okkur að tryggja okkar hagsmuni.**
>
> Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra



**12%**
**af vöruútflutningi Íslendinga í fyrra voru til Bretlands.**




Bresku fjölmiðlarnir fjölluðu um niðurstöður kosninganna í gær. Fyrirsögnin á forsíðu síðdegisblaðsins Evening Standard var tvíræð; Cameron yfirgefur forsætisráðuneytið og Bretar fara úr Evrópusambandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Ekki mikil neikvæð áhrif nú en fyrirséð um lækkanir á hlutabréfum

Seðlabanki Íslands telur að áhrif niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar verði líklegast neikvæð en ekki veruleg, sérstaklega þegar frá líður.

Þetta kemur fram í minnisblaði Seðlabankans til Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, vegna niðurstöðunnar.

„Í þessu sambandi ber að undirstrika að íslenskar fjármálastofnanir hafa góða eiginfjárstöðu, bera takmarkaða áhættu gagnvart eignum í breskum pundum og eru vel fjármagnaðar í erlendum gjaldmiðlum. Þá er gjaldeyrisforði stærri en í mjög langan tíma í sögu þjóðarinnar og fjármagnshöft draga úr sveiflum í fjármagnsflæði,“ segir í minnisblaðinu. Seðlabankinn fylgist náið með þróun alþjóðlegra og innlendra fjármálamarkaða næstu daga og endurmetur stöðuna eftir því sem ástæða er til.

•••

Hlutabréfamarkaðurinn á Íslandi tók þó skarpa dýfu í gær. Úrvalsvísitalan lækkaði um 4,21 prósent. Gengi bréfa hjá félögum sem eru með útflutning eða starfsemi erlendis, til að mynda Icelandair Group, HB Granda og Marel, lækkuðu mest. Hlutabréf í Icelandair Group lækkuðu um 6,06 prósent í 684 milljón króna viðskiptum.

Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallar Íslands, segir það ekki koma á óvart að þessi félög verði fyrir mestum áhrifum. Hann segir lækkanir í takt við erlenda markaði. Spáð er því að lækkanir séu fram undan næstu daga á erlendum mörkuðum sem gæti þýtt áframhaldandi lækkanir á íslenskum markaði.




## Brýnt að byrja fljótt að semja við Breta um tolla

„Ég held að skammtímaáhrifin fyrst og fremst endurspeglist í falli pundsins gagnvart helstu gjaldmiðlum, þar á meðal krónunni,“ segir Haukur Þór Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, um niðurstöðu Brexit-þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Ekki sé víst hvort þessi breyting gangi til baka. „Við sjáum ef við berum saman gengi punds/krónu í dag og meðalgengið árið 2015 að þá er pundið búið að veikjast um 14 prósent, sem hefur mikil áhrif á hvað þú færð fyrir útflutning til Bretlands,“ segir hann.

Haukur leggur áherslu á að það verði svo samið um tollamál fyrr en síðar. Hann bendir á að í dag séu tollar á þorsk við núllið. „En eftir að Bretarnir ganga út gætu tekið við tollar á þorski sem næmu 7,5 til 16 prósent að óbreyttu. Nú þarf því að setjast niður og semja við Bretana þannig að við stöndum ekki eftir í þeirra hefðbundnu tollaflokkum.“ Haukur segir Bretland mikilvægan markað fyrir bolfisk og því snerti Bretlandsmarkaður Íslendinga meira en til dæmis Rússland þar sem er aðallega markaður fyrir uppsjávarfisk.

Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins og formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, segist telja að niðurstaðan hafi ekki nein veruleg áhrif á ferðaþjónustuna á Íslandi. „En það er auðvitað bara mitt stöðumat eins og staðan blasir við mér núna,“ segir Grímur. Hann segist telja að þær breytingar sem hafa orðið á gengi breska pundsins verði ekki varanlegar. „Ég held að þetta sé skammtímalækkun og komi ekki til með að rugga bátnum.“ – jhh

> **Við sjáum ef við berum saman gengi punds/krónu í dag og meðalgengið árið 2015 að þá er pundið búið að veikjast um 14 prósent, sem hefur mikil áhrif á hvað þú færð fyrir útflutning til Bretlands.**
>
> Haukur Þór Hauksson, aðstoðarframkvæmdastjóri SFS



> **Ég held að þetta sé skammtímalækkun og komi ekki til með að rugga bátnum.**
>
> Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins og formaður Samtaka ferðaþjónustunnar





RENAULT
Passion for life
NÝR MEGANE
NÝTT ÚTLIT, NÝJAR ÁHERSLUR
MEGANE
NÝR RENAULT MEGANE
DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM*
Renault Megane hefur aldrei verið glæsilegri en í þessari nýju útgáfu sem hönnuð er af verðlaunahönnuðinum Laurens van den Acher. Nýr Renault Megane er ekki einungis glæsilegur útlits heldur er hann hlaðinn tækninýjungum og staðalbúnaði sem setur ný viðmið í þessum stærðarflokki bíla. Sjón er sögu ríkari.
VERÐ: 3.390.000 KR. DÍSIL, BEINSKIPTUR
ESP stöðugleikastýring, ASR spólvörn, 6 öryggispúðar (5 stjörnur í EuroNCAP), LED dagljós, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, Bluetooth símabúnaður með raddstýringu, 2ja svæða tölvustýrð loftkæling, upphituð framsæti, fjarlægðarvarar að aftan og framan, 16" álfelgur, regnskynjari fyrir rúðuþurrkur, sjálfvirk há/lág ljós (High beam assist), akreinavari (Lane departure warning), vegaskiltisnemi (Roadsign recognition).
E
F
„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"
OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12–16
*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri
ENNEMM / SÍA / NM74955
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Gaman að lifa



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

**Getur verið að Halla sé sú sem á besta og jákvæðasta samtalið við þjóðina?**

Í dag göngum við Íslendingar að kjörborðinu og kjósum okkur forseta. Kosningabaráttan hefur aldrei komist á flug og að miklu leyti snúist um löngu liðin mál. Þorskastríðið, Icesave og jafnvel einkavæðingu bankanna.

Guðna Th. Jóhannessyni, sem varla getur annað en sigrað ef marka má kannanir, hefur ekki tekist að beina umræðunni að deginum í dag og framtíðinni. Kannski er það sagnfræðingurinn í honum sem kann ágætlega við sig í umræðu um liðna tíð. Annar frambjóðandi, Davíð Oddsson, er svo allt að því holdgervingur þessara löngu liðnu atburða.

Stemningin á Íslandi undanfarna daga og vikur hefur verið ógleymanleg. Frammistaða íslenska knattspyrnulandsliðsins hefur sameinað þjóðina og minnt okkur öll á mikilvægi þess að njóta augnabliksins og horfa með bjartsýni til framtíðar.

Halla Tómasdóttir hefur á sama tíma tekið stór stökk í könnunum, og allt að því tuttugufaldað fylgi sitt frá því fyrstu kannanir birtust. Getur verið að Halla sé sú sem á besta og jákvæðasta samtalið við þjóðina? Röggsöm kona sem hefur greinilega gaman af því að vera til.

Kannski hafa undanfarnar vikur sýnt að hljómgrunnur er fyrir slíku.

## Sundrungin mikla

**Þannig tók eldra fólk með atkvæðum sínum ákvörðun um framtíð þeirra yngri. Það liggur í augum uppi að slík niðurstaða er ekki til þess fallin að skapa einingu.**

Bretar hafa ákveðið að ganga úr Evrópusambandinu. Óhætt er að segja að atburðarásin hafi verið hröð; David Cameron forsætisráðherra tilkynnti samstundis að hann mynda segja af sér, sterlingspundið hríðféll og hefur ekki verið veikara í þrjátíu ár, alþjóðamarkaðir titruðu og bresk fyrirtæki féllu í verði um milljarða á milljarða ofan.

Bretar létu hjartað, frekar en höfuðið ráða. Aðildarsinnar voru í miklum meirihluta meðal háskólamenntaðra og í öllum stærri borgum á Bretlandseyjum; London, Edinborg, Cardiff, Bristol, Manchester og Liverpool. Öll efnahagsleg rök mæltu með áframhaldandi aðild. Það má því segja að efnaminna fólk í sveitum landsins hafi ráðið för.

Við þetta má bæta að ríflega 2/3 fólks undir 35 ára aldri vildu vera áfram í Evrópusambandinu. Þessi hlutföll snerust svo á haus hjá fólki yfir fimmtugu. Þannig tók eldra fólk með atkvæðum sínum ákvörðun um framtíð þeirra yngri. Það liggur í augum uppi að slík niðurstaða er ekki til þess fallin að skapa einingu.

Ekki er heldur auðvelt að sjá fyrir hvað tekur við. Mikill meirihluti Skota og Norður-Íra kaus að vera áfram í sambandinu. Háværar raddir eru uppi um að nú þurfi nýja sjálfstæðiskosningu í Skotlandi.

Mögulega voru úrslitin ekki bara upphafið að endalokum Evrópusambandsins eins og við þekkjum það, heldur einnig upphafið að endalokum Stóra-Bretlands.




Gunnar



## Mín skoðun Logi Bergmann



## Hvað ef?

Hvað ef Aron Einar hefði komist að þeirri rökréttu niðurstöðu að hann ætti miklu meiri möguleika á að keppa á stórmóti fyrir Íslands hönd ef hann héldi áfram að æfa handbolta í staðinn fyrir fótbolta?

Hvað ef Eiður Smári hefði ekki þennan viljastyrk og hefði bara endað ferilinn, eftir slæmt fótbrot, sem feitabolla í KR? Hvað ef Gylfi Sigurðsson hefði verið eðlilegur unglingur og hugsað bara um stelpur í staðinn fyrir fótbolta? Hvað ef enginn hefði fengið þá fáránlegu hugmynd að bjóða Lars Lagerbäck að taka við íslenska landsliðinu?

Hvað ef, er það sem gerir fótbolta svona ótrúlega skemmtilegan og dramatískan og spennandi og ósanngjarnan. Fótbolti er íþrótt hetjanna og skúrkanna. Ronaldo fór frá því að vera besti fótboltamaður í heimi í að vera hallærislegur lúser. Tapsár frekja. Öll þjóðin sameinaðist í andúð á honum. Ef Portúgalar hefðu unnið hefði einhver, einhverstaðar á landinu, staðið fyrir CR7 nærbuxnabrennu. Og það hefði bara þótt eðlilegt.

### Hetjustund í París

Hetjusögurnar eru svo fallegar. Þegar Grikkir og Danir urðu Evrópumeistarar. Leicester meistarar á Englandi. Þegar Færeyingar unnu Austurríkismenn. Senegalar unnu Frakka. Þegar Kamerún vann Argentínu. Sigurinn í París fer í flokk þessara leikja.

Fótbolti er ópíum fólks um allan heim. Hjá milljónum manna hefur lífið gengið útá að sjá liðið sitt spila um helgi. Standa með því í gegnum súrt og sætt. Teygja sig í bjórinn í leikslok og segja stoltur að maður sé að minnsta kosti jafn þreyttur og þeir sem spiluðu.

Síðustu vikur hafa verið ótrúlegar hjá íslensku þjóðinni. Óvinir faðmast og deilur hjaðna. Hverjum er ekki sama hver verður forseti? Bara ef við náum aðeins lengra.

En sentimetrarnir og sekúndubrotin geta fallið hvorumegin sem er. Austurríkismenn velta fyrir sér: Hvað ef þessi íslenski markmaður hefði ekki verið svona snöggur að klóra sig útúr vandræðunum og pota boltanum frá Arnautovic? Hvað ef vítið hefði bara farið hinumegin við stöngina? Hvað ef þessi Árnason hefði ekki verið endalaust fyrir?

Öll sagan er eitt stórt hvað ef. Hvað ef dómarinn hefði bara dæmt hendi á Maradona? Hvað ef Zidane hefði ekki sturlast í miðjum leik og stangað Materazzi? Hvað ef dómarinn hefði séð að boltinn fór inn hjá Þjóðverjum á Wembley?

Í göllunum er fegurðin. Fótbolti er ekki eins og jafna í stærðfræði. Ekkert dæmi getur skilað þeirri niðurstöðu að þrjúhundruð þúsund manna þjóð frá rokrassgati úti ballarhafi sé komið í hóp sextán bestu liða álfunnar í vinsælustu íþrótt í heimi.

### Íslenska víkingablóðið

Á svona dögum finnast manni ræður útrásarinnar um eðli Íslendinga allt að því eðlilegar. Víkingablóðið og eðlislægt frumkvæði allt hitt. Það kristallast allt í myndinni af Birki Bjarnasyni hlaupa upp allan völlinn í síðustu sókn leiksins. Algjörlega þrotinn að kröftum til að leggja sitt af mörkum í einhverjum ótrúlegasta sigri íslenskrar íþróttasögu. Í þeim tilgangi að koma varanlegri gæsahúð á nánast hvert mannsbarn á Íslandi og gera Gumma Ben loksins heimsfrægan. Á Youtube.

Við höfum heillast af liðsheildinni og hvernig strákunum hefur tekist að halda sig á jörðinni en samt verið sannfærðir um að þeir eigi fullt erindi á meðal þeirra bestu. Í þeim er hin fullkomna blanda hógværðar og sjálfstrausts.

Draumurinn gæti tekið enda, nokkurn veginn fyrirvaralaust en við kjósum að hugsa ekki um það. Ekkert tap getur tekið frá okkur gleðina sem þetta lið hefur fært okkur síðustu daga. Stoltið sem það hefur fyllt okkur og spennuna sem það hefur skilað heim í stofu til okkar. Og öll tækifærin sem það hefur fært okkur til að drekka bjór í miðri viku.

Á mánudagskvöld ætla ég að vera í Nice, vonandi í stórum hópi bláklæddra. Upplifa sjálfur stemninguna sem ég hef séð á vellinum. Halda niðri í mér andanum, loka augunum og hugsa: Hvað ef…?

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

# KJÓSTU NÝJAN FORD **EDGE AWD**



## VIÐ FRUMSÝNUM **STÆRSTA** OG **ÖFLUGASTA** DÍSILJEPPANN Í SÍNUM FLOKKI

Komdu og prófaðu hljóðláta, fjórhjóladrifna dísiljeppann Ford Edge í dag milli kl. 12 og 16

FORD **EDGE AWD**
SJÁLFSKIPTUR 210 HÖ DÍSIL
FRÁ **8.390.000** KR.

**Ford Edge er nýjasta viðbótin við öfluga línu jeppa og pallbíla frá Ford**



FORD **KUGA AWD**
FRÁ **5.490.000** KR.



FORD **EXPLORER 4WD**
FRÁ **12.950.000** KR.



FORD **F-350 4x4** SUPER DUTY PLATINUM
FRÁ **11.590.000** KR.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.



## Vertu á undan. Farðu ótroðnar slóðir

**Ford Edge veitir þér frelsi til að fara lengra. Framúrskarandi aksturseiginleikar, kraftmikið útlit og fyrsta flokks tækni setja Ford Edge fremstan í sínum flokki. Hann er fjórhjóladrifinn, búinn 210 hestafla dísilvél og kemur á 19" Titanium álfelgum.**

Þú nýtur þess að ferðast í nýjum Ford Edge. Hann er gríðarlega rúmgóður enda er hann stærsti jeppinn í sínum flokki, rúmir 4,8 m. Dráttargetan er mikil eða 2.000 kg og veghæðin er rúmir 20 cm undir lægsta punkt.

Hann er jafnframt hlaðinn búnaði og notendavænni tækni sem eykur bæði þægindi og akstursánægju. Meðal staðalbúnaðar er:

- SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112
- 8" snertiskjár
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Bakkmyndavél
- Veglínuskynjari
- Umferðaskiltalesari
- Rafdrifinn afturhleri með skynjara
- Upphitanleg Quickclear framrúða
- Leðurklætt upphitanlegt stýrishjól
- Ford MyKey
- Lyklalaust aðgengi

**Komdu í Brimborg í dag og skoðaðu nýjan Ford Edge**

ford.is

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Edge er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar við ofantalið er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: hraðastillir með hraðatakmarkara, tvöföld tölvustýrð miðstöð, vandað hljómkerfi með 9 hátölurum, nálægðarskynjarar að framan og aftan, starthnappur, sólarvörn í framrúðu og regnskynjari í framrúðu. Ford Edge er fáanlegur í þremur útfærslum: Titanium, Titanium S og Sport. Ford Edge AWD 2,0 TDCi dísil 210 hö. 6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. $CO_2$ losun 149 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.





Lars Lagerbäck sést hér hugsi á blaðamannafundi Íslands í gær. Hann fær nú tækifæri til að komast lengra en nokkru sinni fyrr á sínum þjálfaraferli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Næsta brekka reynst of brött fyrir Lars á stórmótunum

**Lars Lagerbäck hefur þrisvar í sex tilraunum komið liði upp úr riðli á Evrópumóti eða í heimsmeistarakeppni en hann hefur aldrei farið í gegnum fyrsta leik í útsláttarkeppni. Hann reynir nú í fjórða sinn.**

EM2016



Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is

**FÓTBOLTI** Tveir dagar eru þar til íslenska landsliðið í fótbolta mætir því enska í 16 liða úrslitum á EM 2016. Strákarnir okkar eru aðeins þriðja liðið í sögunni sem tapar ekki leik í riðlakeppni EM í frumraun sinni og í verðlaun fékk liðið og íslenska þjóðin leik gegn stjörnunum úr ensku úrvalsdeildinni. Þetta verður fyrsti mótsleikur liðanna í sögunni.

Lars Lagerbäck, annar landsliðsþjálfara Íslands, er töluvert reyndari á stórmótum en allir aðrir í íslenska hópnum. Hann er á sínu sjöunda stórmóti en áður fór hann fimm sinnum á stórmót með Svíþjóð (HM 2002 og 2006 og EM 2002, 2004 og 2008) og með Nígeríu á HM 2010.

Í helming skiptanna sem hann fór á stórmót áður tókst Svíanum að koma sínu liði upp úr riðli. Það gerði hann á þremur stórmótum í röð með Svíþjóð frá 2002-2006, tvisvar á HM og einu sinni á EM. Hann kom Svíþjóð einu sinni upp úr riðli í þremur tilraunum á EM en kom ásamt Heimi Hallgrímssyni Íslandi áfram í fyrstu tilraun.

**Tvö grátleg töp**

Árangur Lars Lagerbäck í útsláttarkeppni er ekki góður. Hann tapaði öllum þremur leikjunum með Svíþjóð í útsláttarkeppni og tveimur þeirra afar grátlega.

Á HM 2002 var Svíþjóð í sterkum riðli með Englandi, Argentínu og Nígeríu en gerði sér lítið fyrir og vann riðilinn. Sænska liðið var firnasterkt á þessum tíma en féll úr leik á gullmarki gegn spútnikliði Senegals, 2-1, í framlengdum leik í 16 liða úrslitum. Fjórum árum síðar á HM tapaði Svíþjóð sannfærandi gegn gestgjöfum Þýskalands, 2-0.

Þar á milli kom Lars sænska liðinu í átta liða úrslit EM (16 liða mót) en tapaði fyrir Hollandi í vítaspyrnukeppni sem fór í bráðabana.

Þrátt fyrir þennan árangur er Lars Lagerbäck alltaf bjartsýnn og telur íslenska liðið eiga möguleika á sigri þó að brekkan sem hann hefur ekki enn komist yfir sé líklega brattari núna en nokkru sinni áður.

„Ég tel okkur alltaf eiga möguleika,“ sagði Lars sem státar af frábærum árangri gegn enska landsliðinu. Hann hefur sex sinnum spilað við það á sínum ferli, alltaf með Svíþjóð, og aldrei tapað. Þar af er um að ræða sex mótsleiki. „Ég hef alltaf trú á að við getum unnið,“ sagði Lars í gær, en hvers vegna þessi góði árangur gegn Englandi?

„Það er gott að spila við England því það þekkja allir í Svíþjóð líkt og á Íslandi enska boltann. Allir leikmennirnir mínir þekkja þá ensku, hvernig þeir eru og hvernig þeir spila. Í Svíþjóð byggðum við að hluta til á hugmyndafræði Roy Hodgson og Bob Hougton þannig að við þekktum enska boltann og hans hugmyndafræði. Þetta hjálpar allt til,“ sagði Lars.

**Geta ekki verið guðir í öllu**

Sænski blaðamaðurinn Robert Laul hjá Aftonbladet í Svíþjóð hefur fylgt íslenska liðinu hvert fótmál á Evrópumótinu. Hann fylgdist með sænska liðinu allan tímann sem Lagerbäck var þar við stjórnvölinn. Þeir voru vissulega engir vinir þá en hafa verið kumpánlegir hvor við annan í Frakkland. Laul ber mikla virðingu fyrir samlanda sínum og hans afrekum en hefur sínar útskýringar á því hvers vegna lið Lagerbäcks fara aldrei í gegnum fyrstu umferð útsláttarkeppninnar.

„Menn geta ekki verið guðir og snillingar í öllu. Lars er sérfræðingur í því að komast í lokakeppnir og koma liðum upp úr riðli á stórmótum en hann er ekki þjálfari sem vinnur leiki í útsláttarkeppni. Hann rígheldur í sína hugmyndafræði sem er ekki fullkomin ef þú ætlar að vinna leiki í útsláttarkeppni því hún er ansi varnarsinnuð. Hann kemur liðum á stórmót og upp úr riðli en meira er það ekki. Það er alls ekkert slæmt en þetta er eitthvað sem allir þurfa að sætta sig við,“ sagði Laul í samtali við Fréttablaðið.

„Lagerbäck nær öllu út úr liðunum sem hann þjálfar eins og hann hefur gerst með Ísland. Það er samt ekki hægt að fá kökuna og borða hana líka. Ísland er ekki með hæfileikaríkasta liðið frekar en Svíþjóð var með. Hann kreistir allt sem hægt er út úr liðinu en hann getur ekki komist lengra en þetta. Það eru leikmenn íslenska liðsins sem þurfa að bæta leik sinn ætli þeir að komast í gegnum England. Lagerbäck getur ekki töfrað þá áfram.“

**Endar gegn Englandi**

Eins og fleiri hefur Laul heillast af íslenska liðinu en hann er klár á því að það fari ekki lengra í mótinu.

„Íslenska liðið hefur ekki andlegan styrk í að endurhlaða batteríin og gera betur en það hefur gert. Það sem liðið hefur afrekað hefur kostað mikla orku og það hefur hvorki andlegan né líkamlegan styrk til að keyra sig upp aftur. Þetta endar gegn Englandi sem er synd því það hefur verið æðislegt að fylgjast með þessu ævintýri,“ sagði Robert Laul.

## Árangur Lars Lagerbäck í útsláttarkeppnum:

**Svíþjóð á EM 2000:**
Komst ekki áfram, neðsta sæti í riðli

**Svíþjóð á HM 2002:**
Tap fyrir Senegal, 2-1, á gullmarki í framlengdum leik í 16 liða úrslitum

**Svíþjóð á EM 2004:**
Tap fyrir Hollandi í vító í 8 liða úrslitum

**Svíþjóð á HM 2006:**
Tap fyrir gestgjöfunum Þýskalandi, 2-0, í 16 liða úrslitum

**Svíþjóð EM 2008:**
3. sæti í riðlinum og komst ekki áfram

**Nígería á HM 2010:**
Komst ekki áfram, neðsta sæti í riðli

> Það eru leikmenn íslenska liðsins sem þurfa að bæta leik sinn ætli þeir að komast í gegnum England. Lagerbäck getur ekki töfrað þá áfram.
>
> Robert Laul, sænskur blaðamaður

## Pepsi-deild karla í fótbolta

**FH - Fylkir 1-0**
1-0 Steven Lennon (51.)
**Þriðji 1-0 sigur FH-liðsins í röð. Lennon skoraði eina markið beint úr aukaspyrnu.**

**Víkingur R. - Víkingur Ó. 2-0**
1-0 Gary Martin, víti (11.), 2-0 Martin (13.).
**Gary Martin gerði út um leikinn í byrjun leiks. Þriðji sigur Reykjavíkur-Víkinga í síðustu fjórum leikjum.**

**Breiðablik - Valur 0-0**
**Valsmaðurinn Nikolaj Hansen skallaði í stöngina níu mínútum fyrir leikslok.**

**Þróttur - Fjölnir 0-5**
0-1 Birnir Snær Ingason (39.), 0-2 Birnir Snær (40.), 0-3 Martin Lund Pedersen (62.), 0-4 Þórir Guðjónsson, víti (71.), 0-5 Þórir (73.)

**Birnir Snær Ingason skoraði tvö mörk og lagði upp eitt í þriðja sigri Fjölnismanna í röð og þeim fjórða í fimm leikjum. Fjölnismenn eru búnir að skora 17 mörk í síðustu fimm deildarleikjum sínum.**

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| FH | 20 | Valur | 11 |
| Fjölnir | 19 | Víkingur R. | 11 |
| Breiðablik | 16 | KR | 9 |
| Stjarnan | 14 | ÍA | 7 |
| Víkingur Ó. | 14 | Þróttur | 7 |
| ÍBV | 13 | Fylkir | 2 |

## Pepsi-deild kvenna í fótbolta

**ÍBV - ÍA 2-0**
1-0 Natasha Moraa Anasi (42.), 2-0 Lisa-Marie Woods (77.)
**Fyrsti sigur og fyrstu mörk Eyjakvenna í Eyjum í sumar.**

**KR - Selfoss 4-3**
0-1 Lauren Elizabeth Hughes (9.), 1-1 Ásdís Karen Halldórsdóttir (54.), 1-2 Hughes (55.), 1-3 Anna María Friðgeirsdóttir (63.), 2-3 Sigríður María S Sigurðardóttir (79.), 3-3 Ásdís Karen (85.), 4-3 Fernanda Baptista (86.).
**KR-konur voru 3-1 undir þegar tólf mínútur voru eftir en unnu fyrsta sigur sinn.**

### BLIKAKONUR TIL WALES

Íslandsmeistarar Breiðabliks leika í Wales í Meistaradeild Evrópu kvenna í haust en það var dregið í riðla í gær fyrir forkeppni Meistaradeildarinnar. Breiðablik lenti í riðli með Cardiff Met Ladies frá Wales, ZFK Spartak frá Serbíu og NSF Sofia frá Búlgaríu en riðillinn verður leikinn í Wales. Riðlakeppnin er spiluð frá 23.-28. ágúst og fer sigurlið hvers riðils beint í 32-liða úrslit keppninnar.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **16.00** | **Stjarnan - Valur** | Sport |
| **17.00** | **Quicken Loans** | Golfstöðin |
| **22.00** | **Sumarmessan** | Golfstöðin |
| **00.00** | **Bandaríkin - Kólumbía** | Sport |

## Á morgun

| | | |
|---|---|---|
| **17.00** | **Quicken Loans** | Golfstöðin |
| **22.00** | **Sumarmessan** | Sport |
| **00.00** | **Argentína - Síle** | Sport |

## EM helgin

### Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **13.00** | **Sviss - Pólland** | 16-liða |
| **16.00** | **Wales - N-Írland** | 16-liða |
| **19.00** | **Króatía - Portúgal** | 16-liða |

### Á morgun

| | | |
|---|---|---|
| **13.00** | **Frakkland - Írland** | 16-liða |
| **16.00** | **Þýskaland - Slóvakía** | 16-liða |
| **19.00** | **Ungverjaland - Belgía** | 16-liða |

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## Þú kemst lengra en borgar minna

Ef skynsemin réði værum við öll á ŠKODA Octavia G-TEC. Í honum samtvinnast fegurð, kraftur og virðing fyrir umhverfinu. G-TEC sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með metantank og 50 lítra bensíntank kemstu ótrúlega langt án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í stæði. Komdu og reynsluaktu ŠKODA Octavia G-TEC.



**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**



GusGus kemur til með að spila að minnsta kosti eitt nýtt lag á tónleikunum í bland við eldra efni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# GusGus spilar á toppi Esjunnar

**GusGus heldur tónleika á Esjunni í dag klukkan tvö. Þegar hafa nokkur þúsund manns staðfest komu sína á Facebook. Í boði verða þyrluferðir frá Esjurótum upp að Steini, en Biggi Veira minnir fólk á að kjósa fyrir tónleikana.**

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Tónleikarnir eru haldnir uppi í Esjunni, en ekki alveg uppi á toppi, heldur við Steininn svokallaða. Þannig að maður þarf ekki að klífa síðustu hamrana og getur tekið með sér þokkalega stálpuð börn án þess að það verði vesen,“ segir Birgir Þórarinsson, betur þekktur sem Biggi Veira, léttur í bragði. Biggi er einn af meðlimum hljómsveitarinnar GusGus sem heldur tónleika við Steininn á Esjunni, ásamt DJ Margeiri, í dag, laugardag, klukkan tvö.

Biggi Veira hvetur fólk til að vera búið að kjósa áður en það leggur leið sína upp á Esju. „Þetta verður æðislegur dagur, fólk getur kosið og gengið svo upp Esjuna í rólegheitum. Þetta tekur svona kannski einn og hálfan tíma fyrir óreynda göngumenn, án þess að æla úr sér lifur og lungum, en hálftíma fyrir þá sem eru í því að hlaupa upp,“ segir Biggi og hlær.

GusGus ætlar að frumflytja lag á tónleikunum. „Já, allavega eitt nýtt lag. Við erum svona á milli platna. Erum búnir að vera að túra með Mexico, nýjustu plötuna, og hún er eiginlega skemmtilegust að taka „live“ – þannig að þetta verður mjög þétt sett, eins og maður segir.“

*En má búast við lögum af gömlu plötunum?*

„Það má vel vera.“

Nú þegar hafa nokkur þúsund manns staðfest komu sína á fjallið á Facebook. Einhverjir ætla að nýta sér þann kost að taka þyrlu upp að Steini, en þyrluþjónusta verður við Esjurætur og selur ferðir upp á fjallið.

> **ÞANNIG AÐ MAÐUR ÞARF EKKI AÐ KLÍFA SÍÐUSTU HAMRANA.**

## Ætlarðu á leikinn á mánudaginn?

### FARÐU
til Nice á leikinn gegn Englendingum.




### EKKI FÓTBOLTABULLA, EN STEMMINGSMAÐUR
Ég hef aldrei verið fótboltabulla en mikill stemmingsmaður. Þegar svona móment koma þá verður maður að upplifa þetta.



Aðalsteinn Kjartansson, fjölmiðlamaður

### LESTU
allar nýjustu fréttir af EM í Frakklandi á Vísi.






Hólmfríður Magnúsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu

### KOMA SAMAN Í HAUGESUND
Nei, því miður ... En við Íslendingarnir hérna í Haugesund ætlum að hittast og horfa á leikinn á risaskjá. En mikið vildi ég að ég væri að fara!

### HORFÐU
Horfðu á Gumma Ben lýsa leiknum af sinni einstöku innlifun.





Illugi Gunnarsson, menntamálaráðherra

### STÓR STUND
Já, ráðherra íþróttamála verður á leiknum. Þetta er bara svo stór stund í íþrótta- og þjóðarsögunni!

### HLUSTAÐU
á íslenska stuðningsmenn syngja Ég er kominn heim.



CITROËN

# HVAÐ Á C4 CACTUS SAMEIGINLEGT MEÐ KAKTUSUM?

CITROËN
C4
CACTUS

VERÐ FRÁ
**2.690.000 KR.**
STÓRGLÆSILEGUR
**300.000 KR.**
KAUPAUKI FYLGIR MEÐ
Í TAKMARKAÐAN TÍMA

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ




INTERNATIONAL engine of the year awards 2015
Presented by engine technology international magazine

**Kaktusar** eru harðgerðir, lifa á nánast engu og verja sig á snjallan hátt. Það sama á við um Citroën C4 Cactus. Veldu hagnýta hönnun, sparneytni og lágan rekstrarkostnað. Ekkert prjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag.

Citroën C4 Cactus er fáanlegur með BlueHdi dísilvél eða nýrri PureTech bensínvél sem nýverið hlaut eftirsótta titilinn vél ársins (International Engine of the Year). Báðar vélarnar sameina frábæra frammistöðu, lága eyðslu og litla koltvísýringslosun.

Citroën C4 Cactus hefur slegið í gegn um allan heim. Glæsilegur kaupauki fylgir með tímabundið. Tryggðu þér eintak.

**Komdu í reynsluakstur**

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# EM-TILBOÐ
# LOKAHELGIN



## EM-TILBOÐ 21% AFSLÁTTUR

**ETHAN**
Hornsófi 2H2. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 348 x 257 x 97 cm
**369.990 kr.** ~~469.990 kr.~~



**LARAMIE**
Þriggja sæta sófi. Mjög endingargott brúnt microfiber áklæði. Stærð: 220 x 95 x 95 cm
**169.990 kr.** ~~209.990 kr.~~

EM-TILBOÐ 19% AFSLÁTTUR



**LARAMIE**
Þriggja sæta sófi. Mjög endingargott brúnt microfiber áklæði. Stærð: 170 x 95 x 95 cm
**159.990 kr.** ~~199.990 kr.~~

EM-TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR



**LARAMIE**
Hægindastóll. Mjög endingargott brúnt microfiber áklæði.
Stærð: 110 x 95 x 95 cm
Stóll
**134.990 kr.** ~~169.990 kr.~~
Skammel
**69.990 kr.** ~~89.990 kr.~~

EM-TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR



**LARISSA**
Svefnsófi. Slitsterkt brúnt áklæði.
Stærð: 224 x 99 x 94 cm
**199.990 kr.** ~~279.990 kr.~~

EM-TILBOÐ 28% AFSLÁTTUR

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga
**Akureyri** Dalsbraut 1 — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga
**Ísafjörður** Skeiði 1
**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*




## COSTA

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga.
Hvítt eða svart bongo áklæði.
Einnig fáanlegur í gráu áklæði.
Stærð: 305 × 215 × 84 cm
Einnig fáanlegur
285 cm breiður.



**299.990 kr.**
~~399.990 kr.~~

**EM-TILBOÐ 25% AFSLÁTTUR**

# EM-STÓLLINN FRÁ LA-Z-BOY®

**EM-TILBOÐ 30% AFSLÁTTUR**

## Adam

Stílhreinn La-Z-Boy hægindastóll. Fáanlegur í leðri og áklæði. Leðurútgáfan fáanleg bæði rafdrifin og án rafmagns. Stærð: B: 82 × D: 98 × H: 104 cm






ADAM Í ÁKLÆÐI
**97.990 kr.**
~~139.990 kr.~~

ADAM í leðri
**132.990 kr.**
~~189.990 kr.~~

ADAM rafdrifinn í leðri
**216.990 kr.**
~~309.990 kr.~~

Þú finnur EM-tilboðsbæklinginn
á www.husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN

### Lokaorð forsetaframbjóðenda:

# Hvers vegna ætti fólk að kjósa þig sem forseta Íslands?

Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is



Gengið verður að kjörborðinu í dag þar sem kosið verður um sjötta forseta lýðveldisins. Níu frambjóðendur gefa kost á sér til þess að gegna embættinu.



## Hildur Þórðardóttir

♐ **Þjóðfræðingur/rithöfundur**
F. 2. desember 1967

**Ég stend fyrir nýjan hugsunarhátt og ný vinnubrögð, þar sem öll sjónarmið mega heyrast og svo metur hver hvað er rétt fyrir sig. Saman getum við búið til betra samfélag þar sem fólk skiptir meira máli en peningar og þar sem allir eru dýrmætir, einstakir og mikilvægir.**



## Davíð Oddsson

♑ **Ritstjóri**
F. 17. janúar 1948

**Kjósendur sem telja mikilvægt að forseti Íslands hafi burði og þor til að taka erfiðar ákvarðanir og verja hagsmuni lands og þjóðar vita hvaða kostir eru í boði. Á ögurstundu má dómgreind ekki bresta og þá getur reynsla og þekking á íslenskri stjórnsýslu, stjórnmálum, menningu og atvinnulífi ráðið úrslitum.**



## Elísabet Jökulsdóttir

♈ **Rithöfundur**
F. 16. apríl 1958

**Ég er heiðarleg, segi hug minn og hjarta og læt þjóðinni ekki leiðast, tendra eld á fjalli og í fjöru. Mig langar að fara í hvert hverfi í borginni og út á land og heyra hvað þjóðin er að segja. Ég elska Ísland.**



## Andri Snær Magnason

♋ **Rithöfundur**
F. 14. júlí 1973

**Ég þekki eigin styrk og takmarkanir og er því fullur sjálfstrausts, sama hvert verkefnið er. Forsetaembættið á að snúast um hugmyndir og hugsjónir og samtal við þjóðina. Nýja stjórnarskráin er samtal sem var þaggað niður – við verðum einfaldlega að klára það. Ég kann líka að vera fastur fyrir og sjá hlutina skýrt – líka á ögurstundu.**



## Halla Tómasdóttir

♎ **Rekstrarhagfræðingur**
F. 11. október 1968

**Vegna þess að ég mun horfa til framtíðar, hvetja, hlusta, sætta og sameina. Ég hef menntun, reynslu og manngerð í starfið og er reiðubúin að bretta upp ermar og gera gagn. Áhrifavald forseta er mikið, ég set mannlíf og náttúru í forgang og tala fyrir jafnrétti, heiðarleika, réttlæti og virðingu.**



## Sturla Jónsson

♏ **Vörubílstjóri**
F. 4. nóvember 1966

**Það er vegna þess að ég ætla að beita 25. gr. stjórnarskráarinnar og láta leggja frumvarp fyrir Alþingi um afnám á verðtryggingunni því það er orðið tímabært að stjórnvöld í landinu vinni fyrir almenning.**



## Ástþór Magnússon

♌ **Athafnamaður**
F. 4. ágúst 1953

**Nú eru mál að þróast þannig í Evrópu að hætta er talin á upplausn og jafnvel styrjöld. Ég vil afstýra því að Ísland verði skotmark í stríði stórveldanna. Þjóðin getur treyst því að ég mun standa dyggan vörð um fullveldi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar gegn hernaðarlegri og fjármálalegri íhlutun.**



## Guðrún Margrét Pálsdóttir

♓ **Hjúkrunarfræðingur**
F. 15. mars 1959

**Ég þrái að sjá þessa þjóð blómstra og verða öðrum þjóðum til blessunar. Ég er viss um að ef við hlúum að rótum okkar; tungumáli, trú, menningu og gildum, græðum upp landið okkar, stöndum saman og biðjum um áætlun Guðs fyrir þjóðina þá mun okkur farnast vel á þessu landi.**



## Guðni Th. Jóhannesson

♋ **Sagnfræðingur**
F. 26. júní 1968.

**Fólkið í landinu á að kynna sér sjónarmið allra sem eru í framboði og taka upplýsta ákvörðun í framhaldi af því. Nái ég kjöri vil ég vera forseti allra Íslendinga, öllum óháður og horfa bjartsýnn fram á veg en nýta auk þess reynslu liðins tíma til að láta gott af mér leiða.**


Granít
Steinar
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 269.900
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 239.900
Með lukt, áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 303.900
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 309.900
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 159.900
Með áletrun og uppsetningu
verð aðeins kr: 119.900
Sendum út um allt land án kostnaðar
BIONDAN
MIKIÐ ÚRVAL LUKTA OG FYLGIHLUTA FRÁ BIONDAN,
EINUM VIRTASTA FRAMLEIÐENDA Í EVRÓPU
* Aukahlutir á mynd fylgja ekki
Granítsteinar.is – Helluhrauni 2 – Hafnafjörður – Sími: 544-5100

# 1944–2016 Forsetar Íslands



Stefán Rafn Sigurbjörnsson
stefanrafn@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

Fimm einstaklingar hafa gegnt embætti forseta Íslands frá stofnun lýðveldisins árið 1944. Hver og einn þeirra hefur sett svip sinn á embættið og baráttumálin verið misjöfn. Fyrsti forsetinn var kjörinn án atkvæðagreiðslu á lýðveldishátíðinni á Alþingi árið 1944. Fyrsti þjóðkjörni forsetinn tók svo við embætti árið 1952.

Ljóst er að hver og einn forseti hefur mótað embættið á sinn hátt. Forsetarnir hafa verið mispólitískir og misíhlutunarsamir á hinu daglega sviði stjórnmálanna. Sá sem tekur nú við embættinu getur leitað í embættisfærslur forvera sinna og haldið áfram að móta þetta unga embætti.



## 1944–1949 Sveinn Björnsson

**Fyrsti forseti Íslands var tvisvar kjörinn án atkvæðagreiðslu, 1945 og 1949.**

**17. júní 1941** ***kjörinn ríkisstjóri Íslands*** af Alþingi.

**16. desember 1942** Skipar fyrstu utanþingsstjórnina, „Kóka kóla stjórnina“, svokölluðu undir forystu ***Björns Þórðarsonar.***

**17. júní 1944** Kjörinn fyrsti forseti Íslands af Alþingi á lýðveldishátíðinni á Þingvöllum.

**1945** Endurkjörinn án atkvæðagreiðslu.

**1946** ***Sósíalistar*** þrýsta á Svein að beita málskotsrétti forseta vegna ***Keflavíkursamningsins.*** Hann varð ekki við því.

**1949** Endurkjörinn án atkvæðagreiðslu.

**25. janúar 1952** Sveinn lést. Eini forsetinn sem hefur látist í embætti.



## 1952–1968 Ásgeir Ásgeirsson

**Fyrsti þjóðkjörni forseti Íslands. Árið 1952 hlaut hann 46,7% greiddra atkvæða. Ásgeir var endurkjörinn án atkvæðagreiðslu 1956, 1960 og 1964.**

**29. júní 1952** Kjörinn forseti Íslands í fyrstu almennu kosningunum um forseta.

**1956** Endurkjörinn án atkvæðagreiðslu.

**1958** Hlutast til um stjórnarmyndun og kemur í veg fyrir að ***Alþýðubandalagið*** haldi áfram í ríkisstjórn. Viðreisnarstjórnin mynduð.

**1960** Endurkjörinn án atkvæðagreiðslu.

**1964** Endurkjörinn án atkvæðagreiðslu.

**September 1964** ***Dóra Þórhallsdóttir*** forsetafrú fellur frá.

**1966** Þingmenn ***Alþýðubandalagsins*** vilja að Ásgeir virki málskotsréttinn og synji lagafrumvarpi um ***álverið í Straumsvík.*** Hann varð ekki við því.

**1968** Ásgeir lætur af embætti forseta.



## 1968–1980 Kristján Eldjárn

**Kjörinn árið 1968 með 65% greiddra atkvæða. Kristján var endurkjörinn án atkvæðagreiðslu 1972 og 1976.**

**30. júní 1968** Kjörinn forseti.

**1970** Kristján verður ekki við þeirri beiðni að synja lögum um ***Laxárvirkjun í Mývatnssveit.***

**1972** Endurkjörinn án atkvæðagreiðslu.

**1974** Verður við þingrofsbeiðni ***Ólafs Jóhannessonar*** forsætisráðherra.

**1976** Endurkjörinn án atkvæðagreiðslu.

**1978** ***Sósíalistar*** fá umboð til stjórnarmyndunar. Slíkt vakti hneykslan margra en með þessu sannaði Kristján pólitískt hlutleysi sitt.

**10. febrúar 1980** Kristján er kominn á fremsta hlunn með að mynda utanþingsstjórn en veitir ***Gunnari Thoroddsen*** umboð til stjórnarmyndunar. Gunnar klýfur ***Sjálfstæðisflokkinn*** og myndar eina umdeildustu ríkisstjórn fyrr og síðar.

**1980** Lætur af embætti forseta Íslands.





## 1996–2016 Ólafur Ragnar Grímsson

**Kjörinn forseti árið 1996 með 40,68% greiddra atkvæða. Hann var endurkjörinn án atkvæðagreiðslu 2000 en 2004 kom fram mótframboð. Í þeim kosningum hlaut hann 67,5% greiddra atkvæða. 2008 var hann endurkjörinn án atkvæðagreiðslu. 2012 var hann endurkjörinn með 52,8% gildra atkvæða.**

**29. júní 1996** Kjörinn forseti Íslands.

**2000** Endurkjörinn án atkvæðagreiðslu.

**2. júní 2004** Neitar að staðfesta ***fjölmiðlafrumvarpið.***

**2004** Endurkjörinn í forsetakosningum.

**2008** Endurkjörinn án atkvæðagreiðslu.

**5. janúar 2010** Synjar lögum um ***Icesave***-samningana.

**10. febrúar 2011** Synjar lögum um ***Icesave***-samningana öðru sinni.



**2012** Endurkjörinn í forsetakosningum.

**1. janúar 2016** Tilkynnir í nýársávarpi að hann ætli ekki að gefa kost á sér til endurkjörs.

**5. apríl 2016** Hafnar þingrofsbeiðni ***Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar*** forsætisráðherra. Sigmundur segir af sér í kjölfarið.

**Apríl 2016** Tilkynnir að hann gefi aftur kost á sér í embætti forseta.

**9. maí 2016** Ólafur Ragnar ákveður að draga framboð sitt til baka.



## 1980–1996 Vigdís Finnbogadóttir

**Fyrst kjörin árið 1980 með 33,6% greiddra atkvæða. Vigdís var endurkjörin án atkvæðagreiðslu 1984 en 1988 kom fram mótframboð gegn henni. Þá hlaut hún 92,7% greiddra atkvæða. Vigdís var endurkjörin án atkvæðagreiðslu 1992.**

**29. júní 1980** Kjörin forseti Íslands. Fyrsta konan til að vera lýðræðislega kjörinn forseti í heiminum.

**1982** Ríkisstjórnin samþykkir bann við ***verkfalli flugfreyja*** á kvennafrídaginn. Vigdís neitar að undirrita lögin fyrr en seinna um kvöldið.

**1984** Endurkjörin án atkvæðagreiðslu.

**1988** Sitjandi forseti Íslands fær í fyrsta sinn mótframboð. Vigdís vinnur kosningarnar með yfirburðum.

**1992** Endurkjörin án atkvæðagreiðslu.

**1993** 34 þúsund manns skora á Vigdísi að synja lögum um aðild Íslands að ***EES.*** Hún verður ekki við því.

**1996** Lætur af embætti.








## 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM CINTAMANI VÖRUM ALLA HELGINA

[afsláttur gildir aðeins í Aðalstræti 10]

VERIÐ VELKOMIN Í NÝJA VERSLUN OKKAR Í ELSTA HÚSI REYKJAVÍKUR VIÐ AÐALSTRÆTI 10
VERSLUNIN ER OPIN ALLA DAGA 09:00 TIL 21:00

---

# CINTAMANI

WWW.CINTAMANI.IS

AÐALSTRÆTI 10 | BANKASTRÆTI 7 | AUSTURHRAUN 3 | SMÁRALIND | KRINGLAN | AKUREYRI



Lars Lagerbäck á einum af fjölmörgum fundum með fréttamönnum á Evrópumótinu í Frakklandi. Svíinn er öllu vanur, svarar spurningum af einlægni og lætur aldrei koma sér úr jafnvægi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Draumur varð að veruleika

**Íþróttafréttamenn 365** fylgjast grannt með ævintýri strákanna okkar í Frakklandi. Skyggnst bak við tjöldin á EM.

EM2016



Kolbeinn Tumi Daðason
kolbeinntumi@365.is

Þátttaka karlalandsliðs Íslands á stórmóti í fótbolta var lengi vel draumur, sem rættist. Allt annar draumur var að fá að fylgja liðinu eftir á Evrópumótinu í Frakklandi og miðla efni heim til þeirra sem ekki eiga kost á því að fá EM-ævintýrið beint í æð á vettvangi. Átján heppnir íslenskir fjölmiðlamenn hafa upplifað þann draum undanfarnar tvær vikur, að elta strákana okkar borga á milli, fylgjast með þeim á æfingum, ræða við þá á blaðamannafundum, berjast við stressið í stúkunni á leikdögum, hitta eldhressa íslenska stuðningsmenn og vera svo í jafnmiklu spennufalli og aðrir þegar leikirnir eru gerðir upp að þeim loknum í sjónvarpi, útvarpi, vef eða dagblaði.

Fimm íslenskir fjölmiðlar hafa verið með fulltrúa á þessu ferðalagi auk þess sem fleiri miðlar eiga fulltrúa í blaðamannastúku á leikdag. Stemningin í hópnum hefur verið afar góð þar sem húmorinn er allsráðandi, menn láta svo til allt flakka, allir fá sinn skammt af skotum en þegar til kastanna kemur hjálpast menn að og njóta verunnar.



Landslagið í Annecy, alpabænum þar sem landsliðið og íslenska pressan hafði bækistöðvar, er gullfallegt. Hér er bein útsending í gangi í kvöldfréttum Stöðvar 2.

**Karlasamkoma**

Hópurinn er ekki ósvipaður landsliðshópnum nema að aldursdreifingin er meiri, menn eru í umtalsvert lélegra formi og fótboltagetan, þrátt fyrir mikla viðleitni sumra, á mun

> MAÐUR TEKUR HREINLEGA EFTIR ÞVÍ ÞEGAR KONA ER Á SVÆÐINU SVO EINSLEITT ER VINNUUMHVERFIÐ. HÉRNA ERU KARLAR, AÐ FJALLA UM KARLA.

lægra plani. Þetta eru allt strákar, áhugamenn um knattspyrnu og spila jafnvel með liðum heima, eða gerðu. Líkt og hjá landsliðinu er hópurinn saman í langan tíma, borðar svo til sama matinn, dvelur á sömu hótelum og ferðast saman. Hópurinn þarf, ólíkt strákunum okkar, lítið að stytta sér stundir enda dagarnir langir þar sem lög um hvíldartíma eru mölbrotin og unnið myrkranna á milli.

Nú hrista vafalítið einhverjir hausinn yfir þeirri staðreynd hve einsleitur hópurinn er. Það er leiðinlegt

# ENGINN STIRÐLEIKI MEÐ AMÍNÓ® LIÐUM

**Icecare kynnir** Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr fiskprótíni úr hafinu við Ísland. Snorri Snorrason finnur mikinn mun á sér eftir að hann fór að nota Amínó® Liði en hann fann áður fyrir miklum stirðleika.

Amínó® Liðir, Amínó® Létt og Amínó® 100% eru nýjar vörur úr fiskprótíni sem var þróað og unnið hjá Iceprotein, íslensku sprotafyrirtæki á Sauðárkróki. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsubætandi virkni þorskpeptíða.


Ida er betri af liðagigt eftir að hún fór að nota Amínó® Liði.

### GÓÐA REYNSLA AF AMÍNÓ® LIÐUM

Snorri Snorrason, vélamaður hjá Alexander Ólafssyni ehf., hefur notað Amínó® Liði með góðum árangri en fyrir um rúmu einu ári fór að bera á miklum stirðleika í liðum hjá honum. „Ég hef ekki fengið neina nákvæma skýringu á hvað hrjáði mig, hugsanlega þetta og hugsanlega hitt. Síðan tóku liðir upp á því að bólgna mikið og kom sá tími að ég gat ekki stigið í fæturna vegna stirðleika og bólgu. Ég hef prófað ýmislegt en ekkert hefur virkað og slegið almennilega á þessi einkenni,“ segir Snorri og útskýrir að konan hans hafi heyrt af undraefninu Amínó® Liðum og sett honum fyrir að taka það reglulega í um einn mánuð og sjá hvort hann myndi finna mun. „Það vantaði ekki virknina! Ég var farinn að finna mun á rúmri viku, allt í einu gat ég bara stigið óhikað í fæturna. Í dag er enginn stirðleiki og ég tek bara Amínó® Liði inn. Þetta allavega svínvirkar á mig og gerir mér gott. Ég finn ekki fyrir stirðleika í ökkla og úlnlið og vil ég þakka það Amínó® Liðum, engin spurning.“




### MINNI VERKIR

Þær Steinþóra Sigurðardóttir og Ida Haralds Malone hafa báðar notað Amínó® Liði og eru ánægðar með áhrifin eins og Snorri. „Ég var mjög slæm í baki og leiddu verkirnir í bakinu niður í annan fótinn. Ég var með stöðug óþægindi og hálf haltraði. Eftir að ég fór að taka inn Amínó® Liði öðlaðist ég meiri liðleika í bakinu og verkirnir minnkuðu,“ segir Steinþóra. Ida hefur haft liðagigt í um þrjátíu ár og hefur henni liðið misvel. „Stundum hefur mér liðið ágætlega í nokkur ár en svo fer að síga á ógæfuhliðina. Ég á ekki nógu mörg orð yfir hvað ég er ánægð með Amínó® Liði.“


Snorri Snorrason, vélamaður hjá Alexander Ólafssyni ehf., hefur notað Amínó® Liði með góðum árangri.


Steinþóru líður betur í baki eftir að hún fór að taka Amínó® Liði. MYND/ANTON BRINK

### AMÍNÓ® LIÐIR

Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr fiskprótíni úr hafinu við Ísland. Það inniheldur sæbjúgu (Cucumaria frondosa) og IceProteins® (vatnsrofin þorskprótín). Skrápurinn samanstendur að mestu leyti af brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efninu chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir skemmdum og örvar endurbyggingu á skemmdu brjóski. Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúgnaextraktið ríkt af sinki, joði og járni sem og bólguhemjandi efnum sem nefnast saponin. Auk sæbjúgna og IceProteins® inniheldur Amínó® Liðir túrmerik, D-vítamín, C-vítamín og mangan. Kollagen, chondroitin sulphate, D-vítamín, C-vítamín og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðaheilsu.

### SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR

**Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is**

IceCare
Þín heilsa






Þurr augu?




Tvöföld virkni

Sex sinnum lengri ending

án rotvarnarefna

Thealoz Duo® er ný aðferð við meðhöndlun augnþurrks sem sækir innblástur beint til náttúrunnar.

Til þess að koma jafnvægi á tárafilmuna notum við náttúrulegu efnin trehalósa, sem kemur á jafnvægi og verndar frumurnar á yfirborði hornhimnunnar, og hýalúronsýru, sem smyr yfirborð hornhimnunnar og gefur henni raka.

Fæst í öllum helstu apótekum.

provision

FRÉTTABLAÐIÐ

59,5%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.

Gallup, janúar–mars 2016




Allt sem þú þarft ...




Ingunn Huld segir stemninguna í gróðurhúsi Norræna hússins ljúfa enda sé umhverfið afar fallegt. MYND/STEFÁN

# FAGRIR TÓNAR ÓMA Í GRÓÐURHÚSI

Hin árlega Pikknikk-tónleikaröð Norræna hússins hefst á sunnudaginn. Tónleikarnir fara fram í gróðurhúsi Norræna hússins alla sunnudaga í sumar. Tónlistarkonan Ingunn Huld Sævarsdóttir ríður á vaðið.

„Ég hef aldrei spilað í gróðurhúsinu áður en hef farið þar á tónleika. Stemningin er ákaflega ljúf enda er umhverfið fallegt og skemmtilegt," segir Ingunn Huld sem hlakkar mikið til tónleika sinna á sunnudaginn en þar ætlar hún að spila frumsamin lög í bland við nokkrar ábreiður. „Það eru margir sem þekkja og hafa komið í Norræna húsið en færri sem hafa farið í gróðurhúsið. Þetta er því kjörið tækifæri fyrir fólk að upplifa eitthvað nýtt."

Ingunn Huld lærði djasssöng við Tónlistarskóla FÍH og útskrifaðist þaðan árið 2013. Hún hefur lengi samið sitt eigið efni. „Þegar ég útskrifaðist var ég með tónleika bara með frumsömdu efni," segir Ingunn sem finnst erfitt að setja stimpil á eigin stíl. „En ég held að það megi segja að ég semji þjóðlagapopp undir áhrifum frá ýmsum öðrum stílum."

Hún segist semja flesta sína tónlist út frá spuna sem tengist nokkuð djassinum. Það sé ekki meðvitað hjá henni að semja þjóðlagapopp. „Það vill bara til að tónlistin fer í þá átt," segir hún og brosir.

Ingunn Huld hefur oftar en ekki komið fram ein og spilar þá ýmist á gítar, píanó eða ukulele. Eftir að fyrsta breiðskífan hennar, Fjúk, kom út í nóvember síðastliðnum, hefur hún iðulega haft fleiri tónlistarmenn með sér. „Það er miklu skemmtilegra en að vera einn að glamra," segir hún glaðlega en í gróðurhúsinu á sunnudaginn verður hún með gítar- og bassaleikara með sér. „Þetta eru þeir Árni Magnússon sem spilar á bassa með hljómsveit Júníusar Meyvant og Ásgeir Ásgeirsson sem spilar á gítar með Skuggamyndum frá Býsans og fleirum."

Ingunn Huld hefur síðustu tvö árin kennt tónmennt og leiklist við Vesturbæjarskóla. Næsta vetur ætlar hún sér þó að taka sér leyfi frá kennslu og stefnir á frekara tónlistartengt nám við Listaháskóla Íslands. Samhliða því heldur hún þó áfram að kenna á flautu í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts.

En hvað er fram undan í sumar? „Ég verð með tónleika í Grundarfjarðarkirkju 20. júlí sem hefur verið á stefnuskránni lengi enda hefur eitt lagið af plötunni minni beina tengingu þangað. Auk þess er ég ættuð frá Grundarfirði. Þá verð ég með tónleika á Rosenberg 10. ágúst og svo getur vel verið að það detti inn einhverjir fleiri tónleikar á ferð minni um landið í sumar."

Ingunn býst við góðri stemningu á Pikknikk-tónleikunum á sunnudögum í sumar. „Gestir sitja í nokkurri nánd við tónlistarmennina enda er gróðurhúsið ekki stórt. Þeir sem vilja geta síðan keypt nesti á veitingastað Norræna hússins, AALTO Bistro, og farið í pikknikk."

**Tónleikarnir á sunnudaginn hefjast klukkan 15 en aðgangur er ókeypis.**

## PIKKNIKK

Pikknikk-tónleikaröðin fer fram alla sunnudaga í sumar klukkan 15.

- **26. júní** Ingunn Huld Sævarsdóttir
- **3. júlí** Funi
- **10. júlí** Ellen Kristjáns
- **17. júlí** Myrra Rós
- **24. júlí** ÍRiS
- **31. júlí** Anna Jónsdóttir
- **7. ágúst** Markús and the Diversion Sessions
- **14. ágúst** Magnús R. Einarsson tríó

Ef veðrið er vont færast tónleikarnir inn í Sal Norræna hússins. Aðgangur á tónleikana er ókeypis og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

> Gestir sitja í nokkurri nánd við tónlistarmennina enda er gróðurhúsið ekki stórt. Þeir sem vilja geta síðan keypt nesti á veitingastað Norræna hússins, AALTO Bistro, og farið í pikknikk.
>
> Ingunn Huld Sævarsdóttir

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

# NÝR NEFÚÐI VIÐ OFNÆMISKVEFI

**LYFIS kynnir** Mometason Evolan nefúði inniheldur barkstera og fæst nú í apótekum án lyfseðils. Nefúðinn er ætlaður bæði við árstíðabundnu ofnæmiskvefi sem og langvarandi bólgu í nefslímhúð.

„Mometason Evolan nefúðinn inniheldur barksterann mometason fúróat. Barksterar eru mjög virk bólgueyðandi efni sem hindra myndun ýmissa boðefna í ónæmiskerfinu, m.a. í ofnæmi,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. Einkenni frá nefi vegna ofnæmis geta verið nefstífla, nefrennsli, kláði í nefi og hnerri. „Með því að gefa barkstera í nef er hægt að hafa staðbundin áhrif á þessi algengu ofnæmiseinkenni frá nefi,“ segir Hákon. Ofnæmiskvef, sem er árstíðabundið, er ofnæmisviðbrögð sem koma fram þegar andað er að sér m.a. frjókornum frá trjám, grösum og blómum eða sporum frá myglu og sveppum. Stöðug nefslímubólga kemur fram allt árið um kring og einkennin geta verið vegna ofnæmis fyrir ýmsum mismunandi ofnæmisvöldum, t.d. rykmaurum, dýrahári (eða húðflögum), fjöðrum eða ákveðnum fæðutegundum. Mometason Evolan minnkar þrota og ertingu í nefinu og dregur þannig úr nefstíflu, nefrennsli, kláða og hnerra. Hjá sumum einstaklingum byrjar Mometason Evolan að draga úr einkennum 12 klst. eftir fyrsta skammt, en það geta liðið allt að tveir dagar þar til fullur árangur af meðferðinni kemur fram. Mjög gott er fyrir þá sem fá að jafnaði mikið ofnæmiskvef vegna frjókorna að byrja að nota lyfið nokkrum dögum áður en frjókornatímabilið hefst til að lágmarka einkennin eins og kostur er. Mometason Evolan nefúðinn fæst án lyfseðils í apótekum. Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér notkunarleiðbeiningar og helstu varúðarreglur. Stutta samantekt um lyfið má finna hér á eftir.




- Nefstífla
- Nefrennsli
- Kláði í nefi
- Hnerri

Mometason Evolan minnkar þrota og ertingu í nefi og dregur þannig úr nefstíflu, nefrennsli, kláða og hnerra.




Algengir ofnæmisvaldar.

LYFIS Traust í lyfjum

**Notkunarsvið:** Mometason Evolan er ætlað til notkunar hjá fullorðnum, 18 ára og eldri, til meðferðar við einkennum árstíðabundinnar eða langvarandi bólgu í nefslímhúð. **Ekki má nota lyfið** ef til staðar er ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna eða ómeðhöndluð, staðbundin sýking í nefslímhúð. Ef viðkomandi hefur nýlega gengist undir nefaðgerð eða er með áverka í nefi. **Gæta skal sérstakrar varúðar** hjá einstaklingum með virka eða dulda berkla í öndunarfærum eða ómeðhöndlaðar sveppa-, bakteríu- eða altækar veirusýkingar og hjá ónæmisbældum einstaklingum. Lyfið inniheldur benzalkonklóríð. **Meðganga og brjóstagjöf:** Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað. **Skömmtun:** *Fullorðnir:* 2 úðaskammtar í hvora nös einu sinni á dag. Þegar stjórn hefur náðst á einkennum má minnka skammtinn í 1 úðaskammt í hvora nös einu sinni á dag. **Algengar aukaverkanir:** Höfuðverkur, hnerrar, blóðnasir, eymsli í nefi eða koki, sár í nefi, sýkingar í öndunarvegi. **Lesið vandlega fylgiseðil sem fylgir lyfinu.** SmPC: Mars 2016.

# DESLORATADINE RATIOPHARM VIÐ OFNÆMI OG OFSAKLÁÐA

24 KLST. VERKUN

**LYFIS kynnir:** Ofnæmislyfið Desloratadine ratiopharm er komið aftur í sölu. Fæst án lyfseðils í apótekum. Athugið breytt útlit pakkninga. Lyfið er litlar bragðgóðar munndreifitöflur sem hægt er að láta leysast upp í munni, tyggja eða kyngja í heilu lagi.

„Desloratadine ratiopharm er ofnæmislyf sem veldur ekki syfju. Það hjálpar til við að hafa hemil á ofnæmisviðbrögðum og einkennum þeirra með því að hindra verkun ofnæmisvakans histamíns,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Lyfið er fljótt að virka og verkun þess varir allan sólarhringinn, svo eingöngu er þörf á að taka það einu sinni á dag,“ segir Hákon. Lyf sem innihalda virka efnið desloratadin, eins og Desloratadine ratiopharm, voru áður eingöngu fáanleg gegn lyfseðli. Mismunandi er milli einstaklinga hvaða ofnæmislyf hentar hverjum og því getur fólk þurft að prófa sig áfram með hvað hentar þeim. Desloratadine ratiopharm er nú aftur fáanlegt sem valkostur án lyfseðils í apótekum. Eins og nafnið gefur til kynna er virka efnið desloratadin talsvert skylt efninu loratadini (innihaldsefni í m.a. Loratadin LYFIS), en loratadin er óvirkt efni sem umbreytist í líkamanum í virka efnið desloratadin. Með desloratadini er búið að taka út umbreytingarskrefið úr óvirku efni í virka efnið. Desloratadine ratiopharm munndreifitöflur leysast hratt upp í munni eða maga. Desloratadine ratiopharm er fáanlegt án lyfseðils í 10 stk. og 30 stk. pakkningum og er ætlað fullorðnum og unglingum eldri en 12 ára. Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér helstu varúðarreglur. Stutta samantekt um lyfið má finna hér á eftir.




OFNÆMISKVEF OFSAKLÁÐI

BREYTT ÚTLIT PAKKNINGA

**Desloratadine ratiopharm eru litlar munndreifitöflur sem leysast hratt upp í munni eða maga og má taka inn án þess að drekka með vökva, þó það henti engu að síður líka. Munndreifitöflurnar eru með tutti frutti bragði og innihalda ekki laktósa.**

LYFIS Traust í lyfjum

**Desloratadine ratiopharm** er ætlað til að draga úr einkennum ofnæmiskvefs og ofsakláða.

**LÉTTIR ÞESSARA EINKENNA VARIR ALLAN SÓLARHRINGINN.**

**Ofnæmiskvef, einkenni:**
- hnerri
- nefrennsli og kláði í nefi
- kláði í efri gómi
- kláði í augum
- rauð eða tárvot augu

**Ofsakláði, einkenni**
- kláði
- ofsakláði

**Notkunarsvið:** Desloratadine ratiopharm er ofnæmislyf. Það hjálpar við að hafa hemil á ofnæmisviðbrögðum og einkennum þeirra. Desloratadine ratiopharm er ætlað til að draga úr einkennum ofnæmisnefkvefs og úr einkennum ofsakláða. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir desloratadini, einhverju öðru innihaldsefni lyfsins eða loratadini. **Varúð:** Verkun og öryggi Desloratadine ratiopharm munndreifitaflna hefur ekki verið staðfest hjá börnum undir 12 ára aldri. Desloratadine ratiopharm ætti að nota með varúð þegar um er að ræða verulega skerta nýrnastarfsemi. Lyfið inniheldur aspartam og getur því verið skaðlegt þeim sem eru með fenýlketónmigu. **Meðganga og brjóstagjöf:** Ekki er ráðlagt að nota Desloratadine ratiopharm á meðgöngu eða á meðan á brjóstagjöf stendur. **Skömmtun:** Fullorðnir og unglingar (12 ára og eldri): ein 5 mg tafla einu sinni á dag. **Algengustu aukaverkanir:** þreyta, munnþurrkur og höfuðverkur. **Lesið vandlega fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** SmPC: September 2013.



Ólafur hefur staðið kosningavaktina í sjónvarpi í 30 ár. Hann er líka mikill matgæðingur og velur íslenskt lamb á kosningadegi. MYND/STEFÁN

# ÍSLENSKT LAMB Á KOSNINGADEGI

Það er kosningadagur með viðeigandi kosningasjónvarpi á RÚV og Stöð 2. Einn maður hefur manna oftast komið fram í kosningasjónvarpi, það er **Ólafur Þ. Harðarson** prófessor sem hefur rýnt í kosningatölur í sjónvarpi frá árinu 1986 eða í nákvæmlega 30 ár.

Ólafur segir að komandi kosningakvöld verði skemmtilegt eins og alltaf. „Kannski hefur spennan um úrslit oft verið meiri, en þetta er alltaf spennandi," segir hann. Ólafur segist fyrst hafa rýnt í kosningatölur við alþingiskosningarnar 1983 en þá í útvarpinu sem þá var á Skúlagötu. „Ég hef sinnt kosningasjónvarpi í átta sveitarstjórnarkosningum, einhverjum þjóðaratkvæðagreiðslum og fyrir margt löngu einnig í breskum og bandarískum kosningum. Allt hjá RÚV," segir hann.

„Kannanir sýna að enn horfir mikill meirihluti Íslendinga á kosningasjónvarp og margir gera sér líka glaðan dag og hlusta kannski ekki mjög grannt. Kosningadagar eru kannski ekki jafn miklir hátíðisdagar og fyrr, menn fara ekki endilega í sparifötin til að kjósa en það gildir líka um Óperuna. Íslenskar kosninganætur eru miklu meiri hátíð en í flestum nágrannalöndum enda var ákveðið fyrir nokkrum áratugum að færa kosningar frá sunnudegi til laugardags, aðallega til þess að menn gætu notið næturinnar," segir Ólafur.

Þótt Ólafur sé fyrst og fremst prófessor við stjórnmálafræði í Háskóla Íslands er hann jafnframt mikill matgæðingur. Hann segir að frúin, Hjördís Smith, eldi þó oftast á heimilinu. „Ég elda stundum. Okkar uppáhaldsmatur er lambakjöt og fiskur. Við bjóðum oft í matarveislur en mættum samt gera meira af því," segir hann en þau hjónin eru í matarklúbbi sem hittist mánaðarlega.



Ólafur grillar lambahrygginn „indirect", það er að kolin eru ekki undir kjötinu.

> Kosningadagar eru kannski ekki jafn miklir hátíðisdagar og fyrr, menn fara ekki endilega í sparifötin til að kjósa en það gildir líka um Óperuna.
>
> Ólafur Þ. Harðarson

### LAMBAHRYGGUR Á GRILLINU

„Á forsetakosningadegi er viðeigandi að eta þjóðarrétt Íslendinga, lambið," segir Ólafur sem gefur lesendum uppskrift að grilluðum, feitum lambahrygg í tilefni dagsins.

Ólafur segist velja feitasta og stærsta dilkahrygginn sem fæst í búðinni. Hann stingur dálítil göt ofan í yfirborð hryggjarins (um 2ja sentimetra millibil) og treður hvítlaukssneiðum þar í.

Því næst setur hann fersk rósmarínlauf í götin með hvítlauknum. Stráir síðan pipar og salti á hrygginn, allt eftir smekk.

Best er að grilla kjötið á kolagrilli. Ólafur notar Weber-kolagrill og grillar kjötið í um klukkutíma, „indirec grilling, en þá eru kolin höfð öðrum megin á botni grillsins en kjötið hinum megin eða kolin sitt hvorum megin við miðju og kjötið á miðju grilli. Ef um gasgrill er að ræða sem hefur þrjá brennara, þá er slökkt á miðbrennara og kjötið haft fyrir miðju.

Meðlætið er eldað í einu formi. Kartöflur, venjulegar og sætar, gulrætur, laukur (venjulegur og rauður) og rótargrænmeti eftir smekk – sett í ofnskúffu og laugað í ólífuolíu. Haft í ofni við um 180 gráður uns tilbúið, um það bil klukkutíma. Svo eru alltaf rauðrófur með og ORA grænar baunir og rabarbarasulta. **elin@365.is**

## BRÁÐNAUÐSYNLEGT ALLÍÓLI

**6 hvítlauksrif**
**1 egg + 1 eggjarauða**
**½ teskeið salt**

- Maukað í 3 mínútur í matvinnsluvél.
- Síðan er matarolíu og ólífuolíu hellt hægt og í mjórri bunu í matvinnsluvélina uns majónesið er orðið hæfilega þykkt.
- Þá er bætt í og hrært áfram í vélinni, safi úr ½ lime, pipar, ¼ teskeið harissa.
- Þegar allíóli-ið er tilbúið má blanda því saman við gríska jógúrt eftir smekk.
- Líka má hafa stöppu með sætum kartöflum sem er gerð eins og venjuleg kartöflustappa og er lostæti.






YFIR 1.300 BEINAR ÚTSENDINGAR Á ÁRI

Sportpakkinn inniheldur: **Stöð 2 Sport, hliðarrásir, Eurosport, Extreme Sport, Motors TV, Sky News, NBA TV, MUTV, LFC TV og Chelsea TV.**

SPORT

*Sportpakkinn er tilvalinn fyrir þá sem elska íþróttir. Enski boltinn, Meistaradeildin, Evrópuboltinn ásamt spjallþáttum með spekingunum. Körfubolti, Formúlan, NFL, bardagaíþróttir og margt annað sem fær hjartað til að slá örar.*

**Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is. Samsetning sjónvarpspakka getur breyst án fyrirvara.*

365.is | Sími 1817 365

# Er kominn tími á breytingar?

## Spennandi störf á Norðurlandi



Viltu búa og starfa í návígi við ægifagra náttúru? PCC BakkiSilicon tekur til starfa á Bakka við Húsavík síðla árs 2017. Þegar er farið að huga að fyrstu ráðningum fyrir þetta spennandi verkefni. Kísilverið verður búið nýjustu tækni til framleiðslu og verður eitt tæknivæddasta kísilver í heiminum í dag. Umhverfis- og öryggismál verða sett á oddinn og skipa mjög mikilvægan sess.

Fyrstu ráðningar eru að fara af stað og leitum við sérstaklega að aðilum sem búa í Þingeyjarsýslu og á Eyjafjarðarsvæðinu. Einnig áhugasömum aðilum sem vilja flytja búferlum norður.

Lind og Bryndís hjá Talent ráðningar&ráðgjöf hafa umsjón með ráðningunum og veita fúslega allar nánari upplýsingar. Við hvetjum áhugasama til að slá á þráðinn til þeirra fyrir nánari upplýsingar. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Hjá PCC BakkiSilicon verður unnið eftir jafnréttisáætlun og hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um.

**Við leitum meðal annars að:**

- Vélvirkjum
- Rafvirkjum
- Skrifstofufólki
- Iðnverkafólki
- Verkfræðingum
- Efnafræðingum
- Málmfræðingum
- Umhverfissérfræðingum
- Tæknifólki á rannsóknarstofu

Allar nánari upplýsingar um störfin má finna á www.talent.is/PCC, þar er einnig hægt að skrá sig. Laus störf munu koma jafnt og þétt inn á heimasíðuna eftir því sem líður á framkvæmdatímann.

Upplýsingar um störfin veita þær Lind, lind@talent.is og Bryndís bryndis@talent.is hjá Talent í síma 552-1600. Ekki hika við að hafa samband til að spjalla og bóka kynningarviðtal.

Húsavík er fallegur bær í klukkustundar akstursfjarlægð frá Akureyri. Húsavík er einn þriggja byggðakjarna í sveitarfélaginu Norðurþingi. Í sveitarfélaginu eru þrír leikskólar, þrír grunnskólar og framhaldsskóli. Einnig er tónlistarskóli og öflugt íþróttastarf fyrir börn og unglinga. Mikil og falleg náttúra er allt um kring og er svæðið paradís fyrir útivistarfólk. Vegalengdir stuttar og fjölskylduvænt umhverfi.

PCC Bakki Silicon®



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | Sími: 552-1600

# Ertu að leita að talent?



lind@talent.is



bryndis@talent.is

## Við finnum starfsmanninn fyrir þig

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is



## Fjármálagreiningar - alþjóðleg starfsemi

Öflugt fyrirtæki í alþjóðlegri starfsemi leitar að einstaklingi með mikla greiningarhæfni í mikilvægt sérfræðistarf á fjármálasviði. Helstu verkefni fela í sér framkvæmd greininga á fjármálum, skýrslugerð og innleiðingu úrbótaverkefna.

Sjá nánar á www.intellecta.is.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is



## LANGAR ÞIG AÐ LÆRA AÐ STJÓRNA FLUGUMFERÐ?

ISAVIA HEFUR OPNAÐ FYRIR UMSÓKNIR UM NÁM Í FLUGUMFERÐARSTJÓRN Í JANÚAR 2017

Isavia annast rekstur íslensku flugleiðsöguþjónustunnar og er eini starfsvettvangur flugumferðarstjóra á Íslandi. Flugumferðarstjórar stýra flugumferð á flugvöllum á Íslandi og á íslenska flugstjórnarsvæðinu sem er 5,4 milljónir ferkílómetrar að stærð og eitt það stærsta í heiminum. Isavia og forverar þess hafa jafnan annast alla þjálfun flugumferðarstjóra.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Viðkomandi þarf að vera a.m.k. 18 ára og hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu námi
- Góð tök á íslensku og ensku í tali og riti
- Viðkomandi þarf að vera góður í mannlegum samskiptum og sjálfstæður í vinnubrögðum
- Umsækjendur skulu geta staðist læknisskoðun skv. reglugerð um skírteini flugumferðarstjóra

Með umsókn skal fylgja afrit af prófskírteinum og einkunnum úr námi. Hæfir umsækjendur verða boðaðir í inntökupróf.

Sérstök athygli er vakin á því að nemar sem teknir verða inn í grunnnám í flugumferðarstjórn hjá Isavia í janúar 2017 munu ekki greiða skólagjöld. Þó fullnægjandi árangur náist í námi er það ekki trygging fyrir starfi hjá Isavia að námi loknu.

Umsóknarfrestur er til og með **24. júlí.** Nánari upplýsingar veitir Jóhann Wium, netfang: **johann.wium@isavia.is.**

Isavia rekur öflugt net flugvalla á Íslandi og flugleiðsöguþjónustu á einu stærsta flugstjórnarsvæði heims. Hjá Isavia og dótturfélögum vinnur samhentur hópur sem telur um 1.200 manns. Okkar markmið er að vera hluti af góðu ferðalagi allra þeirra sem fara um flugvelli okkar og flugstjórnarsvæði.

UMSÓKNARFRESTUR
**24. JÚLÍ 2016**

UMSÓKNIR
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia

## Verkefnastjóri

**Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands óskar eftir að ráða verkefnisstjóra í fullt starf.**
**Starfið felur í sér:**

- Umsjón og þjónustu við notendur Felix, félagakerfi/samstarfsverkefni ÍSÍ og UMFÍ.
- Innleiðingu á uppfærslum kerfisins.
- Umsjón með tölvumálum Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal.

Leitað er að aðila með ríka þjónustulund, mikla tölvukunnáttu, samskiptahæfni og kennsluhæfileika.

Kostur er að viðkomandi hafi þekkingu á Office 365 frá Microsoft, rekstri tölvukerfa og skipulagi íþróttahreyfingarinnar.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Áhugasamir sendi umsókn á netfangið liney@isi.is fyrir
**4. júlí 2016**

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands - Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegur 6, 104 Reykjavík

## LAUS STÖRF
### FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Áslandsskóli**
» Frístundaleiðbeinendur í félagsmiðstöð
» Frístundaleiðbeinendur í frístundaheimili

**Hraunvallaskóli**
» Deildarstjóri leikskóla
» Frístundaleiðbeinendur í frístundaheimili
» Kennsla í upplýsingatækni
» Sérkennari
» Skólaliðar
» Starfsmaður í sérverkefni
» Umsjónarkennari á miðstigi
» Umsjónarkennari á yngsta stigi

**Hvaleyrarskóli**
» Íþróttakennari

**Setbergsskóli**
» Heimilisfræðikennari
» Skólaliði
» Þroskaþjálfi

**Þjónustumiðstöð**
» Véla- og verkamaður

**Öldutúnsskóli**
» Sérkennari

Nánar á **hafnarfjordur.is**

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um.*

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

## RÁÐGJÖF
• Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

## RÁÐNINGAR
• Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

## RANNSÓKNIR
• Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is




# VERKFRÆÐINGUR Á GÆÐASVIÐI

Hefur þú brennandi áhuga á að takast á við krefjandi starf hjá einu framsæknasta fyrirtæki landsins? Össur leitar að metnaðargjörnum, jákvæðum og skipulögðum einstaklingi til að vinna í öflugum hópi hjá alþjóðlegu gæðasviði Össurar.

### STARFSSVIÐ
- Móttaka skilavara og umsýsla kvartana
- Bilanagreiningar og skýrslugerðir
- Upplýsingamiðlun til mismunandi deilda varðandi bilanagreiningar
- Umsýsla gagnagrunna sem tengjast bilanagreiningum

### HÆFNISKRÖFUR
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, BSc í tæknifræði, verkfræði
- Reynsla í úrvinnslu gagna í Excel og Pivot töflum kostur
- Reynsla í vélbúnaði og bilanagreiningum kostur
- Mjög góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí 2016. Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf.

Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

Jafnlaunaúttekt PwC 2014

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.
Hjá félaginu starfa um 2700 manns í 19 löndum.
Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

WWW.OSSUR.COM



# Rafvirki í aðveitu og dreifiveitu

Viðhaldsþjónusta Veitna leitar að rafiðnaðarmenntuðum starfsmanni sem hefur til að bera ríka þjónustulund og góða samskiptafærni. Um er að ræða fjölbreytt starf sem unnið er í samvinnu við góðan hóp fagfólks sem annast rekstur og viðhald í öllum rafkerfum Veitna.

### Starfssvið og helstu verkefni:
- Endurnýjun á búnaði í aðveitu- og dreifistöðvum
- Eftirlit með tækjum og búnaði
- Viðhald á há-og lágspennubúnaði sem og á háspennustrengjum
- Þátttaka í nýframkvæmdum háspennuvirkja
- Bakvaktir 6. hverju viku

### Við leitum að starfskrafti sem hefur:
- Sveinspróf í rafvirkjun eða sambærilega menntun
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum
- Metnað, frumkvæði og sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur

Í boði er frábært vinnuumhverfi, úrvals aðbúnaður, rík áhersla á þjálfun og endurmenntun og fjölskylduvænn vinnustaður. Eingöngu er tekið á móti umsóknum á ráðningavef Veitna, starf.or.is/veitur/. Nánari upplýsingar veitir Björn Friðriksson verkstjóri, netfang bjorn.fridriksson@veitur.is.
Umsóknarfrestur er til og með 25. júlí 2016.

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um

Veitur eru fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

JAFNRÉTTISRÁÐ

Veitur eru dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur og sjá um rekstur hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu á þjónustusvæði fyrirtækisins.

Veitur ohf. • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • 516 6000 • veitur.is

VEITUR

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Tölvunar.-kerfis.- verkfræðingur | Embætti landlæknis | Reykjavík | 201606/897 |
| Doktorsnemi, hagfræðideild | Háskóli Íslands, félagsvísindasvið | Reykjavík | 201606/896 |
| Bílstjóri ráðherra | Mennta- og menningarmálaráðuneyti | Reykjavík | 201606/895 |
| Héraðsfulltrúi | Landgræðsla ríkisins | Húsavík | 201606/894 |
| Svæfingahjúkrunarfræðingar | Landspítali, svæfingadeild | Reykjavík | 201606/893 |
| Doktorsnemi í vistfræði | Háskóli Íslands, Rannsóknarsetur | Suðurland | 201606/892 |
| Sérfræðingur | Einkaleyfastofan | Reykjavík | 201606/891 |
| Verslunarstjóri | Vínbúðin | Egilsstaðir | 201606/890 |
| Lögreglufulltrúi | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv. | Höfuðborgarsv. | 201606/889 |
| Forstöðumaður | Vinnumálastofnun | Sauðárkrókur | 201606/888 |
| Eftirlitsmaður | Vinnueftirlitið, vinnuvéladeild | Reykjavík | 201606/887 |
| Sérfræðilæknir | Landspítali, innkirtla- og efnaskipta | Reykjavík | 201606/886 |
| Læknar í starfsnám | Landspítali, bæklunarskurðdeild | Reykjavík | 201606/885 |
| Sérfræðingar | Landspítali, taugalækningadeild | Reykjavík | 201606/884 |
| Verkefnastjóri | Landspítali, fasteignadeild rekstur | Reykjavík | 201606/883 |
| Fagstjóri hjúkrunar | Heilsugæslan Fjörður | Hafnarfjörður | 201606/882 |
| Launafulltrúi | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstað | 201606/881 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, hjarta- og æðaþr. | Reykjavík | 201606/880 |
| Aðstoðardeildarstjóri | Landspítali, hjarta- og æðaþr. | Reykjavík | 201606/879 |
| Gæða- og verkefnastjóri | Einkaleyfastofan | Reykjavík | 201606/878 |
| Barnalæknir | Heilsugæslan í Mjódd | Reykjavík | 201606/877 |
| Læknaritari/skrifstofumaður | Landspítali, kvenna- og barnasvið | Reykjavík | 201606/876 |
| Doktorsnemi | Háskóli Íslands, Læknadeild | Reykjavík | 201606/875 |
| Yfirverkstjóri | Vegagerðin | Vík | 201606/874 |
| Aðstoðarskólameistari | Borgarholtsskóli | Reykjavík | 201606/873 |
| Sviðstjóri samhæfingarsviðs | Skógræktin | Egilsstaðir | 201606/872 |
| Sviðstjóri skógarauðlindasviðs | Skógræktin | Egilsstaðir | 201606/871 |
| Fagmálastjóri | Skógræktin | Egilsstaðir | 201606/870 |
| Lögfræðingur á tryggingasvið | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201606/869 |

www.medor.is

MEDOR

# METNAÐARFULLUR
# VIÐSKIPTASTJÓRI Á HEILBRIGÐISMARKAÐI

**Viltu vera í hópi metnaðarfullra starfsmanna hjá vaxandi fyrirtæki á heilbrigðismarkaði? MEDOR ehf. leitar að starfsmanni í fjölbreytt og krefjandi starf viðskiptastjóra hjúkrunarvara og lækningatækja.**

## HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun innan heilbrigðisvísinda t.d hjúkrunarfræði eða heilbrigðisverkfræði
- Þekking og/eða reynsla úr sambærilegum störfum er kostur
- Menntun eða reynsla af vinnu á skurðstofu og/eða gjörgæsludeild er kostur
- Frumkvæði, jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar
- Skipulagshæfileikar og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð tölvu- og enskukunnátta
- Tungumálakunnátta í einu Norðurlandamáli er kostur
- Færni í tjáningu í ræðu og riti

## STARFSSVIÐ

- Kynning, sala og markaðssetning á hjúkrunarvörum og lækninga-tækjum til heilbrigðisstofnana
- Kennsla og innleiðing auk eftirfylgni
- Samskipti við erlenda birgja
- Útboðs- og tilboðsgerð

Nánari upplýsingar um starfið veita **Ólafía Ása Jóhannesdóttir deildarstjóri (asa@medor.is) s. 665 7001** eða **Vilborg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri (vilborg@medor.is) s. 824 7136.**

Aðeins er tekið við umsóknum í gegnum ráðningarvef MEDOR **www.medor.is** og eru umsækjendur beðnir um að láta ferilskrár fylgja með. Umsóknarfrestur er til 11. júlí nk.

***Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað.***

*MEDOR er leiðandi í ráðgjöf, sölu og þjónustu á hágæða lækninga-, hjúkrunar- og rannsóknarvöru. Helstu viðskiptavinir MEDOR eru heilbrigðisstofnanir, apótek, rannsóknarstofur í líftækni, efnagreiningu og lyfjaiðnaði.*

VERITAS vistor ARTASAN DISTICA

# Laus störf hjá Grundarfjarðarbæ

Skipulags- og byggingafulltrúi
Sérkennslustjóri á leikskóla
Deildarstjóri á leikskóla

Nánari upplýsingar á **www.grundarfjordur.is**

IÐNVÉLAR

# Óskum eftir tæknimanni
## fyrir CNC vélar og almennar viðgerðir

Iðnvélar hefur í áratugi verið leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu á vélum , tæknibúnaði og rekstrarvörum til iðnaðar.

Við óskum eftir jákvæðum og sjálfstæðum einstakling til starfa í þjónustudeild Iðnvéla, sem bætist í samstilltan hóp starfsmanna fyrirtækisins.

Í starfinu felst m.a. Uppsetning, þjónusta og bilanaleit í ýmsum vélum og vélbúnaði. Með áherslu á CNC vélar og búnað.

Leitað er að drífandi og metnaðarfullum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, hefur gaman af mannlegum samskiptum og er reyklaus.

**Hæfniskröfur:**
- Sveinspróf í rafvirkjun,rafeindavirkjun eða vélvirkjun æskilega en ekki nauðsynlegt.
- Góð tölvuþekking
- Góð mannleg samskipti
- Góð enskukunnátta
- Frumkvæði og samviskusemi
- Þekking/ reynsla á CNC vélum er kostur

Umsóknir sendist til Margrétar Hansen, margret@idnvelar.is
Ekki er tekið á móti umsóknum í síma.

Vistbyggðarráð

# Vistbyggðarráð auglýsir eftir framkvæmdastjóra

Við leitum eftir drífandi einstaklingi til að starfa með stjórn Vistbyggðarráðs að fjölbreyttum og spennandi verkefnum.

**Verksvið:**
- Sinna daglegum rekstri félagsins.
- Koma starfsemi Vistbyggðarráðs á framfæri.
- Skipuleggja og halda utan um viðburði og vinnuhópa á vegum félagsins.
- Sinna fjáröflun fyrir félagið og leita fjármögnunar fyrir sérstök verkefni.

**Hæfniskröfur:**
- Jákvæðni, samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Þekking á umhverfismálum, skipulagi eða byggingastarf-semi er skilyrði
- Reynsla og árangur í verkefnastjórnun er æskileg.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Kunnátta í íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli.
- Sjálfstæð, öguð og skipulögð vinnubrögð.
- Reynsla af kynningar og sölumálum nýtist vel.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Starfið er hálft stöðugildi.
Umsóknir berist formanni stjórnar, Elínu Vignisdóttur (ev@verkis.is).
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.
**Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí.**

*Vistbyggðarráð er samstarfsvettvangur 40 fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga sem vilja stefna að vistvænum starfsháttum við skipulag, hönnun, byggingu og rekstur mannvirkja á Íslandi. Við erum einbeitt í að marka leiðina að sjálfbærri þróun íslenskra mannvirkja.*



HARD ROCK CAFE REYKJAVIK

# ROKKSTJÓRAR ÓSKAST

**Hard Rock opnar á Íslandi í haust og við leitum að toppfólki í toppstöður.
Ef þú vilt vera hluti af þessu magnaða kombakki er um að gera að sækja um.**

Við hjá Hard Rock tökum okkur aldrei of alvarlega. Hins vegar tökum við upplifun viðskiptavina okkar mjög alvarlega og þess vegna viljum við sífellt bæta okkur. Þetta kallar á mikla vinnu og því erum við að leita að hörðum nöglum með hjarta úr gulli. Hefur þú það sem til þarf?

## FRAMKVÆMDASTJÓRI

Það mun mikið mæða á framkvæmdastjóranum enda leiðir hann glæsilegan hóp starfsfólks á Hard Rock. Sá sem hlýtur starfið þarf að hafa ýmislegt til brunns að bera; vinna vel undir pressu, vera næmur á umhverfið, góður mannþekkjari og frábær leiðtogi sem gott er að leita til.

### Starfssvið

- Umsjón og ábyrgð á daglegum rekstri og fjárhagslegri afkomu
- Umsjón með starfsmannamálum
- Ábyrgð á að unnið sé í samræmi við stefnu Hard Rock Cafe
- Þátttaka og forysta í teymisvinnu
- Samskipti og samstarf við ýmsa aðila

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Haldgóð reynsla af rekstri, stjórnun og starfsmannamálum
- Góður rekstrarskilningur
- Menntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogahæfileikar, faglegur metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góðir samskiptahæfileikar, metnaður til að veita framúrskarandi þjónustu og álagsþol
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

## VEITINGASTJÓRI

Veitingastjórinn er sá sem kann að halda bestu og flottustu partíin. Gott skipulag, yfirsýn og drífandi áhrif á aðra eru nauðsynlegir kostir veitingastjóra. Svo fylgir það auðvitað djobbinu að vera skemmtileg og úrræðagóð týpa.

### Starfssvið

- Fagleg ábyrgð á þjónustu og samskiptum við viðskiptavini
- Ábyrgð á starfsmönnum í sal og vaktstjórn
- Ábyrgð á uppgjöri í lok dags
- Samstarf og samvinna við aðra stjórnendur

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af stjórnun
- Menntun sem nýtist í starfi er kostur
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi samskiptafærni
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta

## YFIRKOKKUR

Hjarta Hard Rock er eldhúsið og við leitum að toppmanneskju til að bera hitann og þungann af því sem þar fer fram. Ef þú hefur ástríðu fyrir eldamennsku, finnst frábært að gleðja aðra með góðum mat, þá erum við að leita að þér.

### Starfssvið

- Daglegur rekstur eldhúss
- Þjálfun og daglег stjórnun starfsmanna
- Ábyrgð á faglegum vinnuferlum í eldhúsi
- Yfirumsjón með matseðli og vöruinnkaupum
- Samstarf og samvinna við aðra stjórnendur

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í matreiðslu er skilyrði
- Meistarapróf í matreiðslu er kostur
- Reynsla af stjórnun eldhúsa
- Þjónustulund, góðir samskiptahæfileikar og hæfni til að vinna undir álagi
- Hugmyndaauðgi, metnaður og sjálfstæði í starfi
- Skipulögð og öguð vinnubrögð

**Umsóknarfrestur er til og með 4. júlí
Sækið um á www.capacent.is/radningar/storf/**

Hard Rock CAFE
REYKJAVIK

**Frekari upplýsingar um störfin veita
Auður Bjarnadóttir og Katrín Egilsdóttir
hjá Capacent.**

# Dressmann®

**Dressmann á Íslandi leitar eftir duglegum, hressum og brosmildum sölumanni í verslun sína í Smáralind, Dressmann XL. Ef þú ert allt það sem við erum að leita að og ert orðinn 20 ára, endilega kíktu við eða sendu ferilskrá á netfangið:**

***m99@dressmann.com***

HEILSUGÆSLAN



# Fagstjóri hjúkrunar
## Heilsugæslan Fjörður

Laust er til umsóknar starf fagstjóra hjúkrunar við Heilsugæsluna Fjörð. Fagstjóri hjúkrunar ber ábyrgð á skipulagningu hjúkrunarþjónustu í samráði við svæðisstjóra. Mikil áhersla er lögð á samvinnu milli fagstétta innan stöðvarinnar og að þjónustuþarfir skjólstæðinga séu ávallt í fyrirrúmi. Um er að ræða krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, skipulagshæfileika og samskiptahæfni. Ráðið verður í starfið til 5 ára frá og með 1. september nk. eða eftir nánara samkomulagi. Starfshlutfall er 100%.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí 2016.**

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á. Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva.
Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er hafin breyting á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum. Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá aukið sjálfstæði til að móta starfsemina og útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

### *Helstu verkefni og ábyrgð*

- Annast skipulag, verkstjórn og samhæfingu innan fagsviðs ásamt svæðisstjóra, í samræmi við stefnu og markmið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Er svæðisstjóra innan handar við daglegan rekstur stöðvar og er staðgengill hans
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi samhliða
- Innleiðir nýjungar og vinnur að breytingum á starfsemi til hagsbóta fyrir skjólstæðinga stöðvar
- Tekur þátt í gerð, innleiðingu og notkun klínískra leiðbeininga
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Tekur þátt í vísinda-, þróunar- og gæðastarfi
- Skipuleggur kennslu fyrir heilbrigðisstéttir í samráði við fagstjóra lækninga, kennslustjóra og lærimeistara

### *Hæfniskröfur*

- Íslenskt hjúkrunarleyfi er skilyrði
- Framhaldsmenntun í hjúkrun æskileg
- Reynsla af og áhugi á teymisvinnu
- Reynsla af starfi í heilsugæslu er kostur
- Nám og reynsla á sviði stjórnunar æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

### *Frekari upplýsingar um starfið*

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.
Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.
Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (*www.heilsugaeslan.is*) undir laus störf eða á Starfatorgi (*www.starfatorg.is*).

**Nánari upplýsingar veitir** Guðrún Gunnarsdóttir, svæðisstjóri – gudrun.gunnarsdottir@heilsugaeslan.is, sími 540-9400 og Svava Kristín Þorkelsdóttir, mannauðsstjóri – svava.kristin.thorkelsdottir@heilsugaeslan.is, sími 585-1300.

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

## Starfskraftur óskast – Litla kaffistofan

Við leitum af starfsmanni til að fullkomna skemmtilegan starfshóp. Litla kaffistofan er líflegur vinnustaður. Hjá okkur er nóg að gera alla daga og til okkar koma fullt af skemmtilegum viðskiptavinum. Ef þú ert eldri en 50 ára eða hefur gaman að vinna með fólki á þeim aldri, við afgreiðslu, þjónustu og eldhússtörf þá endilega hafðu samband við okkur.
Allar frekari upplýsingar eru veittar í síma **659 6676.**

## Heimavistarálma Þelamerkurskóla

Sveitarstjórnin í Hörgársveit auglýsir eftir aðilum sem áhuga hafa á að koma að breyttri nýtingu á heimavistarálmu Þelamerkurskóla. Um getur verið að ræða samstarf, leigu eða jafnvel sölu.

Húsnæðið er alls um 1.140 m2 að gólffleti, á fjórum hæðum að hluta, þ.m.t. þrjár íbúðir.

Áhugasamir láti vita sem fyrst og í síðasta lagi 10. ágúst 2016 í síma 460 1750 eða netfangið snorri@horgarsveit.is.

Fljótlega eftir það verður haft samband við þá sem láta vita um áhuga sinn.

Nánari upplýsingar gefur undirritaður.

*16. júní 2016*
*Sveitarstjórinn í Hörgársveit*

## Viltu ganga í lið með okkur?

Leikskólarnir Fossakot og Korpukot í Grafarvogi óska eftir skemmtilegu og drífandi starfsfólki sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleika og frumkvæði.

Við leitum að:

- **Leikskólakennurum**
- **Öðru uppeldismenntuðu fólki**
- **Leiðbeinendum**
- **Sérkennara, þroskaþjálfa eða öðrum til að sinna stuðningi**

Áhugasamir sendi ferilskrá á umsoknir@lfa.is

Fossakot Korpukot
Fossaleyni · 112 Reykjavík

## Sérkennari

Grunnskólinn í Stykkishólmi óskar eftir að ráða sérkennara í fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. ágúst 2016

**Helstu verkefni**

- Sérkennsla.
- Gerð einstaklingsnámskráa og eftirfylgd með námi.
- Samstarf við foreldra og fagaðila vegna málefna nemenda með sérþarfir.

**Hæfniskröfur**

- Menntun í sérkennslufræðum eða reynsla af kennslu nemenda með sérþarfir
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum í grunnskóla
- Leikni í mannlegum samskiptum og færni í að umgangast börn og unglinga.
- Skipulagshæfni, stundvísi og frumkvæði.
- Góð tök á íslenskri tungu í ræðu og riti.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Skólastjórafélags Íslands.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Berglind Axelsdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 433 8179 eða 895-3828, berglind@stykk.is

**Skriflegum umsóknum skal skilað til aðstoðarskólastjóra ásamt ferilskrá fyrir 1. júlí 2016.**

LANDSPÍTALI

# LANDSPÍTALI ... HEILL HEIMUR!

Svæfingadeild

## SVÆFINGA-HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

*Á svæfingadeild Landspítala starfa um 35 svæfingahjúkrunarfræðingar við fjölbreytt og krefjandi verkefni, í nánu samstarfi við fagfólk í öðrum sérgreinum. Svæfingadeild heyrir undir aðgerðarsvið sem annast rekstur skurðstofa, gjörgæsludeilda, Blóðbanka, dauðhreinsunardeildar auk speglunardeildar.*

*Óskað er eftir að ráða til starfa faglega og metnaðarfulla hjúkrunarfræðinga með sérhæfingu í svæfingahjúkrun. Unnið er í dagvinnu ásamt hús- og bakvöktum eftir að þjálfun lýkur. Í boði er einstaklingsaðlöguð þjálfun eftir þörfum hvers og eins, á góðum vinnustað sem er í fararbroddi í faglegu starfi og þróun.*

Hjarta- og æðaþræðingastofa

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

*Á hjarta- og æðaþræðingarstofu á lyflækningasviði starfar um 10 manna samhent teymi reyndra starfsmanna í nánu samstarfi við aðrar deildir spítalans. Þar eru gerðar hjartaþræðingar, kransæðavíkkanir, gangráðsísetningar, raflífeðlisfræðilegar rannsóknir/ aðgerðir og fleira sem tengist hjartasjúkdómum. Í hjartalækningum er mjög hröð framþróun og er vel fylgst með nýjungum á því sviði.*

*Við leitum eftir öflugum hjúkrunarfræði sem vill ganga til liðs við okkur. Unnið er í dagvinnu en gert er ráð fyrir að viðkomandi sinni bakvöktum eftir að þjálfun lýkur. Starfshlutfall er samkomulag.*

Bæklunarskurðdeild

## LÆKNAR Í STARFSNÁM

*Á bæklunarskurðdeild á skurðlækningasviði Landspítala eru laus til umsóknar tvö störf lækna í starfsnám. Starfsnámið gefur góða reynslu í bæklunar- og handaskurðlækningum og hentar vel þeim sem hyggja á sérnám í þeim greinum, einnig öðrum s.s. verðandi heilsugæslulæknum og þeim sem hafa í hyggju að starfa á landsbyggðinni.*

*Starfshlutfall er 100% og veitast störfin til eins árs eða samkvæmt samkomulagi.*

Fasteignadeild

## VERKEFNASTJÓRI

*Fasteignadeild rekstrarsviðs sér um rekstur fasteigna og lóða Landspítala og annast breytingar og viðhald á húseignum og húskerfum LSH. Einnig er þar unnið að skipulags- og þróunarmálum, skipulagi nýbygginga og meiri háttar breytingum á húsnæði.*

*Leitað er eftir verkefnastjóra í fullt starf. Um er að ræða krefjandi starf í fjölbreyttu og spennandi starfsumhverfi við rekstur núverandi bygginga og undirbúning nýbygginga.*

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA;**
**WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 163186




VIÐ ERUM MEÐ ÞÉR TIL ÖRYGGIS

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

# ÖRYGGISVERÐIR ÓSKAST

**Öryggismiðstöðin** auglýsir eftir **öryggisvörðum í farandgæslu, staðbundna gæslu og vöktun í stjórnstöð.**

**Hæfiskröfur**

- Hreint sakarvottorð
- Lágmarksaldur 20 ár
- Rík þjónustulund
- Íslenskukunnátta
- Bílpróf

Umsóknir með ferilskrá skal senda á netfangið **sas@oryggi.is**, merkt **„Öryggisvörður"**.

**Umsóknarfrestur er til 1. júlí 2016**




Öryggismiðstöðin var stofnuð árið 1995 og býður upp á lausnir í öryggis- og velferðarmálum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Öryggismiðstöðin hefur á undanförnum árum hlotið viðurkenningu VR sem Fyrirmyndarfyrirtæki ársins.

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2015

2014 Framúrskarandi fyrirtæki

Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400 – Njarðarnesi 1 | Akureyri | Sími 470 2400 – **Nánar á oryggi.is**





# Tölvunarfræðingur – kerfisfræðingur – verkfræðingur

Embætti landlæknis óskar eftir að ráða tölvunarfræðing, kerfisfræðing eða verkfræðing til starfa á heilbrigðisupplýsingasviði. Um er að ræða fullt starf. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á öguð vinnubrögð, samskiptahæfni og fagmennsku.

**Helstu verkefni**

- Þátttaka í uppbyggingu og rekstri gagnagrunna embættisins.
- Vinna við gagnagrunnsforritun og gagnaúrvinnslu, innanhúss og fyrir vefinn.
- Þátttaka í þróun vöruhúsa gagna og rekstur þeirra.
- Forritun smærri innanhússverkefna og veflausna.
- Þátttaka í rekstri hugbúnaðarkerfa almennt í samstarfi við teymisstjóra.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun og reynsla á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði eða verkfræði.
- Góð þekking á SQL og Oracle-umhverfi (eða öðrum gagnagrunnum).
- Reynsla í útbreiddu forritunarmáli og notkun þróunartóla (t.d. .NET) æskileg.
- Þekking á vöruhúsatólum og viðskiptagreind, t.d. SAP/BO ETL, IDT og WEBI er kostur.
- Þekking á Linux og Windows umhverfi er kostur.
- Færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og geta til að vinna sjálfstætt og í teymi.

Leitað er að áhugasömum einstaklingi sem hefur frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi, er lipur í mannlegum samskiptum og reiðubúinn til að starfa í samræmi við gildi embættisins.

Næsti yfirmaður er sviðsstjóri heilbrigðisupplýsingasviðs. Sviðið ber m.a. ábyrgð á heilbrigðisskrám og öðrum gagnagrunnum embættisins og hefur yfirumsjón með upplýsingakerfum þess. Mörg spennandi verkefni sem snúa að þróun upplýsingakerfa embættisins eru á dagskrá.

Umsókn með ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi þar sem fram kemur ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið sendist til skrifstofu Embættis landlæknis eða á netfangið mottaka@landlaeknir.is, merkt starfsumsókn.

Umsóknarfrestur er til og með 14. júlí 2016. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Embætti landlæknis áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Nánari upplýsingar veita Hólmfríður Pálsdóttir (holmfridur.palsdottir@landlaeknir.is) og Sigríður Haraldsdóttir (shara@landlaeknir.is).

Ábyrgð
Virðing
Traust

Embætti landlæknis
Directorate of Health

Barónsstíg 47 • 101 Reykjavík • Sími 5101900 • Bréfasími 5101919 • mottaka@landlaeknir.is • www.landlaeknir.is



## Tölvufræðikennari

Við Fjölbrautaskóla Suðurnesja er laus til umsóknar heil staða tölvufræði-kennara á tölvufræðibraut skólans.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal skila í tölvupósti til skólameistara á netfangið kras@fss.is **eigi síðar en 4. júlí 2016.** Leitað er að framhaldsskólakennara með menntun og eða reynslu í viðkomandi fagi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum ríkissjóðs og KÍ skv. nánari útfærslu í stofnanasamningi skólans.

Auk viðeigandi menntunar eða reynslu og þekkingar í faginu er sóst eftir starfsmanni sem hefur til að bera góða samskiptahæfni, frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og sem hefur áhuga á að vinna með ungu fólki.

Nánari upplýsingar má fá í síma 421-3100 eða í tölvupósti hjá Kristjáni Ásmundssyni skólameistara, kras@fss.is og Guðlaugu Pálsdóttur aðstoðarskólameistara, gp@fss.is. Öllum umsóknum verður svarað eftir að ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

*Á heimasíðu hans www.fss.is má finna frekari upplýsingar og sjá myndir úr skólalífinu.*

*Skólameistari*



## Óskum að ráða matsvein eða matráð við Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Matsveinn eða matráður óskast í 100% starf við Fjölbrautaskóla Suðurnesja frá 8. ágúst 2016. Laun eru samkvæmt stofnanasamningi skólans við hlutaðeigandi stéttarfélag.

Í anda heilsueflandi framhaldsskóla er unnið eftir ráðleggingum og markmiðum Landlæknisembættisins hvað varðar hollustu og næringargildi matarins. Mötuneytið er ætlað bæði nemendum og starfsfólki. Nemendur skólans eru um 1000 og starfsmenn eru tæplega 100.

Í starfinu felst meðal annars að sjá um: Rekstur mötuneytis skólans, matseld og frágang, innkaup og móttöku matvara, kaffiveitingar á fundum í samvinnu og í samráði við skólastjórnendur ofl.

Auk viðeigandi menntunar og/eða reynslu er sóst eftir starfsmanni sem hefur til að bera góða samskiptahæfni, frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og hefur áhuga á að vinna með ungu fólki.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal skila í tölvupósti til skólameistara á netfangið kras@fss.is **eigi síðar en 4. júlí 2016.**

Nánari upplýsingar má fá í síma 421-3100 eða í tölvupósti hjá Kristjáni Ásmundssyni skólameistara, kras@fss.is og Guðlaugu Pálsdóttur aðstoðarskólameistara, gp@fss.is. Öllum umsóknum verður svarað eftir að ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

*Skólameistari*



# Deildarstjóri

Grunnskólinn í Stykkishólmi óskar eftir að ráða deildarstjóra almennrar kennslu í fullt starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. ágúst 2016.

**Deildarstjóri**

- er staðgengill skólastjóra.
- vinnur með skólastjóra að daglegri stjórnun og skipulagningu skólastarfsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Kennsluréttindi í grunnskóla.
- Kennslureynsla í grunnskóla.
- Leikni í mannlegum samskiptum og færni í að umgangast börn og unglinga.
- Stjórnunarreynsla æskileg eða framhaldsnám í stjórnun.
- Skipulagshæfni, stundvísi og frumkvæði.
- Góð tök á íslenskri tungu í ræðu og riti.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Skólastjórafélags Íslands.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Berglind Axelsdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 433 8179 eða 895-3828, berglind@stykk.is

**Skriflegum umsóknum skal skilað til aðstoðarskólastjóra ásamt ferilskrá fyrir 15. júlí 2016.**

## Starfsmaður óskast í varahlutaverslun

Æskilegur aldur 20-40 ára tölvukunnátta skilyrði, hugsanlegt að ráða áhugasamann starfsmann í starfsþjálfun.

**Umsóknir sendist á: box@frett.is merkt "varahlutir"**

## LÖGGILTIR FASTEIGNASALAR ÓSKAST

Ein af eldri fasteignasölum borgarinnar óskar að ráða löggilta fasteignasala til sölustarfa og skjalagerðar.

Þurfa að geta hafið störf fljótlega eða eftir nánara samkomulagi. Árangurstengd launakjör. Áhugasamir sendi inn umsókn á:

**box@frett.is** merkt *„Fasteignasala-2506"*

SKJÓL HJÚKRUNARHEIMILI SKJÓL




## Sjúkraliðar /starfsmenn

Getum bætt við okkur starfsfólki
Skjól leitar eftir sjúkraliðum/starfsmönnum til starfa við aðhlynningu. Um er að ræða 80 % starfshlutfall eða eftir samkomulagi blandaðar vaktir.

**Hæfniskröfur:**
Góð íslenskukunnátta, áhugi á að starfa með öldruðum, jákvæðni og góð samskiptahæfni.

Upplýsingar veitir
Guðný H. Guðmundsdóttir,
Forstöðumaður hjúkrunar
Sími 522 5600 ***gudny@skjol.is***
Umsóknir má einnig senda á: ***edda@skjol.is***
Skjól hjúkrunarheimili
Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík
Sími 522 5600

Hjúkrunarheimili | Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík | Sími. 522 5600. | www.eir.is

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Aðstoðarmatráður í leikskólann Arnarsmára
- Leikskólakennari í leikskólann Arnarsmára
- Leikskólakennari í leikskólann Baug
- Leikskólakennari í leikskólann Marbakka

**Grunnskólar**
- Deildarstjóri yngra stigs í Kópavogsskóla
- Skólaliðið í dægradvöl í Vatnsendaskóla
- Forstöðumaður dægradvalar í Vatnsendaskóla
- Umsjónarkennari á miðstigi í Álfhólsskóla
- Matreiðslumaður í Vatnsendaskóla

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

## VILT ÞÚ TAKA ÞÁTT Í AÐ UPPLÝSA, FRÆÐA OG SKEMMTA?

Ríkisútvarpið er ein helsta menningar- og lýðræðisstofnun þjóðarinnar. Hlutverk RÚV er að upplýsa, fræða og skemmta og auka með því lífsgæði þeirra sem njóta. Við leitum að einstaklingum sem búa yfir skipulags- og samskiptahæfni, óþrjótandi orku, áhuga og jákvæðni í eftirfarandi störf

- Mannauðsstjóri RÚV
- Safnastjóri RÚV
- Fréttamaður í erlendum fréttum
- Sérfræðingur á fjármálasviði
- Svæðisstjóri RÚVAK

Nánari upplýsingar um störfin, umsóknarfrest og hæfniskröfur er að finna á www.ruv.is/laus-storf
Fólk af báðum kynjum er hvatt til að sækja um

RÚV

Reykjavíkurborg
Upplýsingatæknideild

**Viltu taka þátt í að móta og nútímavæða eitt stærsta upplýsingatækniumhverfi landsins?**

Upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar rekur eitt stærsta tölvunet landsins með hartnær 10.000 útstöðvum fyrir um 25.000 notendur. Framundan eru fjölmörg spennandi verkefni sem felast m.a. í innleiðingu margvíslegra skýjalausna og að nýta nýjar lausnir á sviði upplýsingatækni til þess að nútímavæða tæknilega innviði, bæta umsjón með ört vaxandi fjölda snjalltækja og margt fleira.

## Verkefnastjóri á sviði upplýsingatækni

Óskað er eftir öflugum verkefnastjóra með haldbæra reynslu og menntun sem nýtist við stjórnun verkefna á sviði upplýsingatækni. Framundan eru fjölbreytt, skemmtileg og krefjandi verkefni fyrir ýmsar starfseiningar borgarinnar.

**Helstu verkefni:**
- Fagleg stýring verkefna á sviði upplýsingatækni hjá Reykjavíkurborg
- Vinna við þróun verkefnastjórnunarferlis upplýsingatæknideildar
- Ýmis áætlana- og skýrslugerð

**Hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði verkefnastjórnunar, tölvunarfræði, verkfræði, viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun verkefna á sviði upplýsingatækni
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, á íslensku og ensku
- Skipulag í vinnubrögðum
- Drifkraftur, frumkvæði og metnaður til að ná árangri og þróast í starfi

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
**Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí 2016.**
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/laus-storf

Nánari upplýsingar veitir Jón Ingi Þorvaldsson, deildarstjóri upplýsingatæknideildar í síma 770 0077,
netfang: jon.ingi.thorvaldsson@reykjavik.is.

## Verkstjóri í vettvangsþjónustu

Óskað er eftir öflugum starfsmanni til að annast almenna verkstjórn í vettvangsþjónustuhóp upplýsingatæknideildar. Hópurinn sinnir þjónustu við rúmlega þrjú hundruð starfsstaði vítt og breitt um borgina. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf sem reynir á fagþekkingu, skipulagshæfni og samvinnu.

**Helstu verkefni**
- Verkstjórn á daglegri vinnu þjónustumanna í vettvangsþjónustu upplýsingatæknideildar
- Samskipti við stjórnendur og aðra tengiliði starfsstaða
- Samskipti við þjónustuaðila og birgja
- Skipuleggja og annast vettvangsþjónustu við viðskiptavini í samræmi við þjónustusamninga
- Uppsetning, viðhald og rekstur tölvubúnaðar
- Tækníleg ráðgjöf varðandi tölvulagnir og notendabúnað
- Stýring og eftirfylgni verkefna
- Þátttaka í stefnumótun og fjárhagsáætlanagerð

**Hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði kerfisfræði, rafeindavirkjunar eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af verkstjórn, verkefnastjórnun eða önnur sambærileg stjórnunarreynsla.
- Víðtæk reynsla af greiningu vandamála í tölvu- og netkerfum.
- Góð þekking á almennu tækniumhverfi og uppbyggingu netkerfa.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, á íslensku og ensku
- Skipulag í vinnubrögðum
- Drifkraftur, frumkvæði og metnaður til að ná árangri og þróast í starfi

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
**Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí 2016.**
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/laus-storf
Nánari upplýsingar veitir Dagný Einarsdóttir, teymisstjóri þjónustuteymis í síma 822 3081,
netfang: dagny.einarsdottir@reykjavik.is.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

» **Ráðningarþjónusta**

Tokyo Sushi óskar eftir að ráða metnaðarfulla og drífandi einstaklinga til starfa.

# Vaktstjóri

Um vaktavinnu er að ræða og er vinnutími frá kl. 10:45 til kl. 21:30.
Unnið er tvo daga aðra vikuna og fimm daga hina.

**» Starfssvið**

- Þátttaka í almennum störfum
- Ábyrgð á þjónustu og gæðum á sinni vakt
- Umsjón með starfsfólki
- Umsjón með uppgjöri

**» Hæfniskröfur**

- Skipulags- og leiðtogahæfileikar
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður og frumkvæði í starfi

# Starfsmaður í sal

Vinnutími er frá kl. 12:00 til kl. 20:00 alla virka daga.

**» Starfssvið**

- Almenn afgreiðsla
- Þjónusta við viðskiptavini
- Aðstoð í uppvaski og þrifum

**» Hæfniskröfur**

- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Dugnaður og metnaður í starfi

Veitingastaðir Tokyo Sushi eru staðsettir í Glæsibæ og á Nýbýlavegi. TOKYO sushi

**Nánari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um störfin þar.**



HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## DO YOU LOVE CLEANING?

**AÞ-Þrif wants to hire for:**

- General cleaning
- Window cleaning
- Building cleaning
- Cleaning at Keflavík Airport

We need punctual and efficient individuals, between the age of 20–40 years old with driving license and no criminal record.

Must speak icelandic or english.

**If you are interested, please apply via www.ath-thrif.is or email: gerda@ath-thrif.is**

**FAGMENNSKA
ÞJÓNUSTULUND
HEIÐARLEIKI**

AÞ-ÞRIF
WWW.ATH-THRIF.IS



# Verkstjóri í Ólafsvík (rafvirki/vélfræðingur)

RARIK ohf. auglýsir eftir verkstjóra í Ólafsvík. Hér er um fjölbreytt starf að ræða sem felur í sér stjórn vinnuflokks í Ólafsvík og þátttöku í verkefnum við dreifikerfi RARIK á Vesturlandi.

**Starfssvið**

- Stjórnun
- Eftirlit með tækjum og búnaði
- Viðgerðir
- Nýframkvæmdir
- Vinna samkvæmt öryggisreglum

**Hæfniskröfur**

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Öryggisvitund
- Reynsla af stjórnun
- Drifkraftur og geta til að vinna sjálfstætt
- Almenn tölvukunnátta
- Bílpróf

Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um, nánari upplýsingar veitir Sturla Rafn Guðmundsson, deildarstjóri framkvæmdasviðs á Vesturlandi eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. Umsóknarfrestur er til 1. júlí n.k. og skal skila umsóknum með ferilskrá á netfangið atvinnuumsokn@rarik.is.

*RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að dreifa raforku auk þess að afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.*

RARIK

**RARIK ohf • Dvergshöfða 2 • 110 Reykjavík • Sími 528 9000 • www.rarik.is**

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Hofsstaðaskóli**
•Umsjónarkennari í 6. bekk

**Leikskólinn Akrar**
•Starfsmaður í sérkennslu

**Leikskólinn Bæjarból**
•Deildarstjóri
•Aðstoð í eldhúsi

**Leikskólinn Kirkjuból**
•Leikskólakennarar

**Leikskólinn Krakkakot**
•Deildarstjóri
•Leikskólakennarar

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar á **www.gardabaer.is**.

GARÐABÆR 40
GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARDABAER.IS

## Arkþing leitar að duglegu og hugmyndaríku fólki



Vegna fjölbreyttra og spennandi verkefna framundan, leitum við að:

- **Arkitekt, byggingarfræðing eða tækniteiknara**
  Kunnátta í Revit nauðsynleg.
- **3D snillingi**
  Viðkomandi þarf að geta gert þrívíddarmyndir í svipuðum gæðaflokki og myndin hér að ofan.

Umóknir sendist á arkthing@arkthing.is
Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál

www.arkthing.is

## LEIKSKÓLI Í REYKJAVÍK

óskar eftir að ráða leikskólakennara, grunnskólakennara og leiðbeinanda frá og með 1.ágúst 2016. Góð íslenskukunnátta nauðsynleg.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist á **box@frett.is** merkt *„Leikskóli-2506"*



# Deildarstjóri þjónustuvers

**Við leitum að öflugum einstaklingi til að þróa og leiða nýtt 5 manna þjónustuver sem við tökum í notkun í vor og hefur þegar fengið frábærar viðtökur.**
**Um framtíðarstarf er að ræða.**

### Starfssvið
- Vera í forsvari og bera ábyrgð á þjónustuveri og rekstri þess.
- Semja vinnureglur og ferla þjónustuvers.
- Tryggja viðskiptavinum okkar bestu mögulega þjónustu.
- Símsvörun og samskipti í gegnum tölvupóst.
- Afgreiðsla fyrirspurna og almenn þjónusta við viðskiptavini.
- Skráning og eftirfylgni pantana.
- Önnur tilfallandi verkefni.

### Hæfniskröfur
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Þekking og áhugi á bílum er kostur.
- Reynsla af afgreiðslu á varahlutum eða reynsla í bifvélavirkjun kostur.
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. júlí**

**Umsóknir og ferilskrár sendist á atvinna@stilling.is**

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



Vinnumálastofnun

VINNUMÁLA STOFNUN

# Forstöðumaður nýrrar þjónustuskrifstofu fyrir húsnæðisbætur á Sauðárkróki

Laus er til umsóknar ný staða forstöðumanns hjá **Vinnumálastofnun.**

Á verksviði forstöðumannsins verður að annast framkvæmd nýrra laga um húsnæðisbætur, í samstarfi við yfirstjórn stofnunarinnar. Lögin taka gildi um næstu áramót. Í starfinu felst að veita forstöðu nýrri þjónustuskrifstofu **Vinnumálastofnunar á Sauðárkróki** sem opnuð verður á næstunni og skipuleggja starfsemi hennar. Gert er ráð fyrir að þar muni starfa 12-14 manns. Forstöðumaðurinn mun heyra undir sviðsstjóra stjórnsýslu og afgreiðslusviðs stofnunarinnar. Leitað er eftir einstaklingi sem hefur reynslu af stjórnun og á auðvelt með að tileinka sér gildi **Vinnumálastofnunnar**: Fyrirmyndarþjónusta; Virðing; Áreiðanleiki.

Forstöðumannsins bíður að sinna afar krefjandi verkefnum með jákvæðum og uppbyggjandi samstarfshópi. Starfshlutfall er 100%.

### Hæfnikröfur:
- Skipulagshæfileikar
- Frumkvæði
- Samstarfshæfni
- Hæfni í verkefnastjórnun
- Góð þekking og kunnátta í framkvæmd stjórnsýslulaga og annarra laga er opinberan rekstur varða
- Góð kunnátta í ensku og einu norðurlandamáli

### Menntun:
Fullnaðarpróf í lögfræði, opinberri stjórnsýslu, eða önnur sambærileg háskólamenntun.

Miðað er við að viðkomandi hefji störf 1. ágúst 2016.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Sækja skal um starfið á Starfatorgi: **www.starfatorg.is/serfraedistorf/forstodumadur-vinnumalastofnun-thjonustuskrifstofa-fyrir--husaleigubaetur-saudarkrokur-201606-888**

**Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí 2016.**

Nánari upplýsingar um starfið veita Vilmar Pétursson mannauðsstjóri eða Unnur Sverrisdóttir aðstoðarforstjóri í síma 515-4800.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Áhugasamir umsækjendur geta kynnt sér starfsemi stofnunarinnar á heimasíðu hennar: **www.vinnumalastofnun.is**

Fyrirmyndarþjónusta | Virðing | Áreiðanleiki

**Vinnumálastofnun** Kringlunni 1, 103 Reykjavík Sími 515 4800 **www.vmst.is**



# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**

# ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG EYJAFJARÐAR AUGLÝSIR EFTIR FRAMKVÆMDASTJÓRA

- AFE er ætlað að vera leiðandi afl í uppbyggingu atvinnu og þróunar á Eyjafjarðarsvæðinu með það að markmiði að fjölga atvinnutækifærum, efla hagvöxt, auka fjölbreytileika þeirra starfa sem í boði eru og skapa hagstæð skilyrði fyrir ný verkefni og atvinnuíf sem til staðar er. Þá er verkefni félagsins að efla Eyjafjörð sem eftirsóttan valkost til búsetu. Með starfsemi sinni stuðlar AFE að betri rekstrargrundvelli atvinnulífs og bættri samkeppnishæfni Eyjafjarðarsvæðisins gagnvart öðrum svæðum innanlands sem utan.
- AFE er samráðsvettvangur aðildarsveitarfélaganna í sameiginlegum hagsmunamálum.
- **Helstu verkefni framkvæmdastjóra:**
  **Stefnumótun, daglegur rekstur félagsins, áætlanagerð og starfsmannahald, samskipti við aðildarsveitarfélög, málsvörn fyrir hagsmuni svæðisins, samskipti við opinbera aðila, rekstur klasa, efling samvinnu og nýsköpunar á svæðinu, efnahagsgreining.**
- **Menntunar- og hæfniskröfur:**
  Háskólamenntun
  Starfsreynsla sem nýtist í starfi
  Þekking á rekstri
  Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
  Mjög góðir skipulags- og samskiptahæfileikar
  Góð kunnátta í ensku og norðurlandamáli

Trúnaðar verður gætt um umsækjendur.
Umsóknarfrestur er til og með 30. júní 2016.
Umsóknir skulu sendar í pósti á AFE eða í tölvupósti á tls@afe.is.
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Nánari upplýsingar veita formaður stjórnar AFE, Unnar Jónsson í síma 660 9032 og Steinunn María Sveinsdóttir, varaformaður stjórnar AFE í síma 844 0104, eftir kl. 16.

ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG EYJAFJARÐAR

# SÖLUMAÐUR ÓSKAST

## Vegna sameiningar Gluggasmiðjunnar ehf. og Gluggar og gler ehf. og aukinna umsvifa leitum við að öflugum og metnaðarfullum sölumanni

### Starfsvið

Starfið á sölusviði felur í sér tilboðsgerð, sölu og ráðgjöf í lausnum í gluggum, gleri og ýmsum öðrum byggingarlausnum bæði til verktaka og einstaklinga.

### Hæfniskröfur

Reynsla af sölumennsku æskileg | Þekking á byggingum og byggingarvörum æskileg
Góð almenn tölvukunnátta | Sjálfstæði í starfi og hæfi til að starfa í hópi
Góð þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum | Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi

**Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí** og stefnt er að því að umsækjandi hefji störf sem fyrst.

**Umsóknir** ásamt ferilskrá skal senda á: hafsteinn@gluggasmidjan.is

**Upplýsingar** veitir Hafsteinn Hilmarsson sölustjóri: hafsteinn@gluggasmidjan.is
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Gluggasmiðjan**
Viðarhöfða 3 • 577 5050 • gluggasmidjan.is

*Gluggasmiðjan er einn stærsti framleiðandi timbur, timbur/ál og álglugga á landinu og hefur framleitt glugga í hartnær sjö áratugi. Nú með sameiningu við Glugga og gler er fyrirtækið einnig mjög öflugt í sölu allra gerða glers og glerlausna, plastglugga og hurða ásamt fjölda annarra byggingarvara.*

# Löggiltur fasteignasali óskast

Skjalagerð og sala.
Hlutastarf kemur vel til greina.

Áhugasamir hafi sambandi á ilgur@simnet.is
Fullum trúnaði heitið.
Haft verður símasamband fljótlega.

GRINDAVÍKURBÆR

## Grindavíkurbær auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar

### Starfsmaður í þjónustumiðstöð
**(umsjónarmaður grænna-og opinna svæða)**

Leitað er að metnaðarfullum og traustum einstaklingi sem hefur áhuga á fjölbreyttum verkefnum. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um starfið. Um framtíðarstarf er að ræða.

**Verksvið og ábyrgð**
- Starfsmaður er umsjónarmaður grænna- og opinna svæða í bæjarfélaginu
- Yfirmaður vinnuskóla
- Áætlunargerð og skipulagning
- Viðhald með götugögnum
- Umsjón með efnislosun og sorphirðu í bæjarlandinu auk ýmissar þjónustu við bæjarbúa vegna þessara verkefna
- Bakvaktir skv. bakvaktarkerfi þjónustumiðstöðvar.
- Öll tilfallandi störf í þjónustumiðstöð, m.a. afleysingar á þjónustubifreið, snjómokstur o.fl.

**Hæfniskröfur**
- Starfsreynsla æskileg sem nýst getur í starfi
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Tölvukunnátta í outlook, word og excel
- Bílpróf og vinnuvélaréttindi
- Rík þjónustulund við íbúa bæjarins
- Lipurð í mannlegum samskipum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Suðurnesja.

**Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí nk.**
Senda skal umsókn og starfsferilskrá til Sigmars B. Árnasonar byggingafulltrúa á bygg@grindavik.is, sem veitir einnig nánari upplýsingar í síma 420 1109.

### Hafnarvörður

Grindavíkurhöfn óskar eftir að umsækjendum með ríka þjónustulund í starf hafnarvarðar í fullt starf. Hafnarvörður starfar m.a. við leiðsögn skipa, öryggiseftirlit við höfn og sinnir ýmsum þjónustuverkefnum s.s. að raða skipum í höfn, taka við og sleppa landfestum skipa, afgreiðir vatn og rafmagn til viðskiptavina o.fl. Hafnarvörður sinnir einnig störfum á hafnarvog s.s. vigtun á sjávarfangi og vöruvigtun.

**Hæfniskröfur**
- Umsækjendur þurfa að uppfylla kröfur um löggildingar vigtarmanna skv. lögum 91/2006
- Skipstjórnarstig 2. stig og/eða vélstjórnarréttindi 750kw eru kostur
- Enskukunnátta
- Almenn færni í tölvum og geta til að setja sig inn í þau forrit sem notuð eru hjá Grindavíkurhöfn
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli

á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is




## ATVINNA

### Atvinna í boði

**GAMLA SMIÐJAN, ÞRASTALUNDI,**

**801 SELFOSS**
Óskar eftir starfsfólki til starfa. Vönum pizzabökurum í fullt starf og hlutastarf einnig afgreiðslufólki í fullt starf, kvöld og helgar vinnu.

Nánari upplýsingar
sverrir@brimhotel.is

**RÓTGRÓINN VEITINGA OG SKEMMTISTAÐUR Í REYKJAVÍK**
óskar eftir hressu starfsfólki á bar og í eldhús. Reynsla æskileg.

Áhugasamir sendi upplýsingar á atvinnareykjavik@gmail.com

Smiður-ir óskast í uppsetningu á álgluggum. S. 66 45 900

Leitum eftir dugmiklum starfskröftum á hjólbarðastöðvar Dekkjahallarinnar. 18 ára aldurstakmark. Umsóknareyðublöð á www.dekkjahollin.is

**KORNIÐ/FJARÐARBAKARÍ**
Starfsfólk óskast í hlutastörf, framtíðarstarf. 18 ára og eldri. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist á umsokn@kornid.is

## Hönnun

KG
HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

### Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**HRINGIÐ Í STÍNU!**
Hún er alltaf til í heitt spjall. Sími 905-2100 Geymið auglýsinguna.

## fasteignir



ÓSNORTIÐ SJÁVARÚTSÝNI

# Eitt glæsilegasta húsið við Ægisíðu

Húsið er teiknað af Sigvalda Thordarson og er mjög glæsilegt og hefur það verið friðað. Hússins er víða getið þegar fjallað er um íslenska byggingarlist. Húsið er hannað út í hörgul í fallegum og hreinum stíl.

**426 fm hús á þremur hæðum**
**- séríbúð er á jarðhæð.**
Á 2. hæðinni er forstofa, snyrting, hol, stórar stofur, borðstofa, eldhús, búr, þvottahús o.fl. Á 3. hæðinn eru 3 herb. (5 skv. teikningu) og tvö baðherbergi. Á jarðhæð er herbergi til vesturs, baðherbergi, gangur, stórar geymslur og mjög stórt herbergi til suðurs. Einnig sér 2ja herbergja íbúð sem skiptist í forstofu, hol, herbergi, baðherbergi, eldhús, stofu og geymslu.

**· Óskað er eftir tilboðum í eignina**



NÁNARI UPPLÝSINGAR
**Guðlaugur Ingi Guðlaugsson**
*Löggiltur fasteignasali*
gudlaugur@eignamidlun.is
864 5464



EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

## skemmtanir

EM Í BEINNI

**EM í beinni!**
**Ísland - England**
**kl. 19:00 á mánudag**

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*



**Hljómsveitin AMIGOS**

**Arnar Freyr, Jóhann Ingva, Jón Kjartan og Jón Borgar spila um helgina.**

*Allir velkomnir*

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT


ráðum
ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

hve fáar konur eru starfandi í stétt íþróttafréttamanna. Vandamálið er hins vegar langt í frá bundið við Ísland sem sést glögglega á Evrópumótinu sem er algjör karlasamkoma. Maður tekur hreinlega eftir því þegar kona er á svæðinu, svo einsleitt er vinnuumhverfið. Og það nær ekki aðeins til fréttamanna heldur ljósmyndara og myndatökumanna. Hérna eru karlar, að fjalla um karla.

**Óvæntur gestur**

Eftir jafnteflið gegn Portúgal rak ég augun í konu sem skeggræddi málin við fjölmiðlamenn. Óvæntur og kærkominn gestur. Ég hélt hún væri í teymi Símans og spurði hana hvaða hlutverki hún sinnti. Þá kom í ljós að um var að ræða Ingibjörgu Pálmadóttur, eiginkonu Dags Sigurðssonar handboltaþjálfara, á ferðalagi með manni sínum sem hafði verið sérfræðingur í sjónvarpsútsendingu. Hún var sannarlega velkomin í hópinn þótt vonin sem kviknaði um nýjan fulltrúa í stéttinni hafi að engu orðið. Vonin lifir. Vonandi eykst fjölbreytnin í hópnum með tímanum.

Hlutverk íslensku pressunnar hefur breyst úr því að vera eingöngu að fjalla um íslenska liðið yfir í að vera vinsælir viðmælendur hjá erlendu pressunni. Miðlar frá öllum heimshornum hafa hringt í íslensku blaðamennina eða gefið sig á tal við þá. „Hvernig má það vera að þjóð með íbúafjölda á pari við Coventry sé með landslið á stórmóti í knattspyrnu?“ er algengasta spurningin þótt flestir séu hættir að spyrja, enda búið að svara svo oft.

Sænskir fjölmiðlamenn hafa verið samferðamenn okkar enda áhuginn á Lars Lagerbäck í heimalandinu mikill. Robert Laul, einn þeirra sem snerust gegn Lars og birti endurtekið byrjunarlið Svía daginn fyrir leik, er fastagestur á fundunum í Annecy. Nokkrum úr íslensku pressunni semur vel við kappann og einn hefur dásamað hann í bak og fyrir. Snurða hljóp á þráðinn þegar Laul þessi kvótaði hans mesta aðdáanda í íslenska hópnum í frétt sinni um að lýsandinn sem allir eru að tala um, sjálfur Gummi Ben, yrði rekinn sem aðstoðarþjálfari KR. Taldi hann Svíann hafa gert fullmikið úr orðum sínum og yfirgaf stöðu sína sem formaður aðdáendaklúbbs Lauls tímabundið hið minnsta.

Ljósmyndararnir í hópnum njóta þeirra forréttinda að vera niðri á velli á stórum augnablikum. Pressan er mikil að ná forsíðumynd fyrir blaðið og flottum myndum fyrir vefinn. Þeir geta verið heppnir eða óheppnir með staðsetningu þegar þeim er úthlutað sæti. Grípa þeir jafnan til þess að skiptast á sætum við erlenda kollega í hálfleik til að vera á þeim enda sem Ísland sækir. Hvers vegna? Jú, til að mynda mörk Íslands. Svo er það óvissan um hvert markaskorarinn hleypur með liðsfélagana þegar markinu er fagnað. Hann gæti hlaupið í fangið á ljósmyndaranum eða úr aug- og linsusýn.

**Unnið hratt**

Blaðamenn hafa svæði í stúkunni, með litla sjónvarpsskjái til að geta séð endursýningar. Þar er unnið hratt. Einn sér um beina textalýsingu á netinu, annar metur frammistöðu leikmanna, ítarleg umfjöllun er unnin jafnóðum af þeim þriðja. Tekið er þátt í umræðu á samfélagsmiðlum og svo þegar flautað er til leiksloka fer allt á flug. Í okkar tilfelli fór einn á blaðamannafund þjálfara, annar beið leikmanna til að spyrja út í leikinn og sá þriðji sat fyrir stuðningsmönnum og tók tali í beinni útsendingu. Menn keppast við að skrifa upp viðtöl, rýna í stöðuna og framhaldið og áður en maður veit af eru liðnar þrjár klukkustundir og öryggisverðir í fjölmiðlaaðstöðunni að biðja mann um að koma sér heim.

Sem betur fer ekki heim til Íslands, heldur heim á hótel. EM-ævintýri strákanna okkar, og okkar í íslensku pressunni, lifir enn og full ástæða til að hafa trú á strákunum í Nice á mánudaginn. Í níutíu mínútna fótboltaleik tveggja landsliða þar sem allt getur gerst.

## Dagur fréttamanns 365 í Annecy

- Vaknað klukkan átta, farið í morgunmat og fundað fyrir daginn.
- Vefþátturinn EM í dag tekinn upp, fréttir skrifaðar á Vísi og haldið á blaðamannafund eða opinn hluta æfingar hjá landsliðinu.
- Bein útsending á Vísi frá fundinum eða æfingunni, viðtöl tekin við þjálfara og leikmenn.
- Fréttir unnar fyrir hádegisfréttir Bylgjunnar, Vísi, lögð drög að Fréttablaði morgundagsins og sjónvarpsfréttir unnar, almennar fréttir og íþróttafréttir.
- Unnið fram að kvöldmat og svo lögð drög að innkomu í beinni útsendingu í fréttum Stöðvar 2.
- Kvöldmatur og horft á EM um kvöldið, lögð drög að dagskrá morgundagsins.
- Allt ofantalið væri ómögulegt ef ekki væri fyrir frábært bakland í Skaftahlíð hvort sem kemur að fréttaskrifum, umbroti, klippivinnu, tæknilegri aðstoð eða hvatningu.



**Ekkert er mikilvægara fyrir blaðamenn en góð nettenging og hana er að finna í blaðamannaaðstöðu á leikvöngunum þar sem spilað er. Hérna er unnið í aðstöðunni á Stade Geoffroy-Guichard í Saint-Étienne.**




# Tungumál heimsins



Saga til næsta bæjar

**Stefán Pálsson** skrifar um frumleg fjarskipti.



Í myndasögunum um Lukku-Láka, hetjuna hjartahreinu og skotvissu, koma iðulega fyrir indíánar sem skiptast á skilaboðum með því að senda reykmerki. Myndasögur af þessu tagi og ótal kúrekamyndir skekkja rækilega mynd okkar af því hversu skilvirk og öflug tjáskiptaleið reykmerki séu í raun og veru. Staðalmyndin af indíánanum sem situr á hækjum sér og bregður teppi yfir eld til að búta reykinn niður í litla hnoðra til að skrifa heilu orðin og setningarnar er á misskilningi byggð.

Frumbyggjar Ameríku voru vissulega í hópi þeirra menningarsamfélaga sem létu sér til hugar koma að senda reykmerki til að koma skilaboðum um langan veg á skömmum tíma. Aðferðin bauð þó ekki upp á flókin tákn, varla margslungnari en einfaldar upphrópanir: hætta, komið eða flýið! Stundum gat staðsetning bálsins falið í sér viðbótarupplýsingar, svo sem hvort reykurinn bærist frá fjallstindi, úr miðri hlíð eða neðan frá jafnsléttu.

Líkt og á svo mörgum öðrum sviðum, voru Kínverjar frumkvöðlar í þróun reykmerkja. Varðsveitir þeirra á Kínamúrnum notuðu þessa aðferð til að vara við aðvífandi hættu og gátu á fáeinum klukkustundum sent skilaboð um mörg hundruð kílómetra leið, sem hefði tekið sendiboða á hestbaki marga daga að ferðast.

Frá upphafi vega hefur mannkynið leitast við að finna leiðir til að senda skilaboð hratt og örugglega milli staða. Líkt og í Kína, voru hernaðarlegir hagsmunir þar einatt í forgrunni. Sagan kennir okkur að fátt gefur af sér jafn miklar nýjungar á sviði vísinda og tækni og stríðsbrölt og herir. Ekki vegna þess að manndráp séu svo auðgandi fyrir andann, heldur vegna þess að þegar hagsmunir herja eru annars vegar geta vísindamenn og uppfinningafólk gengið óhindrað í sjóði ríkisins. Oft og tíðum reyndust uppgötvanirnar og tækninýjungarnar svo hafa margvíslegan annan og göfugri tilgang en að smíða vígvélar.

### Lesið með eyrunum

Skemmtilegt dæmi um þetta er blindraletrið. Þetta þarfaþing sem gert hefur blindu fólki unnt að lesa ritað mál í nærri tvær aldir, var fundið upp og þróað í hernaðarlegum tilgangi. Þá nefndist það „næturletur“ og átti að hjálpa hermönnum á vígvellinum að lesa skilaboð í myrkri án þess að setja sig í hættu við að kveikja ljós. Deila má um hvort hugmyndin var raunhæf, til dæmis út frá því hversu mikill tími hefði farið í að kenna hálfum hernum að lesa blindraletur miðað við hagnýtið.

Það kom í hlut blinds pilts á þrítugsaldri, Louis Braille, að aðlaga næturletur hersins að þörfum sjónlausra árið 1825. Þótt talsverðar breytingar hafi orðið á blindraletrinu síðan, ber það enn nafn Brailles á fjölda tungumála.

Um svipað leyti og stjórnendur franska hersins voru að gefa næturletrið upp á bátinn, fór hermálaráðuneyti Frakklands að sýna áhuga hugmyndum tónlistarmannsins og áhugamálfræðingsins François Sudre. Hann fæddist árið 1787 og þótti liðtækt tónskáld og fiðluleikari. Tónlistin hefur löngum verið kölluð alheimstungumál, en um þrítugt kviknaði sú hugmynd hjá tónskáldinu unga að ef til vill mætti túlka þá speki bókstaflega. Í leiðinni mætti slá nokkrar aðrar flugur í sama högginu, svo sem að leysa fjarskiptavandamál veraldarinnar og gera öllum þjóðum heims mögulegt að ræða saman.

Sudre ákvað að skapa tungumál sem byggðist á tónlist og „bókstafir“ þessa tungumáls yrðu nótur tónstigans: do-re-mi-fa-so-la-ti (eða öllu heldur do-re-mi-fa-sol-la-si, eins og nóturnar voru kallaðar í Frakklandi á þeim tíma). Nafn tungumálsins var „solresol“, sem vitaskuld er myndað úr nótnaheitum.

Höfundur þessa nýja tungumáls hófst þegar handa við að setja saman orðabók fyrir solresol, þar sem öllum mögulegum og ómögulegum orðum og hugtökum voru gefnar nótnarunur. Orðabókarsamningin entist honum alla ævi. Sudre lést árið 1862 og það var ekki fyrr en eftir dauða hans sem tókst að ljúka við orðabókina og gefa hana út á frönsku og nokkrum öðrum lykiltungumálum.

Hugsjón Sudres um að jarðarbúar allir öðluðust sameiginlegt tungumál var falleg og þá ekki síður sá aukakostur að með þessu móti gætu blindir og heyrnarlausir átt í samskiptum, þar sem sá blindi hlustaði á tónlistina en sá heyrnarlausi læsi nóturnar. En franska hernum stóð á sama um slík aukamarkmið. Í huga hersins var hér komin möguleg lausn á einu stærsta vandamáli í herstjórnarlist þess tíma: hvernig bera mætti skilaboð hratt um langan veg.

### Varðmenn með risalúðra

Stjórnendur hersins höfðu reynt ýmislegt í þessu skyni, þar á meðal að koma upp kerfi varðstöðva þar sem skilaboð voru send frá einni stöð til annarrar með því að veifa fánum eða draga flögg að húni til að mynda skilaboð. Slík kerfi reyndust þó ónákvæm og fokdýr, þar sem stöðvarnar urðu að vera býsna nærri hver annarri til að skilaboðin kæmust óbrengluð til skila. En gæti tónlist þá verið lausnin?

Sudre var slyngur markaðsmaður og kunni vel að selja uppfinningu sína. Hann setti upp sýningar á kerfi sínu í Lundúnum og Parísarborg þar sem hann fékk áhorfendur í sal til að skrifa orð af handahófi á bréfmiða, Sudre spilaði orðið eða setninguna á hljóðfæri og aðstoðarmaður hans í hinum enda salarins hlustaði og skrifaði svo hárrétta lausn á stóra krítartöflu.

Ekki þurfti mikið ímyndunarafl til að sjá fyrir sér stórkarlalegri útfærslu á tækninni, þar sem þeyta mætti stóreflis lúðra til að flytja skilaboð um langan veg. Það var ekki að undra þótt áhugi hersins væri vakinn.

En kerfið hafði sína galla og þá fleiri en einn og fleiri en tvo. Sá stærsti var að móttakandi skilaboðanna varð að hafa nánast fullkomið tóneyra. Minnsta ónákvæmni í að skrá niður nóturnar gat valdið því að skilaboðin gerbreyttust og urðu óskiljanleg. Þótt menntaður tónlistarmaður gæti ritað niður skilaboð sem leikin voru á píanó í samkomusal skammlaust, var langur vegur í að vaktmaður á varðstöð gæti náð sömu nákvæmni við að hlýða á lúðraþyt úr margra kílómetra fjarlægð. Og ekki var heppilegt að treysta um of á fjarskiptakerfi sem virkaði helst í logni og þurru veðri.




**TÓNLISTIN HEFUR LÖNGUM VERIÐ KÖLLUÐ ALHEIMSTUNGUMÁL, EN UM ÞRÍTUGT KVIKNAÐI SÚ HUGMYND HJÁ TÓNSKÁLDINU UNGA AÐ EF TIL VILL MÆTTI TÚLKA ÞÁ SPEKI BÓKSTAFLEGA.**

### Úrelt tækni

Þrátt fyrir þessa augljósu annmarka var franski herinn til í að veðja á nótnamál Sudres og fjármagnaði vinnu hans í því skyni. Tilkoma ritsímatækninnar gerði hins vegar tónlistarfjarskiptakerfið óþarft og ófullkomið á örskotsstundu. Þótt stofnkostnaðurinn væri ærinn, þá voru ritsímafjarskipti miklu nákvæmari og kölluðu ekki á herskara tónlistarmanna við úrvinnslu skilaboða.

Þegar fjarskiptaþáttur nótnamálsins var fyrir bí, átti kerfið mjög undir högg að sækja. Hugsjónin um alheimsmálið stóð fyrir sínu en þar urðu jafnvel hörðustu stuðningsmenn Sudres að viðurkenna takmarkanir kerfisins.

Að hafa einungis úr sjö nótum að spila sem „bókstöfum“ í kerfinu, sem þess utan voru leiknir á hljóðfæri, takmarkaði mjög hversu málfræðilega flókið tungumálið gæti verið. Þannig voru flóknar sagn- og fallbeygingar illmögulegar og málið því illnýtanlegt til annars en að koma mjög hráum og einföldum skilaboðum á framfæri. Til samanburðar má nefna að það nútímatungumál sem fæsta bókstafi notar, er mál íbúa Havaí með fimm samhljóðum og átta sérhljóðum eða þrettán í allt. Býður það upp á miklar stafaromsur.

Solresol-tónlistarmálið átti líklega talsverðan þátt í því að ýta undir smíði nýrra og fyrirhugaðra alheimstungumála á borð við volapük og esperanto undir lok nítjándu aldar. Hugmyndafræðin var svipuð, en höfundar þeirra tungumála voru ekki bundnir á klafa þröngs tónstiga og gátu því samið aðgengilegri tungumál sem ekki kölluðu á afburðatónlistarhæfileika.

Í seinni tíð hefur solresol öðlast óvænt framhaldslíf á internetinu, þar sem finna má fámennan en góðmennan afkima fólks sem vill endurvekja þetta gamla kerfi með hjálp nútímatækni. Tölvur samtímans hafa upprætt þörfina fyrir ofurnæmt tóneyra hlustandans og í sjálfu sér mætti hugsa sér fjarskipti í gegnum tölvunet þar sem fólk með ólík móðurmál tjáir sig hvert við annað með hjálp píanóborðs. Líklegra er þó að þetta fjarskiptakerfi hafi endanlega misst af lestinni og þess utan hafa aðrir kynnt til sögunnar ný og mögulega enn betri nótnatungumál.

# ÚTSALA!

## HEFST Í DAG 25. JÚNÍ

**INTERSPORT; BÍLDSHÖFÐI, AKUREYRI OG SELFOSS**

30% AFSLÁTTUR

50% AFSLÁTTUR

70% AFSLÁTTUR

INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 17. SUN. 13 - 17.
INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®



Sverrir velti fyrir sér í ritgerðinni hvers vegna smáríkið Ísland bar sigurorð af breska heimsveldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Íslendingar gáfu ekki eftir

**Sverrir Steinsson gerði þorskastríð Íslendinga og Breta að viðfangsefni í meistaraprófsritgerð sinni og hlaut verðlaun sem Félag stjórnmálafræðinga veittu í fyrsta sinn.**

Þetta var heiður. Ég fékk líka 100 punda inneign hjá Amazon og hugsa að ég kaupi nokkrar kvikmyndir til að horfa á, það er eiginlega aðaltómstundaiðja mín fyrir utan að lesa bækur og greinar um alþjóðastjórnmál.“ Þetta segir Sverrir Steinsson um verðlaun sem Félag stjórnmálafræðinga sæmdi hann nýlega fyrir lokaritgerð sína í meistaranámi við HÍ. Hún fjallaði um þorskastríðin á síðustu öld. Af hverju valdi hann það efni?

„Ég tók fyrir alþjóðasamskipti í MA-náminu og lærði um þorskastríðin á fyrstu önninni. Það var aðallega sagnfræðileg yfirferð um hvaða atburðir voru að gerast og hver sjónarmið þeirra aðila sem tóku þátt í þeim voru, einkum Íslendinga. Mér fannst vanta að setja þessi átök í samhengi við þær kenningar sem við vorum að lesa um í öðrum námskeiðum í skólanum, svo þar var glufa.“

> **Hugsa að ég kaupi nokkrar kvikmyndir til að horfa á, það er eiginlega aðaltómstundaiðja mín fyrir utan að lesa bækur og greinar um alþjóðastjórnmál.**

Sverrir nefnir kenningar eins og nýraunsæi sem miði við að ráðamenn setji öryggishagsmuni í fyrsta sæti; líka frjálslyndisstefnu sem leggi áherslu á þætti eins og lýðræði og viðskipti og auki líkur á friðsamlegum samskiptum. En gilda sömu kenningar nú og á tímum þorskastríðanna?

„Já, kenningarnar eru flestar sígildar og þó að þær taki breytingum með tímanum hafa þær mikið að segja bæði um gamla atburði og nýrri,“ svarar Sverrir sem kemst að þeirri niðurstöðu að bæði Bretar og Íslendingar hafi vanmetið hinn aðilann. „Báðir héldu að hinn mundi horfa í kostnaðinn og semja,“ segir hann. „Með tímanum áttuðu Bretar sig þó á að íslenskir ráðamenn gátu ekki bakkað, þá hefði almenningur refsað þeim, þrýstingurinn var svo mikill frá hagsmunaaðilum. Landsmenn hefðu litið á það sem svik ef ráðamenn hefðu samið. Svo þegar öryggishagsmunum var teflt í tvísýnu áttu Bretar auðveldara með að gefa eftir.“

Sverrir skilaði ritgerðinni á ensku, hann flutti hingað heim frá Svíþjóð 2005 og kveðst eiga auðveldara með að skrifa akademískar ritgerðir á ensku en íslensku. „Þó hefur meira verið skrifað um þorskastríðin á íslensku en ensku og því hafa erlendir fræðimenn átt erfitt með að afla sér heimilda um þau en á Íslandi höfum við ágætar bækur.“

gun@frettabladid.is



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug
við útför og andlát föður okkar,
fósturföður, tengdaföður, sonar,
bróður og afa.

**Þorsteins Ívars Sæmundssonar**

Bragavöllum 4,
Reykjanesbæ.

**Sigursteinn Ívar Þorsteinsson**
**Helma Þorsteinsdóttir**
**Dagný Gísladóttir**
**Stefán Magnús Jónsson**
**Hildur Björg Jónsdóttir**
**Guðlaug Karlsdóttir**
**tengdabörn, systkini og barnabörn.**



✝

Innilegar þakkir til ykkar allra sem
sýnduð okkur hlýhug og samúð
við andlát og útför föður okkar,
fósturföður, tengdaföður,
afa og langafa,

**Árna Jóhannessonar**

Hjallalundi 18, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á lyflækningadeild
Sjúkrahússins á Akureyri, öldrunarlækningadeild
á Kristnesi og starfsfólki á Lögmannshlíð.

**Jóhannes Árnason**
**Jónas Ingi Árnason**
**Sigurður Kristinsson**
**Sólveig Þóra Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

*Við andlát ástvinar*
*Nærgætni, hlýja og virðing*



**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353



**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

Fallegir legsteinar á góðu verði

Kynningarverð
á öllum legsteinum í sýningarsal að
**Auðbrekku 4, 200 Kópavogi**




Bergsteinar
legsteinagerð

Verið
velkomin

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Samtaka fjölskylda

## Ólafía Jónsdóttir, synir hennar Guðni og Friðbjörn, barnabarnið Ólafía og barnabarnabarnið Ísabella Áróra eiga öll afmæli sama daginn, 22. júní, og hittust til að fagna honum.

„Afkomendur móður minnar eru 50 sem þýðir að stórt hlutfall þeirra á afmæli sama dag,“ segir hinn 64 ára Guðni Björnsson, annar tvíburasona Ólafíu Jónsdóttur í Garðabæ sem varð 91 árs 22. júní. Friðbjörn bróðir hans er mættur líka og dóttir hans Ólafía, 35 ára. Meira að segja Ísabella Áróra Björnsdóttir, þriggja ára, er komin til landsins frá Svíþjóð að hitta langömmu, afa og frændfólkið á afmælisdegi þeirra allra.

Eru þau vön að halda upp á afmælið saman? „Það er oft ekkert planað, það bara gerist. Við erum frekar samheldin fjölskylda.“ Hann veit ekki til að fæðingarnar hafi verið planaðar með þennan dag í huga. „Sú gamla byrjaði og geymir leyndarmálið.“

gun@frettabladid.is



Guðni, Friðbjörn, Ólafía eldri, Ólafía yngri og Ísabella Áróra. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðborg Björk Sigtryggsdóttir**
(Dúlla)

lést á Sjúkrahúsi Seyðisfjarðar 19. júní. Útförin fer fram 28. júní kl. 14 frá Seyðisfjarðarkirkju. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasamtök Sjúkrahúss Seyðisfjarðar eða Slysavarnadeildina Rán.

**Ingibjörg Gísladóttir**
**Sigurður Gíslason** — **Martha Finnsdóttir**
**Sigtryggur Gíslason** — **Anna Kristjánsdóttir**
**Ólafía María Gísladóttir** — **Guðjón Egilsson**
**Ragnheiður Gísladóttir** — **Sigurður Viðisson**
**Guðrún Gísladóttir** — **Klas Poulsen**
**Sigurveig Gísladóttir** — **Vilhjálmur Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Friðriks Kristjánssonar**
Vallartröð 2, Eyjafjarðarsveit,

sem lést á öldrunarheimilinu Hlíð, Akureyri, 5. júní sl.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Grenihlíðar fyrir hlýju og alúð við umönnun hans.

**Kolfinna Gerður Pálsdóttir**
**Ingibjörg Friðriksdóttir** — **Helgi Bjarnason**
**Fanney Friðriksdóttir** — **Guðmundur Halldórsson**
**Snæbjörn Friðriksson**
**Anna Friðriksdóttir** — **Guðmundur Guðmundsson**
**Baldur Friðriksson** — **Kristín Reynisdóttir**
**Theodór Friðriksson**
**afa- og langafabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Inga Sigríður Ingólfsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli 21. júní. Útförin fer fram í Bústaðakirkju mánudaginn 27. júní kl. 15.00.

**Björg Jónsdóttir** — **Gestur Pálsson**
**Hjördís Jónsdóttir** — **Jörgen Moestrup**
**Ásta Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Sendum okkar hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð vegna andláts og útfarar mömmu okkar,

**Arnbjargar Súsönnu Sigurðardóttur**

Líknardeildinni í Kópavogi sendum við einnig hlýjar kveðjur og þakkir fyrir frábæra umönnun.

**Steinunn, Anna, Guðrún, Sigrún, og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Alfreð Júlíusson,**
vélfræðingur,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Eir 15. júní, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 28. júní kl. 13.

**Guðbjörg Alfreðsdóttir** — **Ásmundur Karlsson**
**María Júlía Alfreðsdóttir** — **Símon Ólafsson**
**Ólöf Alfreðsdóttir** — **Ágúst Victorsson**
**Kristín Gróa Alfreðsdóttir** — **Ragnar Ríkharðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Bettýjar Benjamínsdóttur**
Kjarrhólum 18, Selfossi.

**Sigurður Einarsson**
**Sigurlaug A. Sigurðardóttir**
**Svanhildur Martin** — **Brian K. Martin**
**Einar Einarsson** — **Gayle Louise Einarsson**
**Magnús Einarsson** — **Shari L. Russell**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Rósa Vilhjálmsdóttir**
Rose Guðjónsson
Mörkinni,
Suðurlandsbraut 66, Reykjavík,

lést af slysförum fimmtudaginn 9. júní. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Örn Andrew Guðbergsson**
**Margrét Annie Guðbergsdóttir** — **Jón Benediktsson**
**Grétar William Guðbergsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóhanna Margrét Einarsdóttir,**
áður til heimilis að
Sléttuvegi 3, Selfossi,

sem lést 18. júní síðastliðinn verður jarðsungin frá Selfosskirkju þriðjudaginn 28. júní klukkan 14.

**Sigríður Kolbrún Oddsdóttir, Magnús Kjartansson,**
**Sveinbjörn Oddsson,**
**Gunnar Oddsson, Dorthe Oddsson,**
**Einar Valur Oddsson, Steinunn Jónsdóttir,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

**Guðmundur A. Jónsson**

lést á líknardeild Landspítalans þann 21 júní sl. Jarðarförin fer fram í kyrrþey. Við viljum koma á framfæri þakklæti til starfsfólks Heimahlynningar og líknardeildar LSH fyrir auðsýnda hlýju og frábæra umönnun.

**Jón Ingi Young**
**Pétur Jónsson**

---



✝

Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og aðstoð vegna fráfalls móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Guðmundu Þórönnu Pálsdóttur**
frá Dyrhól, Þingeyri.

Starfsfólki Hrafnistu í Hafnarfirði og starfsfólki taugalækningadeildar Landspítalans í Fossvogi þökkum við góða umönnun.

**Páll J. Egilsson** — **Anna Sigurjónsdóttir**
**Halldór J. Egilsson** — **Guðrún S. Bjarnadóttir**
**Stefán Egilsson** — **Hugrún Árnadóttir**
**Þórhildur G. Egilsdóttir** — **Jóhann Helgason**
**Svanhildur Egilsdóttir** — **Jón Sólmundsson**
**barnabörn, barnabarnabarn og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ingibjargar Jóhannsdóttur**

Sérstakar þakkir til dvalarheimilisins Sólvalla fyrir góða umönnun.

**Jóhann E. Þórarinsson** — **Helga Hallgrímsdóttir**
**Kristinn Þórarinsson**
**Ingi Þór Þórarinsson** — **Guðrún Ísfold Johansen**
**Skúli Þórarinsson** — **Norma Einarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Halla Þorbjörnsdóttir**
læknir,
Úthlíð 6, Reykjavík,

lést á öldrunardeild Vífilsstaða þriðjudaginn 21. júní.

Útförin fer fram frá Háteigskirkju þann 28. júní kl. 13.00.

**Karl Einarsson** — **Kristín Bragadóttir**
**Páll Einarsson** — **Linda Björk Jónsdóttir**
**Andrea Ösp Karlsdóttir**
**Berglind Ýr Karlsdóttir** — **Eiríkur Heiðar Nilsson**
**Birkir Örn Karlsson**
**Diljá Halla Pálsdóttir**
**Alexander Orri Eiríksson**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Kristjánsson**
húsasmíðameistari, Sléttuvegi 19,
áður Teigagerði 6, Reykjavík,

lést 21. júní. Útförin fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 1. júlí kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Guðrún Eiríksdóttir**
**Þórunn Sigurðardóttir** — **Thor Klippen**
**Birgir Sigurðsson** — **Sigrún Jóhannesdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**1** Jarðaldin hægindisins fær ónóga hreyfingu (13)
**11** Búa glöð við sukkið (8)
**12** Kvaldist þessi fararstjóri eða sá sem kjaftaði frá? (13)
**13** Kemur bíll af hafi og setur mörk (8)
**14** Ágjöfin ætlar í vestur (13)
**15** Frá? Nei, húsdýraáburður! Honum hef ég aldrei hafnað (8)
**16** Tæki toppanna og iðnaðarmannanna sem kunna á þau (12)
**18** Leita vafa fyrir leynd en hefðbundin höfuðföt kvenna (10)
**22** Nota skrauthvörf um fagra en þyrnótta sveiga (10)
**25** Komast yfir misjöfn en þó einsleit (11)
**27** Mælieining mælikvarða lengdar (8)
**31** Býð eina sem ekki fær orlof fyrir aðra sem er bönnuð (11)
**32** Kæta sprellfjöruga átu (10)
**33** Gera hannyrðafrúr og mótorhjólagellur svona? (11)
**34** Tel krimma selja falsað háskólaforrit (10)
**35** Vísa til alls almennings fremur en fyrirfólks (11)
**41** Folafall boðar búsifjar (11)
**43** Raup í rugluðum gaur (4)
**44** Hvað er einn messufantur milli mála? (7)
**45** Flotber vaxa helst í höfuðleðrinu (11)
**46** Framtíð um hríð í kvöld (10)

**LÓÐRÉTT**

**1** Til í að láta hluta Breiðholts fyrir rétt verð (11)
**2** Rægja bæði ró og sjó á kyrrasta staðnum (11)
**3** Dramatískur boxhlutur trekkir (11)
**4** Dembur miðbaugsmarka (9)
**5** Leita lims legubekksins (9)
**6** Hef spurt eftir aðstoð og veitt hana (8)
**7** Legg þá að jöfnu, rugluðu rónana og smástrákana (6)
**8** Karlar í stórhópum og allir til í slaginn (8)
**9** Að sjá og skilja er sitthvað (8)
**10** Yfirnáttúrulegt æðasvæði (8)
**17** Sveigjum væng með æfingum (10)
**19** Viltu að ég fífli óþekkta konu og hurðin bara hrákasmíð? (7)
**20** Byrgjum biðu með viðeigandi hlemmum (9)
**21** Leita ljósbera brúnaljósa sem huggar? (10)
**23** Gömul sögn af syni Þorgeirs (5,4)
**24** Sultuslakt nafnháttarmerki losnaði af hælinu (9)
**26** Tel ákveðna blöndu eina rétta svarið (8)
**28** Fæði og mannafli hers eru eitt (10)
**29** Sléttbakar koma að norðan (10)
**30** Björk og girðingin veita ungviði skjól (9)
**36** Hann sólar er sonur og herra/og síst þykir Egyptum verra/að einn hefur karl/ort um hans jarl/á uppáhaldsbragformi perra (5)
**37** Fólkið er álútt eftir að gjöld fóru úr böndunum (5)
**38** Álfan er súr en líka sæt (5)
**39** Þetta pastarugl hermist upp á mig (5)
**40** Þessi fræði voru bara tekin og lærð, punktur (5)
**42** Lugu um ringlaðan ránfugl (4)





Lausnarorð síðustu viku var

**UTANVEGAAKSTUR**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Iréne eftir Pierre Lemaitre** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Jóhanna H. Friðbjörnsdóttir, Akureyri**




**LAUSNARORÐ**

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt birtist ein birtingarmynd afraksturs þrotlausrar baráttu fyrri kynslóða víða um heim, sem of fáir Jarðarbúar fá þó að upplifa enn í dag (13) Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 30. júní næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „25. júní".

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.




# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### EM í Búdapest

Evrópumótið í bridge fer fram þessa dagana í Búdapest í Ungverjalandi. Þar keppa 37 sveitir í opnum flokki um titilinn Evrópumeistari. Ísland sendi 3 pör til keppni í opnum flokki, Aðalstein Jörgensen-Birki Jónsson, Svein Rúnar Eiríksson-Þröst Ingimarsson og Magnús Magnússon-Þorlák Jónsson. Þegar þessi orð eru skrifuð eru búnar 26 umferðir og er Frakkland efst með 357,66 stig og Ísland í 16. sæti með 283,61 stig. Frakkar eru búnir að verma efsta sætið nánast allan tímann og eru með rúmlega 8 stig á næstu þjóð (Svía) og verða að teljast líklegir Evrópumeistarar. Sex efstu þjóðirnar vinna sér rétt til keppni um Bermúdaskálina á HM og er England í 6. sæti með 318,69 stig. Spil dagsins er frá viðureign Íslands gegn Póllandi. Í lokuðum sal voru Íslendingar doblaðir 800 niður í tveggja spaða samningi. Í opnum sal passaði Pólverjinn á austurhöndina í upphafi og Birkir Jónsson opnaði á einum tígli (11-15 punktar) á hönd suðurs. Vestur kom inn á 3♠ og Aðalsteinn Jörgensen þurfti að velja sögn á norðurhöndina. Enginn á hættu og austur gjafari:

**Norður**
♠ ÁDG
♥ AKD1098
♦ 6
♣ D32

**Vestur**
♠ 10976432
♥ G5
♦ 9
♣ 964

**Austur**
♠ 5
♥ 763
♦ KG853
♣ K1085

**Suður**
♠ K8
♥ 42
♦ ÁD10742
♣ ÁG7

Aðalsteinn ákvað að flækja ekki málin og skaut á sögnina 6♥. Þau voru auðunnin og reyndar vann Aðalsteinn þá sögn með yfirslag. Austur spilaði út spaðafimmu í upphafi og Aðalsteinn beitti austur þvingun í láglitunum til að fá alla slagina (ath.). Ísland fékk því 1010 fyrir spilið og græddi 210 stig eða 5 impa. Ísland vann stóran sigur á sterkri sveit Pólverja 18,77-1,23 í leiknum.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Below átti leik gegn Ossatschuk í Sovétríkjunum árið 1965.

**1. Df8+! Kxf8 2. Bh6+ Kg8. 3. He8#.**

Val á Ólympíuliði Íslands var tilkynnt gær. EM öldungasveita hefst á morgun í Dresden. Jóhann, Helgi, Margeir, Jón L. og Friðrik tefla fyrir Íslands hönd.
**www.skak.is:** Ólympíulið Íslands.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 8 | | 2 | 4 | 9 | | 7 |
| | | 7 | | | 6 | | 3 | |
| | | | | 8 | | | | 6 |
| | 2 | 3 | 5 | | | | | |
| | 5 | | 6 | | | 8 | | |
| | | | | | 2 | 3 | 9 | |
| 5 | 7 | | | 3 | 1 | 4 | 6 | |
| | | | | 4 | 7 | | 1 | |
| 1 | 9 | | | | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | 9 | 3 | | | 2 | 5 |
| | | 3 | | 6 | | | | |
| | 9 | | 7 | | 1 | | | |
| | | | 1 | | 3 | 9 | 5 | |
| | | 6 | | 9 | 4 | 3 | | 2 |
| 7 | | | | | | 8 | | |
| | | 1 | 3 | 5 | | | | 9 |
| | | | | | | 5 | | 8 |
| | | 2 | | | | 4 | 1 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | | 3 | | | 4 | 2 |
| | | 5 | 1 | | 4 | | | 6 |
| | | | 8 | 9 | | | 5 | |
| | | | | | | 4 | 3 | |
| | 5 | | | | 7 | | | |
| 2 | | | 9 | | | | | |
| 3 | | | 5 | | | 7 | 1 | |
| | | 6 | | 2 | | | | |
| | | | 3 | | 8 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 9 | 4 |
| 3 | 8 | 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 7 | 2 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 3 |
| 5 | 1 | 3 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 | 7 |
| 6 | 4 | 8 | 5 | 7 | 9 | 2 | 3 | 1 |
| 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 | 4 | 5 | 6 |
| 2 | 6 | 5 | 8 | 3 | 7 | 1 | 4 | 9 |
| 7 | 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 2 | 1 | 7 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 | 6 | 9 |
| 1 | 3 | 7 | 9 | 6 | 2 | 5 | 4 | 8 |
| 6 | 8 | 9 | 1 | 4 | 5 | 7 | 2 | 3 |
| 3 | 9 | 6 | 4 | 2 | 7 | 8 | 1 | 5 |
| 7 | 1 | 8 | 5 | 3 | 6 | 2 | 9 | 4 |
| 4 | 5 | 2 | 8 | 9 | 1 | 3 | 7 | 6 |
| 8 | 2 | 3 | 6 | 1 | 4 | 9 | 5 | 7 |
| 9 | 6 | 1 | 7 | 5 | 3 | 4 | 8 | 2 |
| 5 | 7 | 4 | 2 | 8 | 9 | 6 | 3 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 4 | 9 | 5 | 7 | 1 | 8 | 6 |
| 1 | 5 | 9 | 8 | 6 | 3 | 2 | 7 | 4 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 | 5 | 3 | 9 |
| 7 | 4 | 6 | 2 | 8 | 9 | 3 | 5 | 1 |
| 5 | 9 | 2 | 6 | 3 | 1 | 7 | 4 | 8 |
| 8 | 1 | 3 | 4 | 7 | 5 | 6 | 9 | 2 |
| 4 | 6 | 5 | 3 | 9 | 2 | 8 | 1 | 7 |
| 9 | 8 | 7 | 5 | 1 | 6 | 4 | 2 | 3 |
| 2 | 3 | 1 | 7 | 4 | 8 | 9 | 6 | 5 |


ilmurinn er indæll
og bragðið eftir því
Katla
vöfflur
Katla
500 g
vöfflur
ÞURREFNABLANDA
Létta uppskriftin
www.katla.is

## Konráð og félagar á ferð og flugi 205

Bragi Halldórsson

Konráð og Lísaloppa horfðu forviða á þessa þraut. „Hvað getur þetta nú eiginlega átt að vera?“ spurði Konráð. „Við verðum að lesa leiðbeiningarnar,“ sagði Lísaloppa. Hún las upphátt fyrir þau bæði. „Hér stendur,“ sagði hún: „ úr þessu stafarugli má lesa tvö orð sem oft standa á litlum hurðaskiltum.“ Konráð glennti upp augun og leit á Lísuloppu. „Á hurðaskiltum?“ sagði hann undrandi. „Hvað er nú það sem oft er skrifað á hurðir?“ Hann gat ekki munað eftir neinu nema myndum á klósettskiltum.

Getur þú leyst þessa gátu? Manstu eftir einhverjum tveim orðum sem oft standa á hurðaskiltum?

AÝƏTOAT



SVAR: Ef lesin er annar hver stafur frá vinstri og hins vegar aftur á bak, frá hægri, sérðu þessi tvö orð.

## Brandarar

**Gústi:** Með hvaða liði heldur þú í fótboltanum?
**Siggi:** Breiðabliki.
**Gústi:** Breiðabliki? Af hverju ertu þá með FRAMtennur?

**Gulli:** Af hverju stendur þú hér og grettir þig framan í gullfiskabúrið, Elva?
**Brjánn:** Sko, gullfiskurinn byrjaði.

**Hvað sagði broddgölturinn við kaktusinn?**
Pabbi, ert þetta þú?

Fjölskyldan er að setjast við matarborðið og pabbinn spyr son sinn: Þvoðir þú þér ekki um hendurnar áður en þú komst?
**Sonurinn:** Uuu. Fáum við ekki hnífa og gaffla?

**Inga:** Hefur Jonni mikið sjálfsálit?
**Rúna:** Hann Jonni? Hann hefur svo mikið álit á sjálfum sér að ef hann sér eitthvað í blöðunum sem hann skilur ekki er hann sannfærður um að það sé prentvilla.





HELGARFJÖR FYRIR **FLOTTASTA FÓLKIÐ**

Afinn sem allir elska og fjörugu vinkonurnar Skoppa og Skrítla skemmta börnum og foreldrum á laugardags- og sunnudagsmorgnum á **Stöð 2**.

365.is | Sími 1817 365




Gauti, Helga og Hekla skelltu sér glaðbeitt í þriggja manna far fyrir myndatökuna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Læra að vera við stjórn

**Gauti, Hekla** og **Helga** eru orðnir þó nokkrir sægarpar þó þau séu bara á þriðja degi siglinganámskeiðs. Þau hafa líka öll reynslu af bátum.

Í Nauthólsvíkinni eru marglitir kajakar að tínast að bryggju í sólskininu. Meðal þeirra sem þar eru að sigla eru Gauti Einarsson átta ára og vinkonurnar Hekla Margrét Halldórsdóttir og Helga Sigurðardóttir tíu ára. „Við erum búin að vera úti á sjó í tvo tíma og sigla lengst inn í voginn,“ segir Hekla. Öll eru þau á vikulöngu siglinganámskeiði hjá Siglunesi í fyrsta skipti og þetta er dagur þrjú.

„Mamma bara skráði mig á námskeiðið og ég var ekkert hress með það fyrst, hélt það yrðu bara allir saman á báti og enginn væri að læra neitt. En núna finnst mér gaman,“ segir Gauti.

„Mömmur okkar Heklu vildu að við færum saman að velja eitthvert námskeið og við ákváðum þetta,“ lýsir Helga.

„Ég hef oft farið á sjó áður,“ segir Hekla. „Frændi minn er á bát og ég fer mjög oft með honum. Hann veiðir stundum og stundum er hann bara að leika sér að sigla.“

Helga er líka vön. „Það er árabátur við sumarbústaðinn okkar sem ég fer oft á, hann er við Álftavatn í Grímsnesi.“

„Og ég fer á hverju ári út í eyju að tína æðardún í Trékyllisvík í Árneshreppi,“ segir Gauti og bætir við sögu. „Ég kom með þrjá æðarunga heim í Árnes og einn þeirra dó því hann var með gat á maganum. Mamma mömmu minnar á heima í Árnesi og þar er sveitin mín.“

En hvað skyldi krökkunum þykja erfiðast við að sigla? „Að hafa stjórn á bátnum,“ svarar Hekla. „Já, það er dálítið erfitt að beygja á sumum bátum,“ tekur Helga undir. „Það á að minnsta kosti við um árabáta,“ segir Gauti. „Mér finnst frekar létt að beygja á kajak. Maður rekur bara árina niður í vatnið og þá beygir hann.“

## Lestrarhestur vikunnar: Emilíana Eik

**Í hvaða skóla ertu, Emilíana Eik?** Ég er í sjötta bekk í Húsaskóla í Grafarvogi.

**Hver er uppáhaldsbókin þín?** Hún er Mín eigin goðsaga eftir Ævar Þór Benediktsson. Það sem gerir hana svo skemmtilega í mínum augum er að hún virkar svolítið eins og tölvuleikur. Það er hægt að fletta fram og til baka í sögunni.

**Ef þú ætlaðir að skrifa bók, um hvað yrði hún?** Ef ég mundi sjálf skrifa bók yrði það örugglega ævintýri.

**Hverslags bækur þykir þér skemmtilegastar?** Ég er hrifin af bókum sem eru ævintýralegar. Það sem mér finnst skemmtilegast við bækur er að þær gefa mér tækifæri á að upplifa hluti.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Svona nokkuð oft.

**Hver eru helstu áhugamálin?** Það er listdans á skautum. Ég hef æft hann í fjögur ár.




Emilíana Eik Sigursteinsdóttir var alsæl með bókina sína.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs á meðal barna. Fyrir hverja lesna bók skrá lesendur nafn sitt og titil bókarinnar á þar til gerða miða og setja í pott sem dregið er úr vikulega. Lestrarhestur vikunnar hlýtur bók að launum.

UEFA EURO2016 FRANCE

# ÁFRAM ICELAND

*Iceland er stoltur styrktaraðili*
*Íslenska landsliðsins*




Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Í dag viðrar vel til kosninga og almennrar útiveru, en það stefnir í hægan suðlægan vind um allt land og skýjað veður, en að mestu þurrt. Hiti 10 til 20 stig, hlýjast austanlands.

### Heimurinn

| Kaupmannah. | Oslo | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 23° | 23° | 27° | 21° | 20° | 11° | 5° |
| **London** | **Amsterdam** | **Paris** | **Berlin** | **Madrid** | **Brussel** | **Róm** |
| 19° | 20° | 19° | 33° | 31° | 20° | 35° |
| **Boston** | **New York** | **Orlando** | **Moskva** | **Singapúr** | **Tókýó** | **Sydney** |
| 19° | 20° | 27° | 27° | 27° | 23° | 8° |

## Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **09:36** | **03:32** |
| 3,34m | 0,44m |
| **21.57** | **15.39** |
| 3,59m | 0,55m |
| **Akureyri** | |
| **01.21** | **07.43** |
| 1,42m | 0,27m |
| **14.07** | **19.57** |
| 1,33m | 0,45m |
| **Ísafjörður** | |
| **11.23** | **05.36** |
| 1,73m | 0,24m |
| **23.46** | **17.37** |
| 1,95m | 0,36m |

### Tunglstaða

Vaxandi

83%

Sólarupprás:

02.57

Sólarlag:

00.02

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 9° →6 | 9° ↘1 | 11° ↘6 | 7° ↓8 | 10° ↓9 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° ↖4 | 8° →4 | 8° ↙6 | 3° ↓11 | 4° ↓8 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° ↙1 | 10° ↘4 | 9° ↘7 | 5° ↘6 | 6° ↘9 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↖5 | 9° ↓4 | 9° ↘6 | 8° ↗4 | 7° ↓10 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ←2 | 12° ↗2 | 13° ←6 | 10° ←5 | 13° ↓14 |







## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# 100% ánægja ...eða við endurgreiðum þér grillið!

## Ef þú kaupir OUTDOORCHEF grill hjá okkur færðu 30 daga reynslutíma með skilarétti

**Við erum svo viss um að viðskiptavinir okkar verði ánægðir með nýja OUTDOORCHEF grillið sitt að við gefum þeim 30 daga til að prófa grillið. Ef viðskiptavinir okkar eru ekki ánægðir með grillið geta þeir skilað því og fengið það endurgreitt! - að auki gefum við 20% afslátt af öllu frá OUTDOORCHEF í dag, laugardaginn 25. júní.**

ATHUGIÐ: Aðeins eitt grill á viðskiptavin. Grillið á að verða þrifið og í heilu lagi. Bæklingar sem fylgdu grillinu eiga að vera með. Ekki er gerð krafa um að grillið sé í upprunarlegum umbúðum, og það mega vera merki um eðlilega notkun. Tilboðið gildir um öll grill frá OUTDOORCHEF sem keypt eru frá og með laugardeginum 25. júní til og með föstudeginum 1. júlí 2016. 30 daga skiláréttur frá kaupdegi.




**20%** **afsláttur af öllum grillum og fylgihlutum frá OUTDOORCHEF aðeins í dag laugardaginn 25. júní!**

20% afsláttur af öllu frá OUTDOORCHEF gildir eingöngu í dag laugardaginn 25. júní og á meðan birgðir endast.
30 daga reynslutímabil á grilli, gildir frá kaupdegi, á tímabilinu 25. júní til og með 1. júlí 2016.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




1.298 kr. kg

**Bónus Súkkulaðiterta**
1 kg




336kr Verðlækkun

1.459 kr. kg

**OS Samlokuostur**
Í sneiðum - Verð áður 1795 kr.

# OPNUM KL. 10:00

NÝBAKAÐ!



259 kr. 2 stk.

**Bónus Kleinuhringir**
2 stk. í boxi, 2 teg.




179 kr. 385 g

**Heimilisbrauð**
385 g




259 kr. 6 stk.

**Bónus Kleinuhringir**
6 stk.




109 kr. 5 stk.

**Bónus Flatkökur**
170 g, 5 stk.

Facebook EM LEIKUR BÓNUS
**Drögum út 10 matarkörfur - hver að verðmæti 16.000 kr.**




398 kr. 340 g

**Sollu Hnetusmjör**
Fínt eða gróft, 340 g




98 kr. 1 l

**Trönuberjasafi**
1 lítri




198 kr. 1 l

**Floridana Heilsusafi**
1 lítri




298 kr. 200 g

**Sóma Salat**
2 tegundir, 200 g

VALITOR

Verð gilda til og með 26. júní eða meðan birgðir endast




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00



„Við vorum svo heppnar að skólinn var tilbúinn að lána okkur kjóla, svo keyptum við efni til að breyta þeim og ég litaði hvíta blúndu upp úr kaffi til að gera hana kremaða,“ lýsir Hera.



Upprunalega málverkið var málað 1779 og þótti mjög sérstakt af því að þeldökk stúlka sat fyrir á því.



Hera hefur leikið í stuttmyndum og leikhúsum í London og líka gripið í barnapössun en mesta áherslan er á eigin leikverk. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Lætur málverk lifna við í London

**Eftir fjögurra ára nám í leiklist og leikstjórn lætur Hera Fjord verkin tala. Hún stendur að leiksýningu í stærsta garði Lundúna á morgun sem unnin er út frá málverki frá 18. öld. Sýningin er liður í listahátíð.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Sýningin er í raun leikhúsverk þar sem blandað er saman listformum, myndlist, leiklist og tónlist. Ég veit ekki til þess að þannig hafi verið unnið áður. Málverk sem hún er spunnin út frá er þekkt fyrir það að þeldökk stúlka, Dido Belle, situr fyrir á því sem jafningi hvítrar frænku sinnar. Það þótti afar sérstakt árið 1779, þegar það var málað.“

Þannig lýsir Hera Fjord, leikkona og leikstjóri, verkinu Dido Belle sem hún og Sonya Creme, vinkona hennar, ætla að sýna á listahátíð í London á morgun, 26. júní. „Við sýnum á klukkutíma fresti frá klukkan 12 til 17 í Hampstead Heath sem er stærsti garður borgarinnar. Þar var málverkið málað og því má líta á garðinn sem heimavöll þessa verks.“

Hún segir þær Sonyu hafa skrifað handritið en fengið aðrar leikkonur til að leika. „Við hugsum verkið út frá aðstæðunum sem stúlkurnar á málverkinu eru í rétt áður en málverkið er málað.“

Hera er úr Hafnarfirði og Fljótshlíð og útskrifaðist úr leiklistar- og leikstjórnarnámi frá Kogan Academy of Dramatic Arts í London fyrir ári. Hún hefur starfað úti síðan bæði fyrir aðra og eigið leikhúsfyrirtæki, This&That Productions.

Næsta verkefni hennar er að taka upp leikna heimildarmynd um heimilislausa stúlku á götum Lundúna sem hún fylgir gegnum daginn. „Það eru rosalega margir heimilislausir í London enda er leiga hér mjög há,“ segir hún. En hvernig gengur henni sjálfri að komast af?

